


## Uppgjör Þorgerðar Katrínar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, gerir upp gamla tíma í Sjálfstæðisflokknum, ræðir nýja tíma með Viðreisn og #metoo-byltinguna sem snart hana djúpt. Hún ræðir mótmælin fyrir utan heimili sitt í bankahrununu og áhrifin sem þau höfðu á fjölskylduna. ➔ 26



Var hafnað í fyrstu  
Ísold Uggadóttir  
leikstjóri. ➔ 34



Hermir eftir köttum  
Runólfur Oddsson á  
kostulegan gauk. ➔ 64



Í nýju hlutverki  
Logi Pedro um  
föðurhlutverkið. ➔ 32

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA


\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR





## Veður



Hæglætisveður á landinu í dag. Dálítill el með ströndum, en bjartara inn til landsins. Vægt frost.

**SJÁ SIÐU 52**



Sif Konráðsdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður umhverfissráðherra.

## Sif vikið frá störfum

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfissráðherra vék í gær Sif Konráðsdóttur, aðstoðarmanni sínum, frá störfum. Ákvörðunin kemur í kjölfar umfjöllunar um mál Sifjar. Annars vegar um að bótagreiðslur til brotþola í kynferðisbrotamálum hverra Sif var réttargæslumaður hafi dregist lengi og hins vegar um að ráðherra hafi til meðferðar mál um friðun jarðar í eigu Sifjar. Sagði Sif við Fréttablaðið í gær að hún teldi ráðherra ekki vanhæfan til að taka ákvörðun um friðlýsingu svæðisins.

Í yfirlýsingu sem Sif sendi frá sér í gær segir að þegar hún lét af lögmannsstörfum haustið 2007 hafi hún flutt til útlanda af persónulegum ástæðum. Hún hóf þá störf hjá alþjóðastofnun og lagði tímabundið inn lögmannsréttindi sín. Þá var mörgum málum ólokið, þar á meðal uppgjöri við þrjá skjólstaðinga hennar sem voru brotþolar í tveimur kynferðisbrotamálum.

„Uppgjör við þá dróst úr hömlu af ástæðum sem ég ber ábyrgð á. Mér þykir afar leitt að hafa valdið þessum skjólstaðingum mínum óþarfa óþægindum og hugarangri umfram það sem þeir höfðu þegar mátt þola og bið þá innilega afsökunar á því,“ segir í yfirlýsingunni en Sif tók einnig fram að fjármunirnir hefðu alla tíð verið til staðar hér á landi og að allir hefðu fengið greitt að fullu í janúar 2008. – þea

## Nýtt ár á Hlemmi



Báhn mi og Hlemmur mathöll héldu í gær vietnamska nýárið hátíðlegt og var gleðin allsráðandi á meðal hátíðargesta. Þessir hressu krakkar fengu að slá köttinn úr tunnunni. Ef till vill á þó betur við að tala um að slá hundinn úr tunnunni enda er ár hundsins runnið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Varðhald lengt yfir starfsmanni Barnaverndar

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur Reykjaness framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir manni, sem grunaður er um alvarleg kynferðisbrot gegn börnum um fjórar vikur á grundvelli almannahagsmuna.

Maðurinn, sem starfaði fyrir Barnavernd Reykjavíkur, hefur verið í haldi lögreglu frá 19. janúar. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu miðar rannsókn málsins vel, en alls hafa níu kærur verið lagðar fram á hendur manningnum.

Málið hefur verið fyrirferðarmikið í umræðunni, vegna umfangs og vegna þess hve langur tími leið þar til lögreglan hóf rannsókn eftir að fyrsta kærnan barst. Í framhaldinu var farið í innri skoðun innan lögreglunnar þar sem niðurstaðan var að lögreglan hefði gert mistök við rannsókn málsins. – sks

# Betra hundalíf Jónasar eftir vítaverða meðferð

Fyrir rúmlega hálfu ári var hundur tekinn af eiganda sínum vegna vanrækslu og komið í föstur hjá Dýrahjálpi Íslands. Honum var hætta búin vegna ofþyngdar en er öllu léttari í dag. Stundar vatnsleikfimi og fer í göngur með fösturpabba.

**DÝRAVERND** Hundurinn Jónas var í fyrrahaust tekinn af eiganda sínum á höfuðborgarsvæðinu og komið í föstur hjá Dýrahjálpi Íslands.

Í tilkynningu frá Matvælastofnun var greint frá ástæðum þessa. Jónas var tjóðraður langtímum saman við staur og fékk ekki þá útivist og hreyfingu sem hann þurfti. Jónas var í mikilli yfirþyngd og stofnunin mat það svo að honum væri mikil hætta búin.

Jónas hefur öðlast nýtt líf eftir að hann komst í umsjá Dýrahjálpar. Hrafnhildur Vala Aðalbjörnsdóttir, umsjónarkona hans, segir frá ástandi hans í byrjun.

„Þegar Jónsi kom til okkar í Dýrahjálpi var hann 62 kíló, hann var eins og lítill skógarbjörn. Matvælastofnun hafði samband við okkur og við tókum hann að okkur. Hann fékk svo yndislegt fösturheimili og fösturpabba í Vesturbænum. Þar nýtur hann góðs atléttis,“ segir Hrafnhildur.

Fösturpabbi hans fer með hann oft út að ganga, þrisvar á dag. Stundum í fjallgöngur. „Hann fer svo á Dýraspítalann í Garðabæ á hlaupabretti. Hlaupabrettið er í lítilli laug, honum finnst æðislegt að fara í vatnsleikfimina og lætur vel í sér heyrna í bilnum á leiðinni. Syngur hreinlega af gleði,“ segir Hrafnhildur.

Jónas er nú orðinn 38 kíló og nálgast kjörþyngd sem er um þrjátíu kíló. „Það er gaman þegar það gengur svona vel. Jónas er kátur og ljúfur. Meira að segja þegar hann var í ofþyngd og átti erfitt með að hreyfa sig þá reyndi hann að stökkva upp á mann og heilsa



Jónas komst í umsjá Dýrahjálpar og liður betur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þegar Jónsi kom til okkar var hann 62 kíló, hann var eins og lítill skógarbjörn.

Hrafnhildur Aðalbjörnsdóttir

manni, en auðvitað með miklum erfiðleikum. Nú er lífið léttara,“ segir Hrafnhildur sem kveður marga hafa liðsinn Jónasi til betri

heilsu. Hann hafi meðal annars fengið gefins heilnæmt föður frá Royal Canin til uppbyggingar.

Jónas sýnir fími sína í dag í vatnsleikfimi á tíu ára afmælishátíð Dýrahjálpar Íslands sem haldin verður með kynningar- og fjáröflunarviðburði í Kirkjulundi 17 á milli 12.00 og 16.00. Þar geta gestir og gangandi styrkt starf samtakanna, tekið þátt í happdrætti, kökubasar og mætt með hunda sína í klóaklippingu svo fátt eitt sé nefnt.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Jóhann Ólafsson & Co

## Rafvirkjar LED skápalampar



Jóhann Ólafsson & Co.  
Krókháls 3, 110 Reykjavík  
533 1900  
olafsson.is

**LEDVANCE** OSRAM



# KONU DAGUR

## í Blómavali

Konudagurinn er á sunnudag  
Glæsilegir kaupaukar fylgja öllum vöndum  
meðan birgðir endast



Konudagsvöndurinn  
**4.990kr**



Kaupaukar:

2 fyrir 1 í bíó  
The Shape of Water

BRUGGHÚSIÐ  
afsláttarmiði

Apotekið  
afsláttarmiði

Crabtree & Evelyn  
Handáburður að  
verðmæti 1.049 kr  
fylgir öllum  
konudagsvöndum



Rósir og  
blómvendur  
í miklu úrvali



Begónía  
12 cm pottur

**1.390kr**

~~1.990kr~~  
11400027



Friðarlilja  
12 cm pottur

**1.099kr**

~~1.579kr~~  
11400082



Yucca  
11 cm pottur

**990kr**

~~1.490kr~~  
11261451



Sómakólfur  
11 cm pottur

**2.390kr**

~~3.490kr~~  
11328264



Orkidea

**1.790kr**

~~2.690kr~~  
11325000



Yucca  
19 cm pottur

**2.990kr**


~~4.490kr~~  
11261449



TÖLUR VIKUNNAR 11.02.2018 TIL 17.02.2018

**900 milljónir**

tæpar setur Strætó bs. í 14 rafmagnsvagna. Vagnarnir niu sem þegar hafa verið keyptir kostuðu um 66 milljónir króna stykkið. Kaupverð fimm nýrra vagna er 56 til 58 milljónir stykkið.



**800 manns** leita á hverjum degi um þessar mundir til vakt-lækna og hjúkrunarfræðinga heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

**17.599 launagreiðendur**


voru að jafnaði á Íslandi 2017 og hafði þeim fjölgað um 658 (3,9%) frá árinu 2016. Launþegum fjölga milli ára í byggingariðnaði og ferðaþjónustu. Launþegum fækka í sjávarútvegi.

**2,2 milljónir**

króna rúmar er meðal-kostnaður Alþingis af leigu á bílaleigubíl fyrir þingmann sem ekur 40 þúsund kílómetra á ári.



islensk leikin kvikmynd í fullri lengd hefur verið frumsýnd hér á landi frá 1949 til ársloka 2017. Karlar hafa leikstýrt niu af hverjum tíu myndanna.



25% þeirra rúmlega 100 fálka sem almenn-ingur hefur komið í hendur Náttúrufræðistofnunar síðustu 10 til 15 ár hafa verið með högl í sér eftir byssumenn.

**Þrjú í fréttum Sífreri, mistök og kostnaður****Þorsteinn Sæmundsson**

jarðfræðingur

greindi frá því að frosin setlög sem fundist hefðu í skriðum undanfarið renndu styrkum stöðum undir það að sífreri í fjöllum væri að hrörna. Brýnt væri að ráðast í frekari rannsóknir til verndar byggðum og vegum. Hann gat þess að hættan gæti verið miklu meiri en hingað til hefði verið haldið.

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir**

lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

sagði mistökkin í máli meintra kynferðisbrota starfsmanns barnaverndaryfirvalda ekki hafa verið hve seint rannsókn á málinu hófst heldur að Barnavernd Reykjavíkur hefði ekki verið gert viðvart. Samkvæmt úttekt var aðkoma stjórnenda rannsóknardeildar kynferðisbrotadeildar ómarkviss og ábyrgð þeirra óljós. Eðlilegt aðhald við rannsóknina hafi verið óviðunandi.

**Björn Leví Gunnarsson**

þingmaður Pírata

sagði að lögum samkvæmt ætti að endurgreiða kostnað þingmanna sem væru að sinna starfi sínu. Í reglum forsætisnefndar væru fundir sem þeir væru boðaðir á sérstaklega tilgreindir en ekki þar sem þingmenn dyttu í kaffi. Eðlilegt væri að opinberað yrði á hvaða fundi þingmenn væru boðaðir.

**Tæplega þúsund skjálftar á dag**


Um fimmtíu manns hafa vetursetu í Grímsey þennan veturinn sem hefur einkennst af mörgum skjálftahrinum frá því síðasta haust. Áttæður eyjarskeggi hefur hins vegar ekki fundið einn einasta skjálfta á árinu. Náttúruværsérfræðingur segir engar vísbendingar um kvikusöfnun og því geti eyjarskeggjar andað rólega.

**GRÍMSEY** Sigprúður Ármansdóttir, náttúruværsérfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir í samtali við Fréttablaðið að síðustu daga hafi tæplega þúsund skjálftar ridið yfir á hverjum sólarhring. Hrinan hafi byrjað um miðja viku en eigi sér aðdraganda þar sem stórir skjálftar hafi fundist í janúar og síðastliðið haust. „Þessi hrina núna er að sýna okkur mjög marga skjálfta á svæðinu. Hins vegar eru mælingar ekki að gefa neinar vísbendingar um kvikusöfnun á svæðinu svo við getum alveg verið róleg hvað það varðar. Að minnsta kosti eins og staðan er núna,“ segir Sigprúður.

Hrinan sem nú gengur yfir er sú sterkasta síðan árið 2013 þegar skjálfti 5,5 að stærð reid yfir örlítið austar en þar sem hrinan er nú. Rúmlega 10 skjálftar yfir þremur stigum að stærð hafa mælst og þann 15. febrúar kl. 19.37 mældist skjálfti af stærð 4,1. Sumir þessara skjálfta hafa fundist í Grímsey.

Í tilkynningu frá Veðurstofunni segir að örlítið hafi dregið úr hrinunni en þó geti hún tekið sig upp aftur. „Benda verður á að á þessu svæði og raunar öllu Tjörnesbrotabeltinu geta orðið mun stærri skjálftar og því verður alltaf að hafa í huga að í kjölfarið á hrinum sem þessum geta orðið talsvert stærri skjálftar.“

Jóhannes Henningsson, formaður hverfisráðs Grímseyjar, segist finna endalaust fyrir skjálftum og þá sér í lagi á fimmtudagskvöldið þegar stóri skjálftinn reid yfir. Hann var kominn á sjó þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þetta er endalaust og þessir stærri skjálftar eftir áramót hafa fundist vel í eyinni,“ segir Jóhannes. „Það er mörgum

**Skjálftar yfir þremur frá því á miðvikudag****11 jarðskjálftar****Grímsey**

Jarðskjálftar yfir þremur að stærð við Grímsey frá því á hádegis miðvikudaginn 14. febrúar

meinilla við þessa skjálfta og sér í lagi þegar þeir koma í svona hrinum eins og núna. Hún er einnig óvanalega löng. Einnig hafa verið skjálftar fyrir áramót þannig að þetta hefur staðið yfir nokkuð lengi. Stundum eru þeir staðsettir beint undir eyinni og finnast mjög vel.“

Jóhannes hefur rætt við lögreglu og Almannavarnir vegna skjálftanna þannig að talsamband á sér stað milli eyjarskeggja og Almannavarna ef aðstæður breytast til hins verra. „Þeir segja okkur bara að vera róleg og að engin eldsumbrot séu í kortunum. Við erum nú orðin von að það hristist hjá okkur og grenjum það ekki. Þó

fólki sé meinilla við þetta þá er það bara orðið alvant skjálftum.“

Hann lýsir því að hafa heyrt í stóra skjálftanum sem hafi komið með hveli og varað í nokkuð langan tíma. „Það nötraði allt heima.“

Hulda Reykjalin Víkingsdóttir er áttatíu ára gömul, fædd og uppalin í Grímsey og hefur hvergi annars staðar búið á ævinni. Hún segist ekki hafa fundið fyrir einum einasta skjálfta í þessari hrinu. Síðast fann hún fyrir skjálfta í haust. „Kannski er húsið mitt bara á svona góðum stað. Þessi sem ég fann í haust var rúmlega fjórir að stærð og það var nú bara eins og hurð væri að lokast. Ég finn ekkert

fyrir þessu. Einnig erum við von því herna að eitthvað glamri í húsunum.“

Hulda segist muna vel eftir stóra jarðskjálftanum sem kenndur er við Kópasker sem reid yfir árið 1976. „Einnig man ég eftir einum í Skagafirðinum. Það voru miklu meiri læti. Þá kom svona bylur á undan og það hristist miklu meira. Hvort það komi núna veit ég ekkert um og verður bara að koma í ljós.“

Sigprúður segist aldrei hafa tekið við símtali úr Grímsey þess efnis að íbúar hafi fundið fyrir skjálftum, sem bendi til þess að þeir séu öllu vanir og kippi sér lítið upp við smáskjálfta. sveinn@frettabladid.is

## SÉRTILBOÐ Á FIAT 500

**400.000 KR. AFSLÁTTUR  
INNIFALIÐ  
VETRAR- OG SUMARDEKK  
ÞJÓNUSTUSKOÐUN\* Í 2 ÁR**

**FIAT 500 POP  
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR.  
VERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.**

STADALBÚNAÐUR:  
Loftkæling, snertiskjár, 15" álfelgur, bluetooth,  
aksturstölva, bakskynjarar ofl.

\*Móðstærð bílmarkaðsáætlun 15.000 km. á ári. Talsmáttáætlun byggð á bíl tilboði. Bill á mynd af Lounge úttæru.





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# ÆVINTÝRA JEPPASÝNING

Í KAUPTÚNI Í DAG KL. 12–16

## HILUX INVINCIBLE

Aukahlutapakki að  
verðmæti 780.000 kr.  
með 33" breytingu fylgir

## LAND CRUISER 150

Tveggja ára þjónustupakki  
og 33" breyting fylgja

## RAV4

Lúxuspakki að verðmæti  
460.000 kr. fylgir\*



### KOMDU OG KYNNTU ÞÉR ÓTRÚLEGT ÚRVAL ÆVINTÝRAJEPPA.

**Hilux Invincible** er ósigrandi harðjagl og honum fylgir aukahlutapakki að verðmæti 780.000 kr. og 33" breyting. **Land Cruiser 150** er klassískur kraftajötunn með tveggja ára þjónustupakka og 33" breytingu. **RAV4** er svipmikill dugnaðarforkur og honum fylgir veglegur lúxuspakki að verðmæti 460.000 kr.\* Þá eru allir Hybrid bílar á frábærum kjörum.

Til viðbótar sýnum við fjórhjól, sexhjól, Buggy-bíla og Brenderup-kerrur í samstarfi við Ellingsen ásamt fleiri græjum til fjallaferða, en Ferðafélag Íslands kynnir fjölbreytt og skemmtilegt starf sitt á sýningunni. Tilboð í verslun á bónvörum, jeppadekkjum og ýmsum aukahlutum sem gera góðan bíl betri. Sjáumst í Kaupúni.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

### VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

\*Lúxuspakki fylgir ekki með RAV4 Hybrid.



9. maí í 11 nætur

Frá kr.  
254.995  
m/hálfu fæði o.fl.Allt að  
10.000 kr.  
afsláttur á mannTÖFRANDI BORGIR  
MAROKKÓ

Agadir – Marrakech – Essaouira

Fararstjóri: Vilborg Halldórsdóttir

Í þessari ferð gefst farþegum tækifæri til að skyggnast inn í framandi heim Marokkó. Komdu með og upplifðu borgirnar Marrakech, Essaouira og Agadir í Marokkó!

Marrakech er forn konungsborg sem á rætur sínar að rekja til 11. aldar en dvalið er þar fyrstu 5 næturnar. Í dag er borgin fjórða stærsta borg Marokkó eftir Casablanca, Fez og Tanger. Í borginni er mikið um að vera, þá sérstaklega á miðbæjartorginu Djemaa El Fna en þar er einstök stemming. Sagt er að hvergi í Marokkó finnist betur þessi samruni gamla tímans og nútíma en í Marrakech, borgin dáleiði, töfri og kryddi upplifun þess sem sækir hana heim! Frá Marrakech er ekið til sjávarþorpsins Essaouira, þar sem gist er í 3 nætur.



Essaouira er ein af elstu hafnarborgum Marokkó og í borginni er að finna vel varðveitt borgarvirki frá 18. öld sem er á heimsminjaskrá Unesco. Á slóðum Essaouira fóru fram tökur Orson Welles á kvikmyndinni Óþelló og upp úr 1970 fóru hippar að flykkjast í borgina. Í bænum er gaman að rölta um gamla bæjarhlutann en ólíkt Marrakech er auðvelt að rata um borgina. Essaouira er einnig þekkt fyrir áhugaverðar verslanir og hér hefur þróast sérstakur s.k. „naive“ myndstíll sem kallast Gnawa og finna má á markaðnum og í galleríum. Eftir dvölinu í Essaouira er svo ekið til Agadir.

Agadir borgin er við strandlengju Marokkó en Agadir er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Við dveljum síðustu 3 næturnar í Agadir og þegar komið er til borgarinnar heimsækjum við „Kasbah“ sem eru rústir af borgarmúr sem byggður var árið 1540 til varnar Portúgölum. Frá borgarmúrnum er gott útsýni yfir alla borgina. Í Agadir er bæði upplagt njóta alls þess sem borgin hefur upp á að bjóða ásamt því að slaka á í sólinni, fara í arabískt Hammam nudd / gufubað og njóta góða veðursins!

Frá kr. 254.995 m/hálfu fæði o.fl.

Innifalið: Flug og flugvallarskattar til og frá Agadir, innrituð 23 kg taska og 10 kg handfarangur. Gisting á 4\* hótélum í 11 nætur m/ hálfu fæði innifalið. Hádegisverður daga 2, 3, 4, 6 og 8. Akstur og kynnisferðir samkvæmt ferðatilhögun. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.

Heimsferðir  
-fáðu meira út úr fríinu

## Átök í Hebron



Þessum palestínska mótmælenda krossbrá þegar hljóðsprengja ísraelskra hermanna sprakk nærri honum í borginni Hebron á Vesturbakkanum í gær. Herinn stöðvaði í gær mótmæli í borginni þar sem kallað var eftir því að Ísraelar opnuðu Shuhadaa-stræti borgarinnar á ný en það hefur verið lokað Palestínumönnum frá árinu 1994. Einn mótmælandi var handtekinn en honum var sleppt skömmu síðar. NORDICPHOTOS/AFP

Ótti við gegnsæi ríkur  
innan stjórnmálanna

Formaður stýrihóps um eflingu trausts á stjórnmálum og stjórnsýslu segir að kerfið og stjórnmálamenn eigi að líta á greitt aðgengi að upplýsingum sem hjálpartæki, til að sýna fram á að viðkomandi hagi starfi sínu í þágu almennings.

**STJÓRN MÁL** „Það er langáhrifaríkast til lengri tíma litið að aðgangur að upplýsingum sé greiður. Þá stendur fólk frammi fyrir því að þurfa alltaf að geta forsvarað það sem það gerir og það hefur áhrif. Ef menn hefðu til dæmis gert ráð fyrir því að þessar greiðslur yrðu á almannavit-orði þá hefðu þeir kannski hagað innheimtu sinni öðruvísi,“ segir Jón Ólafsson prófessor, formaður Gagnsæis og formaður stýrihóps um eflingu trausts á stjórnmálum og stjórnsýslu.

Alþingi og stjórnsýsla þess hefur verið harðlega gagnrýnd að undanfögnu vegna leyndar sem hvílir yfir ferða-, dvalar- og starfskostnaðargreiðslum til þingmanna.

Aðspurður segir Jón að svo virðist sem menn óttist helst að umræðan verði neikvæð ef upplýsingar liggja fyrir. „Ótti manna við gegnsæið virðist helst á því byggður að fólk muni rangtúlka og mistúlka upplýsingar. Það eru hins vegar miklu meiri líkur á tortryggni þegar fólk veit ekki heldur en þegar það veit,“ segir Jón.



Jón Ólafsson prófessor fer fyrir stýrihópi um eflingu trausts á stjórnmálum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jón bendir á að kerfið og stjórnmálamennirnir ættu mun frekar að líta á greitt aðgengi að upplýsingum sem hjálpartæki og leið til að tryggja og sýna fram á að hann eða hún hagi starfi sínu í þágu almennings. „Eina leiðin sem fólk hefur til að sýna hvað það er að gera er að hafa allt uppi á borði,“ segir Jón.

„Það virðist nánast ríkjandi við-

horf í stjórnsýslunni að það þurfi sérstök rök til að veita upplýsingar. Þessu þarf að snúa við þannig að það þurfi sérstök rök til að veita þær ekki,“ segir Jón og bætir við: „Ef þessi viðhorfsbreyting gæti orðið erum við strax komin í mun eðlilegra umhverfi og með þessu getum við líka dregið úr líkum á að fólk misnoti stöðu sína.“ [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

## Jón Þór vill kalla síðanefndina saman

**STJÓRN MÁL** „Ég mun leggja það til í forsætisnefnd að máli Ásmundar Friðrikssonar verði vísað til síðanefndar Alþingis, segir Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pirata og nefndarmaður í forsætisnefnd Alþingis.

Í síðareglum alþingismanna er

þingmönnum meðal annars uppálagt að sjá til þess að endurgreiðsla fyrir útgjöld þeirra sé í fullkomnu samræmi við reglur sem settar eru um slík mál. Í reglunum er einnig kveðið á um að alþingismenn skuli nýta þá aðstöðu sem þeim er veitt við störf sín með ábyrgum hætti og


ekki nýta stöðu sína til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðra.

Hlutverk síðanefndarinnar er að gefa forsætisnefnd álit á því hvort þingmaður hafi með hætterni sínu brotið gegn ákvæðum síðareglanna.

Forsætisnefnd fundar á mánu- daginn. – að



**MANNSLÍKAMINN**  
GAGNVIRK VÍSINDASÝNING  
15.-28. FEBRÚAR



**HÖFUÐ, HERÐAR, HNÉ OG TÆR GLEÐI  
FYRIR FORVITIÐ FÓLK Á ÖLLUM ALDRI**



# Boða eftirlit með sífrera í Strandartindi

Mikilvægt er að fylgjast með útbreiðslu og ástandi sífrera í íslensku fjalllendi að mati sérfræðings hjá Veðurstofu Íslands. Merki um þiðnun sökum hlýnandi loftslags. Hefur sérstakar áhyggjur af þekktu skriðusvæði í Strandartindi, sem er fyrir ofan byggð í Seyðisfirði.

**UMHVERFISMÁL** „Hér á landi er sífreri að þiðna eins og víða annars staðar,“ segir Tómas Jóhannsson, sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Hitamælingar í borholum á hálendinu sýna að sífreri hefur horfið á ákveðnum svæðum. Í borholu við Hágöngur hvarf sífreri á árunum 2004 til 2016.“

Tómas tekur undir með Þorsteini Sæmundssyni, jarðfræðingi við Háskóla Íslands, sem hvatti til þess í samtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni að rannsóknir á sífrera í íslensku fjallendi yrðu eflar. Sér-

staklega í ljósi þess að þrjár skriður á norðurhluta landsins, í Torfufelli árið 2011, Móafellshyrnu 2012, og í Árnesfjalli 2014, renni stöðum undir þá kenningu að hlánun sífrera geti hrundið af stað skriðum.

„Það vakti mikla athygli þegar skriðurnar féllu úr Móafellshyrnu, því þetta er augljóslega hættulegt,“ segir Tómas. „Sífrerinn er áhyggjuefni víða erlendis vegna hlýnandi loftslags. Sífrera er víða finna hér á landi. Í öðrum löndum gera menn ráð fyrir því að skriðuföll úr



Veðurstofa Íslands skipuleggur nú reglubundið eftirlit með sífrerasvæðum í Seyðisfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir umsóknum um útgáfu- og þýðingastyrki

**Útgáfustyrkir** eru veittir til útgáfu og miðlunar íslenskra ritverka, þar sem kappkostað er að styrkja verk sem hafa menningarlegt og þekkingarfræðilegt gildi.

**Þýðingastyrkir** eru veittir til að þýða á íslensku mikilvæg verk úr samtímanum, erlendar fagurbókmenntir og fræðirit.

Vakin er athygli á að nú verða í fyrsta sinn veittir styrkir til vandaðra, myndríkra bóka fyrir börn og ungmenni, í báðum styrkjaflokkum.


Umsóknarfrestur er til 15. mars 2018

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á [www.islit.is](http://www.islit.is)



MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

### Sífreraskriður á árunum 2011 til 2014



þiðnandi sífrera verði tíðari og það hafa sést merki um þetta í hlýnandi veðurfari síðustu áratugi.“

Fylgst er með sífrera á Tröllaskaga í austurrísku rannsóknarverkefni þar sem notaðar eru gervihnattamælingar til þess að mæla hreyfingar jarðlaga sem geta verið um tíu sentimetrar á ári þar sem frosin jarðefni hníga undan halla. Önnur svæði eru jafnframt undir smásjá vísindamanna, þar á meðal grjótjökull ofarlega í Strandartindi við Seyðisfjörð.

„Við höfum sérstakar áhyggjur af ákveðnum stað fyrir ofan atvinnusvæði við sunnanverðan Seyðisfjörð. Þar er þekkt skriðusvæði og skriður eiga upptök á nokkrum svæðum í fjallinu. Í einu þessara svæða er talið að sífreri sé undir yfirborðinu.“

Í skýrslu frá árinu 2016 um skriðu-hættu undir Strandartindi var komist að þeirri niðurstöðu að fylgjast þyrfti með sífrera á þessu svæði.

Skýrsluhöfundar segja að með hlýnandi loftslagi gætu skapast aðstæður þar sem þiðnun sífrera hrindir af stað skriðu. Þeir telja að rannsaka þurfi möguleg sífrerasvæði í 650 til 750 metra hæð í vestanverðum Strandartindi sem gætu hrundið af stað skriðum fyrir ofan Þófa, Skuldarlæk, Stöðvarlæk og jafnvel Búðará.

Skýrsluhöfundar ítreka að „hættuna sem stafar af skriðuföllum úr mikilli hæð megi mögulega rekja til sífrera og að sú hættu geti aukist í framtíðinni með hlýnandi loftslagi.“

„Við teljum fullt tilefni til þess að hafa áhyggjur af þessum stað við Seyðisfjörð fyrir ofan atvinnusvæðið. Við erum að skipuleggja reglubundið eftirlitið með hreyfingu þar svo hægt sé að fylgjast með því hvort einhvers konar óstöðugleiki sé að myndast sem leitt getur til skriðu,“ segir Tómas og bætir við að svæði fyrir ofan þéttbýli hafi verið

### Sífreri í fjöllum

Frost í jarðvegi fjalla sem hefur verið þar í tvö ár. Getur verið í lausum jarðlögum og í bergi. Skriðurnar í Móafellshyrnu, Torfufelli og Árnesfelli innihéldu sífrera sem hefur verið til staðar í 100 til 1000 ár.

» Sífreri er einn af þeim þáttum sem geta hrundið af stað skriðuföllum.

rannsókuð nokkuð vel. Hins vegar sé hugsanlegt að sífreraskriður falli ofan við vegi, gönguleiðir, í dreifbýli og í óbyggðum. „Sérstaklega hættulegt getur verið að skriður falli ofan í vötn eða ofan á jökul og komi af stað flóðbylgju.“

Sífrerinn er eitt af mörgum ofanflóðavandamálum sem þarf að hafa áhyggjur af. Snjóflóðin eru stærsta vandamálið, þau eru viðvarandi og yfirvofandi víða. Sífreri er einn af þeim þáttum sem geta hrundið af stað skriðuföllum og það er fyllsta ástæða til þess að rannsaka hann betur,“ segir Tómas. „Það eru nokkrir rannsóknarhópar að vinna að rannsóknum á sífrera hér á landi núna í samvinnu íslenskra og erlendra vísindamanna og þeir eru sérstaklega að skoða breytingar vegna hlýnandi veðurfars. Þessar skriður eru áminning um það.“

[kjartanh@frettabladid.is](mailto:kjartanh@frettabladid.is)

# NÝ NÁMSKEIÐ

**NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST Í FEBRÚAR**  
Skráðu þig núna. Engin binding.

Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · [reebokfitness.is](http://reebokfitness.is)

**Reebok**  
FITNESS



# Fersk pottaplöntusending

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM POTTUM OG BLÓMANÆRINGU



Glæsilegir  
konudagsvendur!




OPNUM KL 8 Á KONUDAGINN

ALLT FYRIR FERMINGARVEISLUNA



BRUNCH HLABBORÐ  
Á SPÍRUNNI  
FRÁ 11 TIL 15  
UM HELGAR



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • [gardheimar.is](http://gardheimar.is)



# Styrkir fyrir námsmenn


**Sæktu um námsstyrki** Landsbankans á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is). Umsóknarfrestur er til og með þriðjudeginum 20. mars.



Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2018-2019.

## Veittir verða styrkir í fimm flokkum

- » Framhaldsskólanám. Þrjú styrkir 200.000 kr. hver.
- » Iðn- og verknám. Þrjú styrkir 400.000 kr. hver.
- » Háskólanám (BA/BS/BEEd). Þrjú styrkir 400.000 kr. hver.
- » Listnám. Þrjú styrkir 500.000 kr. hver.
- » Framhaldsnám á háskólastigi. Þrjú styrkir 500.000 kr. hver.



Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Lækkun launa afvopni ekki stéttarfélag

Forseti ASÍ segir að það sé ekki í andstöðu við hlutverk verkalyðshreyfingarinnar að krefjast launalækkunar tiltekins hóps. Verkalyðsforingi gagnrýnir ASÍ. Telur frekar eiga að krefjast sambærilegrar hækkunar.

**KJARAMÁL** „Hvort þetta sé í andstöðu við hlutverk verkalyðshreyfingarinnar? Nei, ég er ekki sammála því,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sem sætir gagnrýni verkalyðsforingja fyrir að krefjast þess að laun þeirra ráðamanna sem kjararáð hækkaði svo hraustlega í launum um árið verði lækkuð með lagasetningu.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalyðsfélags Akraness, furðar sig á þessari kröfu ASÍ sem fram kom í starfshópi um málefni kjararáðs og vill meina að það sé ekki hlutverk verkalyðshreyfingarinnar að krefjast launalækkunar tiltekins hóps heldur fremur að krefjast sambærilegrar hækkunar til handa láglaunafólki.

„Ég hef ætíð fagnað þegar fólk hækkar í launum. Ég hef sagt það áður að ég vil nota viðmið kjararáðs til að hækka lægstu laun og launataxta til samræmis við hækkun kjararáðs,“ segir Vilhjálmur. Kjara- ráð hafi sent tón sem beri að nýta til að rökstyðja hækkun lægstu launa í komandi átökum.

„Ef við hefðum nýtt okkur þá hækkun sem varð á þingfararkaupi þá væru lágmarkslaun í dag 360 þúsund, ekki 280 þúsund. Ég hefði miklu frekar viljað sjá forystu ASÍ og verkalyðshreyfinguna í heild sinni berjast fyrir því að fá sam-



Vilhjálmur Birgisson

bærilega hækkun en að fara fram á að tilteknir hópar lækki í launum. Um leið og ég fer að berjast fyrir því að fólk lækki í launum þá fer ég að leita mér að annarri vinnu,“ segir Vilhjálmur.

Aðspurður um þessa gagnrýni segir Gylfi það líka hlutverk verkalyðshreyfingarinnar að berjast fyrir jöfnuði.

„Að forystumenn stjórn mála og stjórnsýslu beri ekki meira úr býtum í brauðstritinu en almenningur. Það er ekki andstætt baráttu verkalyðshreyfingarinnar,“ segir Gylfi og hafnar því að kjararáð þurfi til að krefjast launahækkana.

„Það er stéttarfélagnum að sjálfsögðu heimilt og hafa til þess þau vopn sem þau telja sig þurfa til að fylgja því eftir. Ég er ekki að fjalla um það. Ég er ekki að taka úr höndunum á stéttarfélagnum, hvorki á Akranesi né annars staðar, rétt þeirra til að fara fram með það sem þau telja skynsamlegt. Það gera þau á eigin forsendum.“ – smj

## Þrettán ákærur í Rússamálinu

**BANDARÍKIN** Þrettán rússneskir ríkisborgarar og þrjú rússnesk félög voru í gær ákærð fyrir meint ólögleg afskipti af bandarísku forsetakosningunum 2016. Ákærurnar eru hluti af rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara dómsmálaráðuneytisins. Þrjú hinna ákærðu eru jafnframt sakaðir um samsæri um að fremja fjársvik og fimm um að villa á sér heimildir.

„Hin ákærðu stunduðu það sem þau hafa kallað upplýsingahernað gegn Bandaríkjunum með það að

markmiði að sá tortryggni gagnvart frambjóðendum og kosningakerfinu í heild sinni,“ sagði Rod Rosenstein aðstoðardómsmálaráðherra í gær.

Hin ákærðu eru sögð hafa þótt vera Bandaríkjamenn og stofnað reikninga á samfélagsmiðlum undir fölsku flaggi í því skyni að draga að sér athygli bandarískra kjósenda. Þá hafi þau dreift óhróðri um frambjóðendur, einkum Hillary Clinton, frambjóðanda Demókrata, og stutt Donald Trump forseta. – þea



**HONDA**  
The Power of Dreams



Bíll á mynd er Honda CR-V með aukabúnaði.

# CR-V

## Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.  
**Já, og meira fyrir peninginn.**

**SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

**HONDA CR-V - VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI  
VERÐ FRÁ KR. 5.390.000**

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)  
Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum



**HONDA**



## Á fjórða tug mála höfðu vegna örgjörvagalla Intel

**TÆKNI** Bandaríski tæknirísinn Intel greindi frá því í gær að hluthafar og viðskiptavinir hefðu höfðað samtals 32 hópmálsóknir gegn fyrirtækinu vegna nýuppgötvaðra öryggisgalla í örgjörvum fyrirtækisins. Flestar, eða þrjátíu, voru höfðaðar af viðskiptavinum sem telja að það hafi valdið þeim tjóni að Intel hafi ekki brugðist við göllumum með nægilega afgerandi hætti.

Gallarnir, nefndir Spectre og

Meltdown, uppgötvuðust í byrjun árs og höfðu áhrif á allar tölvur, snjallsíma og spjalddölvur með örgjörvum frá Apple, AMD, ARM sem og flestar voru frá Apple.

Þær tvær hópmálsóknir sem eftir standa sagði fyrirtækið að væru höfðaðar vegna meintra öryggislagabrotu fyrirtækisins sem eiga að hafa falist í því að Intel gaf út yfirlýsingar um vörur sínar sem síðar var sýnt fram á að væru ósannar. – þea



## Framboð í trúnaðarstöður FRV

Samkvæmt 35. gr. laga *Félags Rafeindavirkja* skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til **kl. 12 á hádegi 01.03.2018**

Reykjavík 17. febrúar 2018

**Stjórn Félags Rafeindavirkja**

# Hættir við að aftengja ofurhækkun kjararáðs

Laun sveitarstjórnarmanna í Grýtubakkahreppi hækka um 25 prósent og hafa þá hækkað yfir 44 prósent á rúmu ári. Launin eru því nú að fullu tengd við þingfararkaup á ný eftir að þau voru ekki látin fylgja umdeildri hækkingu kjararáðs.

**KJARAMÁL** Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps í Eyjafirði ákvað á síðasta fundi sínum að láta umdeilda ákvörðun kjararáðs frá í október 2016 hafa að fullu áhrif á laun kjörinna fulltrúa í sveitarfélaginu. Launin hækka því nú um 25 prósent.

Með umdeildri ákvörðun á kjördag til alþingiskosninga hækkaði kjararáð þingfararkaup alþingismanna í einu skrefi um tæp 45 prósent. Sveitarfélög hafa gjarnan miðað laun og þóknarir kjörinna fulltrúa við þingfararkaup og reiknað sem ákveðið hlutfall af því. Sum sveitarfélög létu hækkingu kjararáðs standa en önnur létu hana ekki taka gildi í þetta skipti.

Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, sagði í svari til Fréttablaðsins eftir fyrrnefnda ákvörðun kjararáðs að hún kæmi mönnum í opna skjöldu og væri úr takti við væntingar um launapröun.

„Menn hafa verið að tengja laun sveitarstjórna og nefnda við þingfararkaup til að færa þann kaleik frá sveitarstjórnnum að ákvarða sjálfar laun sín á hverjum tíma. Ljóst að þessi ákvörðun hendir þeim kaleik beint í fangið á mönnum aftur,“ sagði Þróstur í nóvember 2016.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps ákvað síðan á þessum tíma að fara millivegin, að sögn Þrastar; að hækkingin yrði 15,47 prósent frá 1. janúar 2017. Nú hefur svo verið ákveðið að hækkingu kjararáðs frá 2016 komi að fullu til framkvæmda og hækka launin því um 25 prósent. Samtals er því hækkingin ríflega 44 prósent á rúmu ári.

Að sögn Þrastar hefur óbreyttur sveitarstjórnarfulltrúi eftir þessa hækkingu um 55 þúsund krónur í föst laun á mánuði og síðan um 44 þúsund krónur fyrir hvern fund.



Grenvikingar fylgja nú umdeildri ákvörðun sem kjararáð tók í október 2016 og hækkaði laun alþingismanna um ríflega 44 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ef menn sinna sinum störfum af þó ekki nema lágmarks samviskusemi, tel ég að þetta geti alls ekki talist nein ofurlaun.**

Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps



„Ef menn sinna sinum störfum af ekki nema lágmarks samviskusemi, tel ég að þetta geti alls ekki talist nein ofurlaun,“ segir sveitarstjórinn.

Nánar útskýrir Þróstur að oddviti sveitarstjórnarinnar fái nú 10 prósent af þingfararkaupi í föst laun og tvö prósent fyrir hvern setinn fund. Aðrir aðalfulltrúar fá fimm prósent í föst laun og tvö prósent fyrir hvern

setinn fund. Varafulltrúar fá þrjú prósent fyrir hvern setinn fund. Síðan er álag fyrir formenn og ritara nefnda.

Aðspurður segir Þróstur kostnaðarauka Grýtubakkahrepps vegna þessa vera áætlaðan tæpar tvær milljónir. Sveitarstjórnarmenn hreppsins séu eftir sem áður með þeim allra lægst launuðu á landinu.

„Núverandi sveitarstjórn taldi heppilegra að taka þessa leiðréttingu sem svo má kalla, nú fyrir kosningar. Ella myndi það lenda beint á dagskrá nýrrar sveitarstjórnar að fara að skoða eigin kjör,“ segir sveitarstjórinn. Ekki sé heppilegt til lengdar í lýðræðislegu tilliti að sveitarstjórnarmenn séu afar lágt launaðir. „Svona í leiðinni get ég upplýst að laun sveitarstjóra, sem miðast við embættismannatöflu kjararáðs, hafa ekki hækkað frá 1. júní 2016,“ bætir Þróstur við. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

Jensen JNB400 umgjörð kr. 18.900,-

Gleaugnaverslunin Eyesland býður mikið úrval af gæðagleaugum á góðu verði – og þú færð frábæra þjónustu. Verið velkomin!

Frábært verð á glerjum

**Einfokus gler**  
Verð frá kr. 16.900,-

**Margskipt gler**  
Verð frá kr. 41.900,-

**YES LAND** gler & augu

Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · [www.eyesland.is](http://www.eyesland.is)



Mitt Romney ætlar fram í Utah. NORDICPHOTOS/AFP

## Stefnir í öruggan sigur hjá Mitt Romney í Utah-ríki

**BANDARÍKIN** Mitt Romney, forsetaframbjóðandi Repúblikana árið 2012, tilkynnti í gær um að hann ætlaði í framboð til öldungadeildar Bandaríkjaþings í Utah-ríki. Ekki er búist við nokkru öðru en að Romney vinni öruggan sigur á kjördag í haust. Nýjasta könnun sem gerð var í ríkinu birtist um miðjan janúar og mældist Romney með 64 prósentu fylgi gegn níttán prósentum Demókratans Jenny Wilson.

Romney stillir sér upp gegn Donald Trump, samflokksmanni sínum og Bandaríkjaforseta, í myndbandi sem birtist með tilkynningunni. Sagði Romney að mikill munur væri á því hvernig málum er háttað í Utah og höfuðborginni Washington og nefndi til

dæmis innflytjendamálin og fjárlagahalla.

Pótt Romney hafi fæðst í Michigan og verið ríkisstjóri Massachusetts á hann sterk tengsl við Utah. Hann vann að skipulagningu Vetrarólympíuleikanna í Salt Lake-borg og er mormóni líkt og flestir íbúar ríkisins.

Sé litið til frammistöðu Romneys í Utah í fyrri kosningum er ljóst að hann er afar vinsæll. Í forvali Repúblikana 2008 fékk hann 90 prósent atkvæða gegn fimm prósentum Johns McCain, sem síðar átti þó eftir að hreppa útnefninguna. Romney fékk 93 prósent atkvæða í forvalinu 2012 og valtaði síðan yfir Obama í forsetakosningunum í Utah með 73 prósentum atkvæða gegn 25. – þea



# Nýr Tiguan á enn betra verði.



## Betur búinn Tiguan með kaupauka fyrir veturinn.

Við bjóðum sérlega vel útbúna Volkswagen Tiguan á ótrúlega góðu verði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði og nú býðst einnig freistandi vetrarpakki með öllum nýjum Tiguan. Komdu í reynsluakstur, við tökum vel á móti þér.

### Tiguan Offroad

Fjór hjóladrífinn, sjálfskiptur, 150 hestöfl

- „Offroad“ útlit, 20 cm veghæð
- Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
- Mirror Link og Apple CarPlay
- Akreinavari
- Upplýsingaskjári í lit í mælaborði
- Loftkæling
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Pakbogar
- Bakkmyndavél
- Montana 17" álfelgur

Tilboðsverð  
**4.780.000 kr.**  
Listaverð 5.210.000 kr.



Við látum framtíðina rætast.

### Vetrarpakki með 50% afslætti

- Vetrardekk 110.000 kr.
  - Dráttarkrókur 165.000 kr.
  - Gúmmimotta í farangursrými 25.000 kr.
- Alls 300.000 kr. með 50% afslætti  
**150.000 kr.**



Volkswagen







# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.  
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,  
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.  
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GLÆSILEGIR  
NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL! ÚRVAL! ÚRVAL!

**CITROËN C3 AIRCROSS**  
TILNEFNDUR SEM BÍLL ÁRSINS 2018  
Í EVRÓPU

Verð frá: 2.990.000 kr.



**VOLVO XC60**  
JEPPI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018  
VALINN ÖRUGGASTI BÍLL Í HEIMI!

Verð frá: 6.790.000 kr.



**PEUGEOT 3008**  
BÍLL ÁRSINS  
Á ÍSLANDI 2018

Verð frá: 3.740.000 kr.





**NÝR!**

**FYRSTI BÍLLINN  
KOMINN Í SALINN!**

## FORD ECOSPORT HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport er vel búinn eins og Bluetooth símabúnaði, 6 hátölurum, ESP Stöðugleikakerfi með spólvörn, brekkubremsu, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

FORD ECOSPORT KOSTAR FRÁ:

**2.750.000** KR.



### MAZDA CX-3

SÖLUHÆSTI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI  
Á EINKABÍLAMARKAÐI

Verð frá: 2.920.000 kr.



### FORD FIESTA

MEST SELDI SMÁBÍLL  
Í EVRÓPU Í MÖRG ÁR!

Verð frá: 2.250.000 kr.

**MEST SELDI  
SMÁBÍLL  
Í EVRÓPU**



**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ  
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG**

Ekki missa af fjörinu!  
– Komdu í Brimborg í dag

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5

[brimborg.is](http://brimborg.is)

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á





Herinn að störfum í Rió de Janeiro í Brasilíu. NORDICPHOTOS/AFP

## Herinn stýrir nú störfum lögreglu í Rió de Janeiro

**BRASILÍA** Ríkisstjórn Brasilíu skipaði hernum í gær að taka yfir stjórn löggæslu í Rió de Janeiro. Vonast stjórnin til þess að þannig verði hægt að draga úr ofbeldi eiturlyfjagengja sem „hafa tekið öll völd“ í þessari tólf milljóna manna borg. Frá þessu sagði Michel Temer forseti í gær.

Átta prósent fleiri morð voru framin í fyrra en árið 2016. Þá munar 26 prósentum á fjölda morða árið 2017 miðað við 2015 samkvæmt tölfræði frá ríkisstjórninni sem Reuters fjallaði um í gær. Brasilíski herinn hefur verið við störf í Rió undanfarnin ár til að berjast gegn gengjaofbeldi en sú breyting verður á að nú mun herinn alfarið stýra aðgerðum.

Að því er Reuters greinir frá eru skotbardagar á milli skæruliða, glæpagengja og lögreglu daglegt

» Skotbardagar eiturlyfjagengja, skæruliða og lögreglu eru daglegt brauð í fátækari hverfum borgarinnar.

brauð í fátækari hverfum borgarinnar. Þá hafi ofbeldið verið að breiðast út í ríkari hverfi undanfarið.

Búist er við því að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar valdi frestun á atkvæðagreiðslu þingsins um breytta eftirlaunalöggjöf. Sú löggjöf hefur verið helsta viðfangsefni ríkisstjórnar Temers en samkvæmt Reuters er ekki stuðningur við breytingarnar meðal almennings. Enn skortir Temer-stjórnina fjörutíu atkvæði í þinginu. – þea

# Fá lífstíðardóm fyrir að styðja valdaránstíraun

Sex blaðamenn sakfelldir fyrir að aðstoða þá sem stóðu að valdaránstíraun. Áhyggjur af fjölmiðlafrelsi í Tyrklandi. Áttu að hafa sent dulkóðuð skilaboð til fylgismanna Gulens. Dómarnir sagðir stofna fjölmiðlafrelsinu í mikla hættu.

**TYRKLAND** Sex blaðamenn voru í gær dæmdir í lífstíðarfangelsi í Tyrklandi fyrir að aðstoða þá sem stóðu að valdaránstíraun ársins 2016.

Frá þessu greindu tyrkneskir ríkismiðlar en áður hafði verið greint frá því að tyrkneskur dómstóll hefði fyrirskipað að þýsk-tyrkneski blaðamaðurinn Deniz Yucel yrði leystur úr haldi.

Blaðamennirnir sex hafa alla tíð neitað sök í málinu og þykir sakfelldinginn auka enn á áhyggjur af stöðu fjölmiðlafrelsis í Tyrklandi, sem og af sjálfstæði dómstóla.

Slíkar áhyggjur hafa aukist í forsetatíð Recep Tayyip Erdogan og þá sérstaklega eftir valdaránstíraunina sem leiddi til 50.000 handtakna.

Bræðurnir Mehmet og Ahmet Altan eru á meðal hinna dæmdu en þeir voru sakfelldir fyrir að hafa sent út dulkóðuð skilaboð í spjallþætti degi fyrir valdaránstíraunina.

Áður hafði stjórnlagadómstóll Tyrklands, æðsti dómstóllinn þar í landi, fyrirskipað að Mehmet Altan yrði leystur úr haldi þar sem fangelsun hans væri mannréttindabrot. Því hafnaði dómstóll á lægra dómstigi.

Í spjallþættinum umrædda sagði Ahmet Altan: „Hvað svo sem fyrri



Þessi kona sýndi samstöðu með Ahmet Altan blaðamanni. NORDICPHOTOS/AFP

ríkisstjórnir gerðu sem leiddi til valdaráns þá er Erdogan nú, með því að taka sömu ákvarðanir, að feta sama stíg.“ Bróðir hans, Mehmet, sagði í sama þætti að innan ríkisstjórnarinnar væri „annað batteri“ sem fylgdist náð með þróun mála. Saksóknarar héldu því fram að þessi orð væru dulkóðuð skilaboð til fylgjenda hins útlæga klerks Fethullah Gulen, sem stjórnvöld í Ankara hafa

kennt um valdaránstíraunina.

David Kaye, sem fylgist með tjáningarfrelismálum fyrir Sameinuðu þjóðirnar, sagði í gær að atburðir gærdagsins gæfu skýra mynd af baráttu Tyrkja gegn tjáningarfrelsinu. „Þessir dómur stofna blaðamennsku, og þar með því sem eftir er af fjölmiðla- og tjáningarfrelsi, í Tyrklandi í hættu,“ sagði Kaye. thorgnyr@frettabladid.is

# KAROQ OPNAR ÞÉR NÝJAR LEIÐIR Í LÍFINU



ŠKODA



NÝR ŠKODA KAROQ KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART.

Hann er kominn til landsins og tilbúinn í ævintýrin með þér; nýr KAROQ – með snjallar lausnir og tækninýjungar sem gera aksturinn öruggari og skemmtilegri. Komdu og sjáðu nýjan ŠKODA KAROQ og endurnýjaðu tengslin við það sem drífur þig áfram í lífinu. Hlökkum til að sjá þig!

ŠKODA KAROQ frá:  
**3.890.000 kr.**





# Meira konudags



Ber í hjartalaga  
öskjum

799 kr/pk



Konudagsblómin

Færðu í Hagkaup



T'a Milano

Ekta ítalskt gæða konfekt

verð frá 1.599 kr/ks



Allt fyrir ástina

Blöðrur\* og bangsar í úrvali



La Gelateria

Frábær ítalskur gelato sem kemur  
í eigulegum glösum

799 kr/pk



Konudagstertan 2018

Kókosmöndlubotn, karamellusúkkulaði mús,  
saltkaramellu miðja, súkkulaðibotn & Ganache hjúpur

2.599 kr/stk



TILBOÐ

Kellogg's Cars

Morgunkorn, 2 fyrir 1

399 kr/2 pk



Opið allan sólarhringinn  
Gardabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga



# Tveimur of mikið



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**F**angi á Kvíabryggju féll fyrir eigin hendi í vikunni. Þetta er í annað skipti á innan við ári, sem slíkt gerist í fangelsum landsins. Þetta er tveimur of mikið.

Formaður Afstöðu, félags fanga, sagði í viðtali hér í blaðinu fyrir nokkrum dögum, að enginn geðlæknir hefði komið á Litla-Hraun frá árinu 2013. Og bætir við: „Öðru hvoru taka pólitíkusar sig til og tala um að nú verði að fara í þessi mál. Hingað til hefur lítið verið gert. Það er leiðinlegt að sjálfsvíg þurfi að koma til til að fólk sjái að við erum hérna.“

Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við ástand heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum landsins árið 2010. Sú athugasemd var ítrekuð 2013, 2015 og 2017. Á grundvelli athugasemdana var skipaður starfshópur í árslok 2015 til að fara yfir málið og átti hann að skila af sér fullnustuáætlun. Sú vinna virðist ganga hægt.

Skjólstæðingar Fangelsismálastofnunar eru nálægt 550, en hjá stofnuninni starfa þrjár sálfræðingar, tveir félagsráðgjafar og einn námsráðgjafi, en enginn geðlæknir.

Ekki þarf sérfræðing til að sjá að úrbóta er þörf af ætlunin er, líkt og stjórnvöld láta í veðri vaka, að fá út úr fangelsunum betra fólk en fór þar inn.

Endurkoma fanga er stórt, samfélagslegt og dýrt vandamál. Um helmingur fanga sem eru í afplánun í fangelsunum hefur áður setið inni. Beinn kostnaður við hvern og einn er nálægt tíu milljónum króna á ári. Til mikils er að vinna í þeirri viðleitni að bjóða þeim betrunarvist sem lenda á glapstigum og brjóta af sér. Oftast er um að ræða kornunga karlmenn sem ættu að eiga framtíðina fyrir sér.

Fangelsiskerfið er fjársvelt og undirmannað. Forgangsroðun fjármuna er oft á tíðum furðuleg. Þótt vissulega hafi verið þörf á nýju fangelsi á Hólmsheiði má öllum vera ljóst að steinsteypa ein og sér mun litlu breyta um framtíð þessa fólks. Þvert á móti þarf að fjárfesta í fólki; fagfólki, kennurum og öðru starfsfólki inn í fangelsin. Sálfræðimeðferðir, samtöl, kennsla og vinna. Í slíku umhverfi á sér stað raunveruleg betrunarvist. Þannig getum við breytt einhverju.

Undanfarið hefur peningum verið veitt til lögreglu til rannsóknar á ákveðnum málaflökki, sem er vel. Ekkert slíkt virðist vera í farvatninu í fangelsiskerfinu. Þvert á móti voru fjárframlög til Fangelsismálastofnunar lækkuð um sautján milljónir króna í síðustu fjárlögum.

Ætli við stöndum undir því að kalla fangelsisvist hér á landi betrunarvist? Varla. Í þessum orðum felst enginn áfelligdómur yfir fólkinu sem starfar í fangelsunum. Það vinnur innan þess ramma, sem því er markaður. Við sem samfélag verðum að gera betur.

Í þessum efnum borgar sig ekki að spara aurinn en kasta krónunni.



Til mikils er að vinna í þeirri viðleitni að bjóða þeim betrunarvist sem lenda á glapstigi og brjóta af sér. Oftast er um að ræða kornunga karlmenn sem ættu að eiga framtíðina fyrir sér.

Gunnar



## Mín skoðun Guðmundur Steingrímsson Íslenski þverhausinn



Ég er mjög ánægður með það að vera Íslendingur. Ég er bara þokkalega sáttur við að tilheyra þessum flokki eyjarskeggja sem göslast hér um í gnaudandi vindi, kýlir á alls konar óyfírstíganleg verk efni, segir hvert öðru kaldlynda brandara og kann þá list að tala á innsofinu sem fær aðrar þjóðir kunna.

Hins vegar er eitt og annað sem ég er ekki sáttur við, eins og gengur. Eitt er þetta: Þessi athafnasama þjóð er alveg ótrúlega þrætugjörn þegar kemur að samfélagslegum úrlausnarefnum. Stærstu deilumálin á Íslandi verða líklega aldrei leyst með niðurstöðu. Þetta er í hróp- legri andstöðu við athafnasemina. Einir eða í fámennum hópum gera Íslendingar allt mögulegt, en þegar kemur að því að samfélagið taki skref í sátt og samlyndi í átt til einhverra skilgreindra þjóðfélagslegra framfara er annað uppi á teningnum.

### Hið þvera nei

Forn-Grikkir áttu sér spákonu – eða véfrétt – í Delfi sem gat svarað spurningum um framtíðina. Þetta fyrirkomulag hjálpaði Grikkjum væntanlega við að taka ákvarðanir og horfa fram á veginn. Mér finnst eins og íslenska útgáfan af þessu sé ekki spákona heldur einhvers konar þverhaus. Þessi þverhaus býr í helli einhvers staðar. Þegar úrlausnarefni í samfélaginu blasa við okkur tíðkast að spyrja þverhausinn. Þverhausinn hlustar ekki heldur hrísir hann höfuðið þreygður, fórnar höndum, tryllist smá og segir svo nei. Þvert nei. Ekki að ræða það. Hlutirnir verða eins og þeir eru. Þverhausinn hefur talað.

Þverhausinn er búinn að fella dóm sinn siendurtekið í öllum helstu úrlausnarefnum. Ég nefni þessi: Á Ísland að ganga í ESB og taka upp evru? Nei. Eiga Íslendingar að skrifa sér almennilega stjórnarskrá? Nei. Á að skipta arði af auðlindum af meiri sanngirni? Nei. Eigum við að breyta klukkunni? Nei. Færa Reykjavíkurlugvöll? Nei. Þetta síðasta er nærtækt. Nú hefur enn ein nefndin

komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé, út frá rökum, gögnum og æskilegri framtíðarsýn, að færa flugvöllinn af mikilvægu byggingarlandi og setja hann niður í Hvassahrauni.

Maður gæti spurt sig: Er það ekki bara í himnalagi? Ég veit lítið um flest mál. Ég bið bara um þetta: Að ákvarðanir séu teknir á yfirvegaðan og lýðræðislegan hátt, á grunnni upplýsinga, raka, samræðu og rannsóknna. Þetta er langbesta leiðin fram á við og það er í raun engin önnur leið til að skapa sátt í samfélagi þar sem fólk hefur alls konar skoðanir.

### Stóra þversögnin

En nei. Þverhausinn vill ekkert svona. Annað dæmi um áhrifamatt þverhausins er deilan um uppbyggingu almennasamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Ég spái því að þó svo ótal djúpar greiningar muni mæla með einhvers konar borgarlínu, og tuttugu nefndir sérfræðinga komist að einróma niðurstöðu, muni borgarlína aldrei verða lögð. Fyrr munu samgöngur alfarið leggjast af í heiminum en að Íslendingum takist að komast að niðurstöðu um almenningsamgöngur.

Á meðan þverhausinn er spurður gerist lítið. Það er markmið þverhausins. En hið merkilega er samsé að þverhausinn virðist einungis hafa áhrif þegar kemur að spurningum sem varða heildina. Sem einstaklingar gerum við Íslendingar flest sem okkur sýnist. Þá erum við ekki að flækja hlutina. Við spyrjum í mesta lagi Google. Þetta er hin dásamlega þversögn við Íslendinga. Kannski er komið að því að einhver valkyrja gangi bara í málin, færi flugvöllinn, leggi borgarlínu og málið dautt. Það eru örugglega til leiðbeiningar á YouTube. Svona eins og með styttingu vinnuvikunnar. Mér sýnist blessunarlega ekki þurfa að ræða það mál mikið eða spyrja þverhausinn. Dj. Margeir er búinn að stytta hana. Hann segir að það virki vel.

## Nýjar vörur frá geoSilica



Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á [www.geosilica.is](http://www.geosilica.is)

geoSilica  
ICELAND





# LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

- » Ávöxtun 7,6%
- » Raunávöxtun 5,7%
- » Jákvæð tryggingafræðileg staða 6,4%
- » Tekjur af fjárfestingum 47 milljarðar
- » Eignir 665 milljarðar
- » 14 milljarðar í lífeyrisgreiðslur
- » 16 þúsund lífeyrisþegar
- » 52 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld

## ÚR ÁRSREIKNINGI

## STARFSEMI Á ÁRINU 2017

### EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK í milljónum króna

	2017	2016
Innlend skuldabréf	242.356	244.091
Sjóðfélagalán	82.277	61.694
Innlend hlutab. og hlutd.skríteini	115.712	129.732
Erlend verðbréf	215.932	158.920
<b>Verðbréf samtals</b>	<b>656.277</b>	<b>594.437</b>
Bankainnstæður	5.499	5.321
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	462	597
Skammtímaskuldir	3.264	2.826
Skammtímaskuldir	-729	-796
Eignir samtryggingardeildar	652.285	591.276
Eignir séreignardeildar	12.488	11.109
<b>Eignir samtals</b>	<b>664.773</b>	<b>602.385</b>

### BREYTING Á HREINNI EIGN í milljónum króna


	2017	2016
Iðgjöld	29.797	25.650
Lífeyrir	-13.609	-12.281
Fjárfestingartekjur	47.106	6.164
Rekstrarkostnaður	-906	-824
Breyting eigna	62.388	18.709
Eignir frá fyrra ári	602.385	583.676
<b>Eign samtals</b>	<b>664.773</b>	<b>602.385</b>

### KENNITÖLUR

	2017	2016
Ávöxtun	7,6%	0,9%
Hrein raunávöxtun	5,7%	-1,2%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	5,9%	6,4%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	1,7%	1,2%
Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal)	4,2%	4,4%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,14%	0,14%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	3,0%	3,2%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	45,7%	47,9%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	36.400	35.077
Fjöldi lífeyrisþega	15.820	14.672
Stöðugildi	40,8	41,0
Ávöxtun verðbréfaeildar	7,6%	0,9%
Hrein raunávöxtun verðbréfaeildar	5,7%	-1,2%
Ávöxtun innlánsleiðar	3,0%	3,8%
Hrein raunávöxtun innlánsleiðar	1,3%	1,6%


### AFKOMA

Ávöxtun á árinu 2017, var 7,6% og hrein raunávöxtun 5,7%. Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 47,1 milljarði. Raunávöxtun var að meðaltali 5,9% sl. 5 ár, 1,7% sl. 10 ár og 4,2% sl. 20 ár.



### TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg staða styrktist á árinu. Staðan segir til um hlutfall heildareigna sjóðsins umfram heildarskuldbindingar. Hún var jákvæð um 6,4% í árslok 2017 samanborið við 4,2% árið áður.



### LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2017 fengu að meðaltali 15.820 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslur úr samtryggingardeild að fjárhæð 12.819 milljónir. Árið áður námu þær 11.570 milljónum og hækkuðu því um 11%.

### SÉREIGNARDEILD

Séreign í árslok 2017 nam 12.488 milljónum. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild voru 568 milljónir á árinu. Ávöxtun verðbréfaeildar var 7,6% og hrein raunávöxtun 5,7%. Ávöxtun innlánsleiðar var 3,0% sem samsvarar 1,3% raunávöxtun. Ævileiðir sjóðsins sem stofnaðar voru í haust hafa mismunandi eignasamsetningu í þeim tilgangi að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga eftir aldri og áhættuþoli.

### FJÁRFESTINGAR


Kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu námu 36.943 milljónum á árinu og sala innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskríteina umfram kaup 447 milljónum. Kaup erlendra verðbréfa umfram sölu námu 20.248 milljónum.

### EIGNIR


Eignir sjóðsins námu 664,8 milljörðum í árslok samanborið við 602,4 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því rúmum 62 milljörðum.

Eignasafnið er vel áhættudreift. Þannig eru um 33% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, samanborið við 27% árið áður. Innlend hlutabréfaeign nemur 17% af eignum sjóðsins. Þá eru 23% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 14% í öðrum skuldabréfum, 12% í safni sjóðfélagalána og 1% í bankainnstæðum og öðrum eignum.

#### Skipting eignasafns



#### Eignir samtals



### STJÓRN

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður  
Ólafur Reimar Gunnarsson, varaformaður  
Auður Árnadóttir  
Árni Stefánsson  
Benedikt K. Kristjánsson  
Guðný Rósa Þorvarðardóttir  
Ína Björk Hannesdóttir  
Magnús Ragnar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri,  
Guðmundur Þ. Þórhallsson

live.is

## ÁRSFUNDUR 2018

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn miðvikudaginn 21. mars nk. kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.





Valdís Þóra Jónsdóttir lék fyrstu tvo hringina á ISPS Handa-móttinu á pari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Valdís Þóra fór áfram í Ástralíu

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir komst í gegnum niðurskurðinn á ISPS Handa móttinu í Adelaide í Ástralíu. Mótið er hluti af LPGA-mótaröðinni í golfi. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir var fjórum höggum frá því að komast í gegnum niðurskurðinn. Þetta er í fyrsta sinn sem tveir íslenskir kylfingar keppa samtímis á sterkustu mótaröð heims í kvennaflokki.


Valdís Þóra lék fyrstu tvo hringina báða á pari. Íslandsmeistarinn fékk einn örn, fimm fugla, þrjá skolla og tvo skramba á öðrum hringnum. Hún er í 34.-43. sæti mótsins.

Valdís Þóra og Ólafía keppa aftur á sama móttinu um næstu helgi, Ladies Classic Bonville sem fer einnig fram í Ástralíu. – ips

## Niður brekku fer



Hækkaði um sjö sæti Freydis Halla Einarsdóttir hefur lokið keppni á sínum fyrstu Vetrarólympiuleikum. Hún keppti í svigi í gær og kom í mark á 1:53,15 mínútum. Freydis endaði í 41. sæti en fyrir leikana var hún með 48. besta árangur keppenda. Hún var með 46. besta tímamann í fyrri umferð en þann 42. í þeirri seinni. Freydis keppti einnig í stórsvigi en náði ekki að klára. Þá var hún fánaberi Íslands á setningarhátið leikanna. NORDICPHOTOS/GETTY



## NAUÐGUNAR-MENNING –

HVERNIG BIRTIST HÚN Í UMHVERFI OKKAR?

Morgunverðarfundur **Ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar** – fimmtudaginn 22. febrúar í sal Þjóðminjasafns Íslands 8.30–10.00

DAGSKRÁ

### 8.30 Setning fundar

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður ofbeldisvarnarnefndar og borgarfulltrúi

### 8.35 Nauðgunarmenning; birtingarmyndir nauðgunarmenningar í samhengi við kynjamerktu Finnborg Salóme Þóreyjarsteinþórsdóttir

### 9.00 Druslugangan

Helga Lind Mar og Ása Kristín Einarsdóttir ræða Druslugönguna, áhrif hennar á samfélagið og eigin reynslu

### 9.25 Hvernig birtist nauðgunarmenning í myndmáli; byltingin á beauty tips og próffilmlyndaátakið


Edda Ýr Garðarsdóttir

### 9.40 Umræður og spurningar

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir

Fundarstjóri: Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi og formaður ofbeldisvarnarnefndar

[www.reykjavik.is/mannrettindi](http://www.reykjavik.is/mannrettindi)



Reykjavíkurborg

# Hringja inn Vodafone í staðinn fyrir Borgun

Samningar KSÍ við sex helstu styrktaraðila sína runnu út fyrir skemmstu. Borgun endurnýjaði ekki samning sinn við sambandið. KSÍ fékk 300 milljónir fyrir fjórum árum. Síðan hefur mikið breyst og á HM-ári hækkar upphæðin.

**FÓTBOLTI** Bikarkeppnin í knattspyrnu mun fá nýtt nafn í ár en Borgun hefur sagt skilið við tengingu sína við íslenska knattspyrnu. Fyrirtækið ákvað að endurnýja ekki samning sinn við KSÍ og heldur ekki á nafni bikarkeppinnar en leikið hefur verið um Borgunarbikarinn síðan 2012.

Styrktarsamningar KSÍ við þess helstu bakhjarla runnu út fyrir skemmstu og var Borgun þar í hópi með Landsbankanum, N1, Icelandair og Íslenskum getraunum. Vodafone bættist í hópinn í stað Borgunar þann 8. febrúar síðastliðinn. Gildir s a m n - ingurinn til þriggja ára. Þar með lauk 15 ára samstarfi sem hafði getið af sér meðal annars Borgunarbikarinn og verkefnið, Leikur án fordóma svo fátt eitt sé nefnt.

S æ m u n d u r Sæmundsson, forstjóri Borgunar segir að aldrei hafi borið neinn skugga á samstarfið við KSÍ og fyrirtækið gangi stolt frá borði nú þegar

Styrktarsamningurinn var hins vegar á enda runninn og báðir aðilar ganga sáttir frá borði nú þegar honum lýkur.

Sæmundur Sæmundsson, forstjóri Borgunar



lokaspyrnan hefur verið tekin í þeirra samstarfi.

„Borgun og KSÍ hafa um langt árabil átt í afar góðu samstarfi og þar þá aldrei skugga á.

Borgun hefur verið stoltur styrktaraðili íslenskrar knattspyrnu og það var ánægjulegt að vera hluti af þeirri uppbyggingu sem íslensk knattspyrna, bæði karla

„Vodafone er stolt af því að vera bakhjarl öflugstarfs KSÍ hvort sem kemur að grasrótarstarfi sem og öflugum landsliðum,“ segir forstjóri Vodafone.

og kvenna, hefur verið í undanfarin ár. Styrktarsamningurinn var hins vegar á enda runninn og báðir aðilar ganga sáttir frá borði nú þegar honum lýkur,“ segir hann.

KSÍ kemur reyndar ekki að nafni í bikarkeppninni heldur eiga Fjarskipti, móðurfélag Vodafone, nafnaréttinn eftir að hafa keypt 365. Nafnasamningurinn er einnig runninn út og hefur Borgun ákveðið að endurnýja ekki samning sinn. Aðeins fimm fyrirtæki hafa kennt sig við bikarkeppnina en í áratug var keppt um Mjólkurbikarinn, svo Coca-Cola í rúm 10 ár, þá Visa bikarinn svo Valitor-bikarinn og loks Borgunarbikarinn síðan 2012.

CCEP, sem áður hét Vífilfell hefur þegar framlengt samning sinn við KSÍ og meiri líkur en minni eru á að hinir bakhjarlarnir framlengi sína samninga. Fyrir fjórum árum nam heildarvirði þeirra um 300 milljónum króna en KSÍ vill meira fyrir sinn snúd samkvæmt heimildum Fréttablaðsins enda verður landsliðið sýnilegt um allan heim í sumar þegar blásið verður til leiks á HM í Rússlandi. [benediktboas@365.is](mailto:benediktboas@365.is)

### /// Bikarkeppnin

ÁR	STYRKARAÐILI
1960–1985	Enginn
1986–1996	Mjólkurbikar karla
1993–2002	Coca-Cola bikar karla
2003–2010	VISA-bikar karla
2011	Valitor-bikar karla
2012–	Borgunarbikar karla



# POTTA

## OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN



YFIR  
**100**  
TEGUNDIR

# 20-50% afsláttur

af ÖLLUM pottum og pönnum

## NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

POTTASETT  
GRILLPÖNNUR  
GUFUSUÐUPOTTAR  
DJÚPAR PÖNNUR  
HRAÐSUÐUPOTTAR  
WOK-PÖNNUR  
POTTJÁRN  
LEIRPOTTAR  
KOPARPOTTAR-  
OG PÖNNUR

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:



**KitchenAid**



**Jamie Oliver**  
KEEP IT SIMPLE

evatrio

**Tefal**

# byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • [BYGGTOGBUID.IS](http://BYGGTOGBUID.IS)

Líkaðu við okkur á Facebook: [www.facebook.com/byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)



  
HÚSGAGNA  
HÖLLIN

ÞÆGINDI  
Á TILBOÐI  
AMERÍSKIR DAGAR  
frá 17. til 28. febrúar



**TAXFREE**  
afsláttur\* af La-Z-Boy og Broyhill



LA Z BOY®

\* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.



## EMPIRE

La-z-boy hægindastóll.  
Grátt eða brúnt áklæði.  
Stærð: 80 x 70 x 102 cm

LA Z BOY | Live life comfortably



**72.573 kr.** ~~89.990 kr.~~

## PARKER

La-z-boy hægindastóll.  
Grátt, svart blátt  
og ljóst áklæði.  
Stærð: 82 x 86 x 104 cm

LA Z BOY | Live life comfortably



**80.637 kr.** ~~99.990 kr.~~

## PARKER

La-z-boy hægindastóll.  
Svart, dökkbrúnt eða  
vínrautt leður.  
Stærð: 82 x 86 x 104 cm

LA Z BOY | Live life comfortably



**129.024 kr.** ~~159.990 kr.~~

## GRAND CANYON

Þetta er stóll fyrir hávaxna.  
Klæddur leðri á slitflötum.  
Fæst í brúnu, gráu, vínrauðu  
og svörtu.  
Stærð: 95 x 100 x 110 cm

LA Z BOY | Live life comfortably



**153.218 kr.** ~~189.990 kr.~~



## WARREN

Sófasett frá Broyhill. Ljósbrúnt slitsterkt áklæði eða hágæða brúnt leður.

2ja sæta áklæði: 170 x 95 x 92 cm

**137.089 kr.** ~~169.990 kr.~~

3ja sæta áklæði: 225 x 95 x 92 cm

**153.218 kr.** ~~189.990 kr.~~

Stóll í áklæði: 116 x 95 x 92 cm

**116.927 kr.** ~~144.990 kr.~~

2ja sæta leður: 170 x 95 x 92 cm

**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~

3ja sæta leður: 225 x 95 x 92 cm

**346.766 kr.** ~~429.990 kr.~~

Stóll í leðri: 116 x 95 x 92 cm

**258.056 kr.** ~~319.990 kr.~~



## LARAMIE

Þessir sívinsælu amerísku sófar frá  
Broyhill aftur komnir í eka leðri.  
Tveggja og þriggja sæta sófar og  
stóll. Hágæða, brúnt leður.

Stóll

**217.734 kr.** ~~269.990 kr.~~

2ja sæta, stærð: 170 x 95 x 95 cm

**266.121 kr.** ~~329.990 kr.~~



3ja sæta, stærð: 220 x 95 x 95 cm

**282.250 kr.** ~~349.990 kr.~~



## LARAMIE

Hornsófi með sígildu sniði.  
Þeir gerast einfaldlega ekki glæsilegri.  
Brúnt, eka leður. Stærð: 260 x 260 x 95 cm



**370.960 kr.**

~~459.990 kr.~~

## PINNACLE

3ja sæta La-Z-Boy  
sjónvarpssófi. Fæst í dökkgráu eða  
brúnu slitsterku áklæði og  
svörtu eða brúnu leðri.  
Stærð:  
210 x 95 x 105 cm



Áklæði

**225.798 kr.** ~~279.990 kr.~~

Leður

**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



**Einu sinni var**

„Það var ekki hundi út sigandi,“ segir Gunnar V. Andr sson lj smyndari sem var   vettvangi eftir ofsave ur   jan ar 1991. FR TTABLAÐIÐ/GVA



 g st  var Gunnarsson sko ar fallin tr    Hlj msk lagar inum eftir  ve ri . FR TTABLAÐIÐ/GVA

**Um helgina, af hverju ekki   ...****HORFÐU   ...**

Babylon Berlin. Þessi p ysku þ ttir gerast, eins og nafni  bendir til,   Berlin   þri ja  ratugnum. Vi  fylgjumst me  K lnar-l ggunni Gereon Rath sem er f r ur til Berlinar af dularfullum  st e um þar sem hann rannsakar m l fyrir lastadeild l greglunnar. Spilling og p l tiskar hr eringar eru daglegt brau    Weimarly veldinu sem gerir þ ttina  kaflega spennandi.



Camilla Rut,  hrifavaldur.

**HORFIR   UNÐANKEPNI S NGVAKEPPNINNAR**

„Ma urinn minn er   spila   porrabl ti um helgina svo  g  tla   d llast me  afkv minu, spurning hvort ma ur kiki   kaffi til tengd . Annars  tla  g   f  g  a vinkonu   heims kn og vi   tlum   horfa   undankepni S ngvakeppni sj nvarpsins saman, erum mj g spenntar   sj  atri in!“

**LESTU**

 tta fj ll, s gu um einl ga vinattu tveggja drengja, eftir Paolo Cognetti,  talskan rith fund. B kin hlaut virtustu b kmennaver laun  tala  ri  2017.

**HLUSTAÐU   ...**

Pl tuna Victory Lap me  rapparanum Nipsey Hussle. Þa  eru akk rat engar l kur   því   þessi plata ver i ekki    llum listum yfir pl tur  rsins   desember og rapp er k l   dag – þannig   ef þ  vilt taka þ tt   samr e um og koma  t  r þeim b e i k l og vi s ynn þ  er   hlusta   þessa pl tu kj ri  verkefni inn   helgina.

**Hugarþj lfun er eins og l kamsr ekt**

Me  aldrinum t pum vi  f rninni     lifa   n inu og þar me   kve num lifsg e um. Þa  m    last me  markvissri hugarþj lfun þar sem athyglinni er beint me   setningi   augnablikinu.

Kristjana Bj rg Gu brandsd ttir kristjana@frettabladid.is

** fer ir til sl kunar og huglei slu**

1. Sittu   st l me  h u baki. Ef m gulegt er skaltu vera me  baki  sovli i  fr  st lbakinu svo   hryggurinn f i ekki stu ning af því. Gott er   f turnir hvili   g lfinu. Loka u augunum og dr ptu h f i.
2. Beindu athyglinni   andardr ttinum sem streymir inn   likamann og  t  r honum. Fylgstu me  mismunandi skynjun   hverri inn- og  t ndun. Fylgstu me  andardr ttinum  n þess   b ast vi    eithva  s rstakt gerist. Þa  er engin  st e a til   breyta andardr ttinum   nokkurn h tt.
3. Eftir nokkra hri  hvarflar hugur þinn kannski burt. Þegar þ  tekur eftir því skaltu beina athyglinni r lega   andardr ttinum   n ,  n þess    l sa þ r   nokkurn h tt. Þa    þ   ttar þig     hugurinn hefur hvarfla  fr  og beinir athyglinni   r ttan sta    n   n allrar sj lfsgagnr ni er kjarninni   n vitundarhuglei slu.
4. Hugur þinn ver ur kannski   lokum r legur eins og lygn tj rn – n , e a ekki. Þ tt þ  finnur fyrir algerri kyrr  varir þa  kannski ekki lengi. Ef þ  finnur fyrir rei i e a pirringi getur þa  l ka vara  stutt. Hva  sem gerist skaltu bara leyfa því   vera eins og þa  er.
5. Eftir m n tu skaltu opna augun og vir a fyrir þ r herbergi    n .

**  N VITUND ER S  VITUND SEM SKAPAST VIÐ**** D BEINA ATHYGLNINI****ME   SETNINGI   ÞESSU****AUGNABLIKI,  D ÞV  SEM****ER,  N ÞESS  D D MA.**

Mark Williams og Danny Penman. Mark var pr fessor   kl niskri s lfrae i vi  Oxfordh sk la og Danny Penman er lifefnafrae ingur og rit-h fundur.   b kinni er   finna kennslulei beiningar   einf ldum  fer um til sl kunar og huglei slu. Þar   me al þessa sem hentar afar vel b e i   vinnusta  og heima vi .

Anna D ra Frostad ttir l kir hugarr ekt vi  l kamsr ekt. Þa  er h gt   n  g  um  rangri til betri heilsu og vell unar ef ma ur er tilb inn   leggja   sig þj lfun.







Sheer  
Driving Pleasure



BMW X2

# VERTU ÖÐRUVÍSI.

## NÝR BMW X2.

Nýr BMW X2 vekur athygli hvert sem leið hans liggur. Hér er á ferð framúrskarandi sportjeppi, hvort sem lítið er til aksturseiginleika, tæknilegs búnaðar eða hönnunar og útlits. Þú nýtur þess að finna samtímis kraft og mýkt, nákvæmni og öryggi.

Taktu eigin ákvarðanir og reynsluaktu BMW X2 í dag!

**B|L**

BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12-16





„Mundu að það koma prófkjör.“ Þetta fékk Þorgerður að heyra þegar hún viðræði umdeilda skoðun innan Sjálfstæðisflokksins. Hún segist hafa átt góðan og sáran tíma í flokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Varnarleysið var óþolandi

**Þorgerður Katrín** ræðir mótmælin fyrir utan heimili sitt, tíma sinn í stjórn-málum og eftirmál bankahrunsins.

Þorgerði Katrínu þekkjast flestir. Hún sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í meira en áratug, gegndi embætti varaformanns Sjálfstæðisflokksins og sat sem ráðherra fyrir flokkinn í ríkisstjórnunum. Þorgerður steig aftur inn á hið pólitíska svið fyrir Viðreisn fyrir tæpum tveimur árum, eftir að hafa hætt afskiptum af stjórn-málum fyrir kosningar 2013. Hún ákvað að stíga til hliðar meðal annars vegna fjármálagerninga eiginmanns síns, Kristjáns Arasonar. Hún segist hafa lært af mistökum sínum.

„Ég gerði mistök. Hluti af því var meðvirkni í aðdraganda hrunsins. En mér finnst ég vera sterkari stjórn-málamaður í dag en ég var þá og ég var nú bara sáemilega ánægð með mig á sínum tíma. Stundum kannski einum of,“ segir Þorgerður og hlær.

Flokkur hennar missti þrjá þingmenn í síðustu kosningum, fór úr sjö þingmönnum í fjóra, eftir umdeild stjórnarslit samstarfsflokks þeirra í ríkisstjórn, Bjartrar framtíðar. Þorgerður tók við stjórnartaumunum í flokknum eftir að Benedikt Jóhannesson sagði af sér formennsku og Viðreisn komst inn á þing. Þorgerður hefur einungis gegnt formennsku í flokknum í nokkra mánuði, en

landsþing Viðreisnar verður í byrjun mars. Þar verður kosið um forystu flokksins þar sem hún mun sækjast eftir áframhaldandi formennsku.

„Ég lít á þetta sem langhlaup. Nú erum við að byggja upp flokkinn, erum að fara í sveitarstjórnarkosningar – eigum verk fyrir höndum í því að byggja flokkinn upp um allt land. Það er mjög mikilvægt að við náum árangri í borginni líka. Mér sýnist ekki veita af þriðja aflinu hér í borginni þegar maður hlustar á þessa höfðingja, Dag [B. Eggertsson] og Eyþór [Arnalds],“ segir Þorgerður, stríðin. Sóknarfærin séu mörg. „Ekki bara í því hvernig þarf að byggja upp í borginni, heldur líka í því hvernig á að reka hana. Þar verður Viðreisn með sterka framtíðarsýn.“

## Fara fram undir eigin merkjum

Talað er um að framboðin í borginni verði jafnvel tíu. Viðreisn ætlar fram í borginni af fullum krafti undir eigin merkjum. Viðreisn er þó litill flokkur og nýr og hefur ekki hina svokölluðu flokksmaskínu á bak við sig. Þorgerður segist ekki vilja slíkt lengur.

„Maskínan er aðáunarverð og virkar fyrir suma. Ég nota mína reynslu úr Sjálfstæðisflokknum en vil byggja Viðreisn upp öðruvísi. Við höfum forskot sem er frjálslýndi. Við erum óbundin og getum tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem við viljum, sem mér hefur oft á tíðum fundist minn gamli flokkur ekki gera nægilega vel. Ég nefni kynjasjónarmið, umburðarlyndi, ákveðin viðhorf sem við viljum að okkar listar endurspegli.“

Sjálfstæðisflokkurinn fúnkerar á ákveðinn hátt og það ber að virða. Ég átti í heildina góðan tíma í flokknum, en auðvitað erfiðan líka. Það var vissulega stór ákvörðun fyrir mig að taka skrefið yfir í Viðreisn, en það var rétt skref fyrir mig.“



## HANN HÉLT Á STELPUNNI

### OKKAR. ÞÁ VILDI EINHVER

### MEINA AÐ VIÐ VÆRUM AÐ

### NOTA FATLAÐA DÓTTUR

### OKKAR SEM SKJÓL.

## Standi upp gegn ihaldinu

Þróunin í stjórn-málum hér á landi er, eins og fyrir segir, að verða til þess að fleiri og smærri framboð stíga inn á hið pólitíska svið. Þorgerður segist aðspurð engar áhyggjur hafa af því að Viðreisn detti úr tisku og hverfi af sviðinu. „Nei, ég hef engar áhyggjur af því. Nema ef við hættum að vera trú sjálfum okkur. Ég tel vera pláss fyrir málefni sem Viðreisn leggur áherslu á, frjálslýndi í sinni breiðustu mynd. Strax er gerð sú krafa að við dettum inn í gömlu vinnubrögðin, að við verðum eins og gamaldags stjórnarandstöðuflokkur. Séum á móti bara til þess að vera á móti. Þannig hefur það alltaf verið, óháð því hvort það fer gegn almannahagsmunum eða ekki.“

Viðreisn mun standa lengi ef við þorum að gera hlutina öðruvísi en fjórflokkurinn. Það sorglega við útkomu síðustu kosninga er að frjálslýndi átti undir högg að sækja. Við stöðum í lappirnar og náðum inn – aðrir gerðu það ekki. Mér finnst spurningin til lengri tíma vera þessi: Hvernig náum við að virkja hér frjálslýnd öfl sem eru alþjóða-

sinnuð, umhverfissinnuð, jafnréttis-sinnuð – svo þau hafi raunverulega þýðingu? Ekki eitthvað sem er sagt á tyllidögum og svo sett upp í hillu á meðan ríkisstjórn er mynduð,“ segir Þorgerður.

Mikilvægt sé að frjálslýndi standi upp gegn ihaldssömum öflum í samfélaginu sem víða sé að finna. „Þetta er fólk sem er tortryggt á alþjóðasamstarf, myntbreytingu, kerfisbreytingar og breytingar almennt. Í borgarmyndinni getum við talað um fólk sem fer gegn Borgarlínunni eða vill flugvöllinn áfram í Vatnsmýri og skapar markvisst togstreitu og setur myndina upp svarhvíta. Í annarri mynd getum við rætt mál eins og landbúnaðinn, eða ríkisborgaramálin sem sumir segja að séu smámál en ég segi að sé risamál, því ríkisborgaramálin sýna svo glögglega hvernig samfélag við viljum byggja upp.“

## Metnaðarleysið algjört

Viðreisn talar fyrir alþjóðasamstarfi, vill íslensku krónuna frá og taka upp nýja mynt eða festa gengið. ESB á sér fáa málsvara um þessar mundir. Brexit er risastórt úrlausnarefni, sem bætist við gagnrýni á skriffinnsku í Brussel, umræðu um lýðræðis-halla og væringar vegna flóttafólks. Margir tala um að krónan sé í raun bjargvættur okkar og forsenda þess að Ísland reis fljótt úr rústum ónýts fjármálakerfis eftir bankahrunið 2008. Þorgerður er því ósammála.

„Núna eru enn og aftur blikur á lofti. Toppi hagsveiflunnar er náð. Við heyrum af hópuppsögnum hjá rótgrónum fyrirtækjum og afkomu-viðvörðunum hjá stórum félögum á markaði. Það sem er að gerast er miskunnarleysi samkeppninnar. Það kallar fram hagræðingu og viðbrögð en líka umræðu. Ég vona að alþjóðahyggið komist aftur á kortið. Hópuppsagnir eins og hjá Odda á

dögunum undirstrika þörfina fyrir umbætur. Það er sama hvaða frétt maður les, þar er krónan dregin fram sem stór orsakavaldur og óstöðug-leikinn sem henni fylgir,“ útskýrir Þorgerður.

„Þetta er það sem er svo ógrandi en skemmtilegt við að vera í Viðreisn, við þorum að segja að keisarin sé í engum fötum, þrátt fyrir að það sé ekki endilega vinsælasta málið, að tala um kerfisbreytingar, til að mynda í peningamálum. Sumir vilja alls ekki setja þetta mál á dagskrá. Þess vegna verður að halda þessum gömlu stjórn-málaflokkum við efnið, því annars munu þeir alltaf setja þetta til hliðar,“ segir Þorgerður og nefnir stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar máli sínu til stuðnings.

„Þetta er alveg fallett. Talað um uppbyggingu innviða og svona, en metnaðarleysið í því að horfa til framtíðar er algjört. Það er sorglegt að sjá ungt og hæfileikaríkt fólk eins og er innan ríkisstjórnarinnar ýta undir það að við tökum ekki skref í átt að breytingu peningastefnunnar.“

## Láta ekki þagga niður í sér

Þriggja manna verkefnisstjórn var skipuð í fyrra til að endurskoða peningastefnuna. Í verkefnisstjórninni eiga sæti Illugi Gunnarsson, hagræðingur og fyrrverandi samflokksmaður Þorgerðar, og hagræðingarnir Ásdís Kristjánsdóttir og Ásgeir Jónsson. Stefnt var á að skila niðurstöðum verkefnisstjórnarinnar seint á síðasta ári en þær hafa enn ekki verið birtar.

Þorgerður segir nokkuð fyrrsjáanlegt hvernig ríkisstjórnin muni nýta sér niðurstöðu nefndarinnar og að þau muni þjappa sér saman og minnsta mögulega samnefnarann. „Við sjáum það á umræðunni. Þau munu vilja halda í krónuna. Þannig verður íslenskum heimilum ➔





Sheer  
Driving Pleasure

SÝNDU DIRFSKU.



# TAKTU AFSTÖÐU.

## NÝR BMW X2.

Glæsileg hönnun, jafnt að utan sem innan, ásamt snerpu og gríðarmiklum togkrafti eru helstu aðalsmerki nýja BMW X2 sportjeppans. Þú finnur um leið og þú sest undir stýrið að skemmtilegt ævintýri er í þann mund að hefjast.

Taktu eigin ákvarðanir og reynsluaktu BMW X2 í dag!

**B|L**

BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12-16



➔ boðið upp á sömu rússíbanareid-  
ina með krónunni. Í þinginu heyrum  
við fjármálaráðherra tala niður  
EES-samninginn, stofnanir EFTA-  
ríkjanna og ESB. Við sjáum þing-  
menn Sjálfstæðisflokksins tala fyrir  
endurskoðun á EES-samningnum og  
vitandi það að Framsókn hefur haft  
stefnu og fólk innanborðs sem vill  
segja sig frá EES-samningnum. Það  
eru augljóslega teikn á lofti sem mér  
hugnast ekki.

Þarna þarf Viðreisn að stiga fast  
niður og ekki láta ákveðin öfl sem  
ráða miklu, meðal annars sumum  
fjölmöldum, þagga niður í okkur. Það  
er kominn tími til að við tökum á  
þessu. Við erum langminnsta mynt-  
kerfi í heimi,“ segir hún og bætir við  
að heimilin í landinu búi ekki við val-  
frelsi, því þau búi við íslensku krón-  
una. „Jú, þau geta valið um verðtryggt  
eða óverðtryggt lán, en stórfyrirtækin  
geta gert upp í evrum, dollurum og  
krónum. Atvinnulífið getur valið, en  
almenningur ekki. Mér finnst það  
ekki sanngjarn.“

### Sjávarútvegur klár í breytingar

*Ertu þá að tala um útflutningsfyrir-  
tækin? Sjávarútveginn til að mynda?*  
„Þegar ég var í sjávarútvegs- og land-  
búnaðarráðuneytinu kom fólk úr  
þessum greinum og viðurkenndi  
fyrir mér að eitt helsta vandamálið  
væri íslenska krónan. Vandamálin í  
landbúnaði á síðasta ári voru vegna  
krónunnar, það kom ítrekað fram.  
Sama með sjávarútveg.“

Það eru ákveðnir einstaklingar og  
forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja  
sem eru alveg til í þessa umræðu um  
krónuna og eru tilbúnir að taka  
ákveðin skref til að reyna að ná sátt í  
sjávarútvegi. Þeir gera sér grein fyrir  
því að þeirra stöðugleiki hvíli meðal  
annars á því að þeir stigi inn og segi  
ótvírætt að þeir telji rétt að greiða  
þjóðinni sanngjarnt verð fyrir auð-  
lindina. Án útsrúninga. Aðrir eru  
ekki tilbúnir í sömu umræðu.

Stóra myndin er sú að sjávarút-  
vegurinn stendur vel, það er hægt  
að sníða af agnúa, en þetta er öflug  
grein sem við getum verið stolt af.  
Sjávarútvegurinn á að vera ákveðin  
fyrirmynd fyrir landbúnaðinn. Við  
höfum breytingar á því kerfi á síðasta  
kjörtímabili.“

### Fékk á baukinn

*Það var ekkert endilega mikil sátt um  
þær breytingar? Þorgerður hlær. „Ég  
fékk á baukinn. Þegar þú ferð inn í  
breytingarferli þá tekur það tíma,  
það skapar ákveðið óryggi en þegar  
þú ert sannfærð um hvað þú ert að  
gera, og stefnan er skýr, þá er það þess  
virði þó það kosti að ganga í gegnum  
svipugöng. Tímabil breytinga geta  
verið erfið. Kosningarnar komu á því  
tímabili, sem var óheppilegt og erfið  
fyrir okkar fólk, sér í lagi á lands-  
byggðinni. Það var reynt að mála  
þetta svarthvítum litum.“*

Það var samt gaman að það voru  
bændur sem höfðu samband og sögð-  
ust sammála mér en ósammála þeirri  
stefnu sem hafði verið rekin. Bændur  
sem vildu frelsi og svigrúm til að fara  
í nýsköpun. En Sjálfstæðis- og Fram-  
sóknarmönnum tókst að hræða fólk  
með því að segja að Viðreisn ætlaði  
ekki að styðja við landbúnað. Það var  
fjarri. Við lögðum áherslu á að styrkja  
landbúnaðinn og tryggja jafnvægi,  
eðlilega framleiðslu, án þess að það  
væri gert á kostnað neytenda.“

Þorgerður segir flokkinn ekki  
hafa gert nægilega gott mót á lands-  
byggðinni, meðal annars af þessum  
sökum. Aðrir þættir hafi spilað inn í.  
Sumir voru óánægðir með fjárlaga-  
frumvarpið en í því hafi birst þor til  
langtímalausna eins og að einfalda  
skattkerfið, gæta jafnræðis milli  
atvinnugreina og uppfylla skuld-  
bindingar í loftslagsmálum. „Maður  
er óbundinn og frjálst til að fara inn  
í erfiða hluti. Það er munurinn á því  
að vera á þeim stað sem ég er núna  
og þar sem ég var áður. Maður er ekki  
hræddur við hagsmunaaðila. Maður  
veit að maður fær hvort ed er á bauk-  
inn frá þeim.“

**„Mundu að það koma prófkjör“**  
*Hvernig lýsir þessi þrýstingur hags-  
munaaðila sér? Þorgerður segir*



### ÞAD VAR

### VERIÐ

### AÐ EGGJA

### HÚSIÐ, VIÐ

### VORUM AÐ

### REYNA AÐ

### FARA ÚT

### ÁÐUR EN

### BÖRNIN OG

### NÁGRANN-

### AR VÖKN-

### UÐU, TIL AÐ

### HREINSA.

**Þorgerður  
Katrín segir að  
það hafi verið  
erfiðast gagn-  
vart fatlaðri  
dóttur sinni  
þegar mót-  
mælt var fyrir  
utan heima hjá  
henni. FRÉTTA-  
BLAÐIÐ/EYFÓR**



hann hafa birst í ýmsum myndum.  
„Það koma einstaklingar, fólk sem er  
öflugt í flokknum, og segja manni að  
fara varlega. Svo eru skilaboðaskjóð-  
ur notaðar til að segja manni hvað  
sé heppilegt og hvað ekki. Það var  
algengt, sérstaklega þegar umræðan  
snerist um auðlindamál, að maður  
fengi að heyra setningar eins og „vina  
mín, þú þarft nú að standa fyrir þess-  
ari afstöðu þinni seinna á landsfundi  
og mundu að það koma prófkjör“. Í  
Viðreisn sé ég tækifæri til að gera  
hlutina öðruvísi með því að hlusta  
á frjálslyndið. Halda mig fjarri þeim  
sem vilja banka í öxlina á manni.“

Stjórnmal fyrir sumum eru trúar-  
brögð. Þorgerður hafði starfað lengi  
innan Sjálfstæðisflokksins, var trúað  
fyrir mikilvægum störfum þar og  
margir urðu sárir þegar hún hætti.

*Voru persónuleg særindi? „Ég horfi  
á pólitíkina þannig að pólitíkin er eitt  
og við eigum að hafa það hugfast að  
henni lýkur á einhverjum tíma. Þá  
verður þú að geta talað við fólk og  
horft í augun á því. Ég treysti mér til  
að gera það eftir pólitíkina.“*

En, það var ákveðinn hópur sem  
fannst gott að ég skyldi fara því þá  
var hann kominn með meira skot-  
leyfi. En það eru ákveðnir hópar og  
einstaklingar sem mér þykir mjög  
vænt um og eru enn í flokknum. Mér  
finnst það gott því það er mikilvægt  
að hafa gott fólk sem hægt er að tala  
við í öllum flokkum. Sumir eru sárir,  
aðrir skilja mig vel. Mér hefur pers-  
ónulega alltaf þótt mikilvægt að fólk  
standi með sjálfu sér.

Nú er hafinn nýr kafli og þeir sem  
eru vinir minir skilja það og sam-  
gleðjast mér enda er ég frjálst til að  
haga minni pólitík eftir mínu höfði.  
Höfum hugfast að það á enginn neitt  
í pólitík, það getur enginn átt ein-  
hverja aðra. Maður lærir af reynslu-  
inni og það er mesta öryggið mitt í  
dag, sára reynslan, góða reynslan; að  
taka það allt áfram því þannig verður  
maður hugrakkari.“

### Skiljanleg reiði

Eiginmaður Þorgerðar starfaði sem  
framkvæmdastjóri í Kaupþingi

fyrir hrun. Þau hjónin komu bæði  
fyrir í Rannsóknarskýrslu Alþingis.  
Almenningur var reiður eftir hrunið,  
fannst brotið á sér. Hópur fólks mót-  
mælti fyrir utan heimili Þorgerðar.  
Hún lýsir þeim tíma sem erfiðum.

„Ég skil reiðina. Ég skil að fólk hafi  
verið reitt út í okkur líka. Ég hef sagt  
að þetta sé tímabil sem mikilvægt er  
að læra af. Þjóðin þurfti að fara í gegn-  
um uppgjör. Rannsóknarskýrslan  
var hluti af því. Auðvitað fór maður  
sjálfur í persónulegt uppgjör. Ég hef  
skilið þennan kafla í mínu lífi eftir í  
fortíðinni. Ég hef reynt að líta á þessa  
reynslu sem þroskandi fyrir okkur öll.  
En þegar ég lít til baka á þennan tíma  
stingur hvað það voru fáir í flokknum  
sem stóðu við bakið á mér. Það voru  
ákveðnar vinkonur mínar sem höfðu  
samband og knúsuðu mig, en enginn  
úr forystu flokksins,“ lýsir Þorgerður.

Hún segist þakklát Steinunni  
Valdísí Óskarsdóttur, fyrrverandi  
borgarstjóra, sem steig fram á dög-  
unum og lýsti því hversu mikil áhrif  
það hafði á hana og hennar fjölskyldu  
þegar mótmælt var fyrir utan heimili  
hennar.

„Mér finnst hún hugrökk að fara  
fram og ég virði hana. Enn finnst mér  
leitt að sjá að sumir þeirra sem stóðu  
fyrir utan heimili okkar hafi ekki séð  
að sér. Að það séu enn til einstakling-  
ar, aðallega karlar, sem finnst í lagi að  
mótmæla fyrir framan heimili fólks.  
Það er þetta varnarleysi sem foreldri  
stendur frammi fyrir, að þú getir ekki  
varið börnin þín eða heimili,“ segir  
Þorgerður en undirstrikar réttinn til  
að mótmæla. Hann sé mikilvægur  
hverju lýðræðisríki.

„En mótmælið niðri á þingi, í ráðu-  
neytum, en ekki við heimili fólks.“

### Erfiðast gagnvart dótturinni

Í fyrsta sinn sem mótmælt var fyrir  
utan hjá henni segist hún hafa fengið  
veður af því með stuttum fyrirvara.  
„Við eigum tvo drengi sem voru að  
koma heim úr Krikanum í sínum  
æskublöma. Við rétt gátum forðað  
því að þeir gengju inn í hóp af mjög  
æstu fólki.“

Svo er það ekki síður það, sem

situr mest í mér, að vera með fatlað  
barn, sem þarf ákveðinn undir-  
búning, öryggi og skipulag og á erfið  
með að upplifa eitthvað skyndilegt.  
Við náðum ekki að undirbúa hana  
og hún sturlaðist. Á meðan beið  
fólkið fyrir utan og ég man, að einn  
tiltekinn einstaklingur kom á dyrnar  
og afhenti manninum mínum eitt-  
hvað. Hann hélt á stelpunni okkar.  
Þá vildi einhver meina að við værum  
að nota fatlaða dóttur okkar sem  
skjól. Þarna hafði hún verið frávíta  
inni stuttu áður.

Þá fannst mér samfélagið vera  
komið á ofboðslega lágt plan. Þarna  
stóðu tilteknir einstaklingar og  
töldu sig vera einhverja málsvara  
alþýðunnar eða réttlætisins. Það var  
síður en svo,“ lýsir Þorgerður og segir  
mikilvægt að eftirleikur hrunsins sé  
líka gerður upp. Hvernig samfélagið  
brást við og hvernig við ætlum að  
læra af reynslunni.

„Við þurfum að hafa kraft og þor  
til að detta ekki í populisma, heldur  
standa vörð um grunnreglur réttar-  
ríkisins.“

### Djöfullegt að vera langrækinn

„Þegar fólk mótmælir svona fyrir  
framan heimili manns þá er svo  
miklu meira sem hangir á spýttunni  
heldur en bara það að kasta ókvæð-  
isorðum að stjórnmalamönnum  
sem þeim mislíkar við. En þetta er  
reynsla. Þetta tekur maður með sér  
og reynir að hugsa þegar maður  
mætir þessu fólki í dag, sem pabbi  
mínn minnti mig alltaf á: Það er  
mannlegt að reidast en djöfullegt  
að vera langrækinn,“ útskýrir Þor-  
gerður og heldur áfram.

„Þetta er ein af allra sárustu  
stundunum í mínu pólitíska lífi. Þó  
hafði maður upplifað eitt og annað,  
pólitísk átök þar sem var farið fyrir  
neðan belti. Og líka að finna það að  
flokkurinn hélt ekki utan um mann.“

*Hvað stóð þetta yfir lengi? „Þetta  
voru nokkur skipti. Aðallega tvö  
sem voru afar erfið. Það var verið að  
eggja húsið, við vorum að reyna að  
fara út áður en börnin og nágrannar  
vöknudu, til að hreinsa. Passa upp á*

allt fyrir börnin. Það var alltaf það  
sem maður var að gera, passa að dag-  
legt líf barnanna breyttist ekki. Börn  
stjórnmalamanna vita að það er ekki  
alltaf skemmtilegt, en það eru mörk.  
Samfélagið hlýtur sjálft að setja sér  
mörk. Varnarleysið var óþolandi.  
Mér fannst ég ekki geta lagt faðm-  
inn utan um börnin á þessum tíma.“

### #metoo snerti Þorgerði

Hún ræðir meira um þá virðingu  
sem hún ber fyrir konum á borð við  
Steinunni Valdísí. „Ég dáist að öllum  
#metoo-sögunum. Ég er að átta mig  
á því að við erum mjög margar sem  
eigum svona sögur. Ég setti mínar  
sögur í skúffuna – og hún er eigin-  
lega enn þá læst. En það eru þarna  
menn sem ég vil ekki fá aftur upp í  
hugann. Við eigum allar sögur, þó  
þær séu af mismunandi stærðar-  
gráðum. Allt frá því hvernig talað er  
á fundum yfir í kynferðislega áreitni,  
mikla áreitni. Ég mun fara yfir þetta  
með sjálfri mér einhvern daginn.  
Ég þarf að gera upp ákveðin mál.  
Þess vegna dáist ég svo að þessum  
stelpum og konum sem hafa stigið  
fram og sagt frá sinni reynslu. Þær  
eru þerapían mín.“

### Gerir ekki sömu mistök tvisvar

Líkt og áður var nefnt komu nöfn  
Þorgerðar og eiginmannsins fyrir  
í Rannsóknarskýrslu Alþingis. Nú  
er von á nýrri skýrslu, frá Hann-  
esi Hólmsteini Gissurarsyni, um  
erlenda áhrifaþætti bankahruns-  
ins. Hún verður birt í fyrsta lagi í  
apríl, en bútar hafa ratað fyrir augu  
útvaldra. Það vakti athygli þegar  
Hannes birti í janúar á bloggsíðu  
sinni greinina „Andmælti Davíð en  
trúði honum samt“ sem fjallar um  
viðbrögð Þorgerðar við viðvör-  
unum Davíðs Oddssonar, sem þá var  
seðlabankastjóri, um bankahrunið.  
Hannes sagði þar að Þorgerður og  
maður hennar hefðu haft fjárhags-  
legan ávinning af viðvörðunum seðla-  
bankastjórans, þó að Þorgerður  
hefði sagst ekki trúa þeim á sínum  
tíma.

*Er eitthvað til í þessu? Þorgerður  
segist ekki hafa lesið skýrsluna og  
eiga erfið með að svara óljósum  
ásökunum. „Ég hef talað opinskátt  
um mín mál og eiginmanns míns.  
Ég hef viðurkennt mistök og lært  
af þeim. Ég vona það líka að þegar  
maður hefur stigið til hliðar frá póli-  
tík að maður eigi endurkomu auðið.  
Það er búið að velta við hverjum  
steini í máli mannsins míns í sjö eða  
átta ár. Hann var sýknaður af öllum  
kröfum. Það eina sem ég get sagt um  
þessa skýrslu er að ég vona að þetta  
sé ekki bara enn eitt Reykjavíkurb-  
bréfið, nema að nú sé það á ensku.“*

Auðvitað eru ákveðnir einstak-  
lingar og öfl í pólitíkinni sem munu  
gera allt til að endurnýta og -nota  
málin. Ég veit að þau munu gera allt  
til þess að gera líf mitt óbærilegt í  
pólitík, en þá erum við komin aftur  
þangað, að við verðum að þora.  
Ég er fyrir vikið miklu óhræddari,  
miklu frjálssari til að gagnrýna það  
sem verður að gera betur,“ segir hún.

„Ég er á því að við eigum að skoða  
og læra af þessu öllu saman. Það  
voru svo margir hlutir sem voru  
ekki í lagi, bæði í stjórnmalum og í  
atvinnulífinu. Þess vegna reyni ég að  
berja mig áfram á hverjum einasta  
degi, rýna í fortíðina, læra af henni,  
svo ég geti orðið betri stjórnála-  
maður og barist fyrir því sem ég trúi  
á. Ég vil umbætur svo við fáum fólk-  
ið okkar heim eftir nám í útlöndum,  
svo við getum tekið utan um fatlaða,  
búið til öflugt menntakerfi, og þar  
fram eftir götunum. Þannig að fólk-  
inu okkar líði vel. Það er búið að fara  
í gegnum allt, allar spurningar, öllu  
var velt við; hverja einustu kjafta-  
sögu, hvert einasta plagg. Þess vegna  
tók þetta allan þennan tíma. Og þá  
spyr maður: Hvenær má maður  
halda áfram með lífið? Hvenær er  
nóg nóg?“

Þorgerði líður vel í dag og segist  
þakklát fyrir tækifærið til að nýta  
reynslu sína og gera betur. „Það er  
gaman að mæta í þingið, hitta fólk  
mítt í Viðreisn og taka þátt í pólitík  
á nýjan leik. Því hvað sem hver segir  
þá er hún fjandi skemmtileg.“





Sheer  
Driving Pleasure



# SÝNDU DIRFSKU. NÝR BMW X2.

Þú nýtur þess í botn að keyra nýjan BMW X2. Þessi framúrskarandi sportjeppi vekur athygli jafnt á strætum borgarinnar sem á þjóðvegnum. Hann hlýðir öllum þínum skipunum með mykt en án þess að spara kraftana. Hann er ólíkur öllum öðrum bílum sem þú hefur ekið.

Taktu eigin ákvarðanir og reynsluaktu BMW X2 í dag!

**B/L**

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12-16



# Fjöldi spillingarmála varð „Teflonforsetanum“ að falli

Jacob Zuma sagði af sér forsetaembætti Suður-Afríku í vikunni, flæktur í fjölda spillingarmála. Cyril Ramaphosa tók við af honum. Var áður ræðismaður Íslands í Jóhannesborg.

Þórgnýr Einar Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



Stærstu ógnirnar sem stöðja að ríkinu okkar eru glæpir, atvinnuleysi og spilling.“ Þessi orð hafa lengi verið eignuð Nelson Mandela, fyrrverandi forseta Suður-Afríku. Bládamadur gengur ekki svo langt að fullyrða að orðin séu hans í raun og veru en ef svo er mætti ætla að Mandela snúi sér í grófinni þessa stundina vegna atburða liðinnar viku.

Jacob Zuma sagði af sér forsetaembætti Suður-Afríku á miðvikudaginn eftir að ljóst var að bæði stjórn og stjórnarandstaða myndu styðja vantraust á hendur honum á fimmtudeginum. Ástæðan er spillingarmál sem eru til rannsóknar hjá lögreglu.

## Erfiður ferill

Jacob Zuma varð forseti í maí 2009 og entist hann því rétt tæplega níu ár í starfi. Áður hafði hann verið varaforseti og þá var hann einnig forseti Afríska þjóðarráðsins (ANC), leiðandi stjórnmalaflokks Suður-Afríku, í tvö ár áður en hann varð forseti og var raunar allt fram í desember þegar Cyril Ramaphosa steypiti honum af stóli. Sá hefur nú einnig tekið við forsetaembættinu af Zuma.

Stjórnmalaferrill Zuma hefur alla tíð verið þyrnum stráður. Hann hóf þátttöku í stjórnmalum á tvítugsaldri þegar hann gekk í þjóðarráðið árið 1959. Þegar suðurafrikska ríkisstjórnin bannaði þjóðarráðið 1961 gekk Zuma í Umkhonto we Sizwe og þaðan í flokk suðurafrikska kommúnista árið 1963.

Síðar sama ár var Zuma handtekinn ásamt 45 samflokksmönnum, grunaður um samsæri gegn Apartheid-stjórninni. Var hann dæmdur í tíu ára fangelsi á Robben-eyju þar sem hann sat meðal annars inni með fyrrnefndum Mandela.

Eftir að hann var leystur úr fangelsi var hann lykilmadur í uppbyggingu hins bannaða þjóðarráðs áður en hann fór í útleið. Þegar banninu var aflétt 1990 sneri Zuma aftur heim og var hann einn fyrstu leiðtoga ANC til að snúa aftur.

Sautján árum síðar var komið að því að velja nýjan forseta þjóðarráðsins. Þann 18. desember 2007 fékk Zuma 2.329 atkvæði gegn 1.505 atkvæðum Thabo Mbeki, fráfarandi forseta, sem sóttist eftir endurkjöri í leiðtogasæti flokksins.

## Ákærður í gríð og erg

Einingis tíu dagar liðu á milli þess að Zuma var kjörinn forseti ANC og þar til ríkissaksóknaraembætti Suður-Afríku gaf út ákæru á hendur honum þar sem Zuma var meðal annars sakaður um spillingu, fjárdrátt og peningþvætti.

Þetta var þó langt frá því að vera fyrsta hneykslismál þessa mikilvirta



Jacob Zuma, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, sagði af sér í skugga yfirvofandi vantraustsýfirlýsingar. NORDICPHOTOS/AFP



## STJÓRNMALAFERILL ZUMA

### HEFUR ALLA TÍÐ VERIÐ

### ÞYRNUM STRÁÐUR. HANN

### HÓF ÞÁTTTÖKU Í STJÓRN-

### MÁLUM Á TVÍTUGSALDRI

### ÞEGAR HANN GEKK Í

### ÞJÓÐARRÁÐIÐ ÁRIÐ 1959.

leiðtoga þjóðarráðsins. Má til dæmis nefna réttarhöldin yfir Schabir Shaik árið 2004. Shaik var fjármálaráðgjafi Zuma. Hann var dæmdur í fimmtán ára fangelsi eftir árslöng réttarhöld, meðal annars fyrir að hafa fyrir hönd Zuma sankað að sér um fjórum milljónum króna í mútur.

Málið varð til þess að Zuma var rekinn úr embætti varaforseta. Sagði Mbeki, þáverandi forseti, að

„með hagsmuni varaforsetans, ríkisstjórnarinnar, lýðræðisins og ríkisins í huga væri best að víkja Jacob Zuma úr starfi“. Zuma sagði einnig af sér þingmennsku vegna málsins.

Zuma var einnig ákærður fyrir spillingu í tengslum við milljarða Bandaríkjadala vopnasölusamning frá árinu 1999. Ákæran var gefin út 2005 en felld niður stuttu áður en hann varð forseti 2009. Þá var hann ákærður fyrir að hafa nauðgað fjölskylduvini árið 2005 en sýknaður 2006.

Málin eru fleiri. Árið 2016 fyrirskipaði dómstóll að ákæra skyldi Zuma í átján liðum fyrir spillingu í tengslum við fyrrnefndan vopnasölusamning. Því hefur Zuma áfrýjað og er málið í nokkurri kyrrstöðu. Dómstóll komst að þeirri niðurstöðu þetta sama ár að Zuma hefði rofið embættiseið sinn þegar hann varði almannafé í endurbætur á heimili sínu í Nkandla. Þann pening endurgreiddi Zuma ríkissjóði.

## Málið sem felldi Zuma

Málið sem felldi Zuma tengist hins vegar Gupta-fjölskyldunni. Sú fjölskylda á eitt umfangsmesta við-

skiptaveldi Suður-Afríku og teygir það anga sína inn í flesta geira. Bræðurnir Ajay, Atul og Rajesh fara fyrir veldinu en þeir fluttust til Suður-Afríku árið 1993 frá Indlandi.

Haukarnir, sérsvéit suðurafriksku lögreglunnar, gerðu áhlaup á heimili fjölskyldunnar á miðvikudaginn og handtöku þrjá. Gupta-fjölskyldan liggur undir grun í umfangsmiklu spillingarmáli og er Zuma talinn viðriðinn það mál. Um er að ræða málið sem felldi Zuma, trúlega kornið sem fyllti mælinn.

Í yfirlýsingu frá Haukunum á miðvikudag sagði að áhlaupið tengdist rannsókn á Estina-búgarði fjölskyldunnar nærri Vrede í Suður-Afríku. Markmið þessa verkefnis Gupta-fjölskyldunnar var að aðstoða króna renna í eigin vasa. Vert er að taka fram að fjölskyldan hafnar öllum slíkum ásökunum.

Fjölskyldan tengist Zuma nánnum böndum og hafa sonur, dóttir og ein eiginkvenna forsetans fyrrverandi unnið fyrir Gupta-bræður.

Áhrif fjölskyldunnar á valdamenn voru dregin fram í sviðsljósið árið

## Hver tók við?

Maður kemur í manns stað og er Cyril Ramaphosa nú orðinn forseti Suður-Afríku eftir að hafa hirt forsetastólinn í þjóðarráðinu af Zuma á síðasta ári. Ramaphosa

þessi á sér skrautlegan feril og er hann einn ríkasti maður Suður-Afríku. Eignir hans eru metnar á rúmlega 450 milljónir dala, eða um 45 milljarða króna.



Cyril Ramaphosa, nýr forseti Suður-Afríku.

NORDICPHOTOS/AFP

Ramaphosa auðgaðist til að mynda á hlutabréfum í suðurafrikska McDonald's en áhugaverðasta starfið sem hann gegndi, að mati blaðamanns, er án nokkurs vafa það þegar hann var ræðismaður Íslands í Suður-Afríku.

Þegar Mandela hætti sem forseti hafði Ramaphosa vonast til þess að taka við af honum. Það gekk þó ekki upp og varð Thabo Mbeki forseti í staðinn. Ramaphosa sat, líkt og margir leiðtogar ANC, í fangelsi fyrir baráttu gegn apartheid-stjórninni.

Sem nýr forseti sagðist Ramaphosa á fimmtudag ætla að beita sér gegn spillingu. Ætlar hann að setja í forgang að gæða suðurafrikska hagkerfið nýju lífi. Það verður erfið verkefni en atvinnuleysi þar í landi er í kringum þrjátíu prósent um þessar mundir.

2016 þegar þáverandi varafrjálmálaráðherra, Mcebisi Jonas, greindi frá því að honum hefðu verið boðnir fimm milljarðar króna fyrir að hlýða Gupta-fjölskyldunni.

Í kjölfarið fylgdi skýrsla frá umboðsmanni suðurafriksks almennings þar sem fjölskyldan og Zuma voru sökuð um ólöglegt samráð við gerð útboðssamninga.

Enn syrti í álinn fyrir Zuma og Gupta-bræður í fyrri þegar rúmlega 100.000 tölvupóstar láku á netið sem virtust sýna hversu óeðlilega langt angar viðskiptaveldisins teygðu sig. Bentu póstarnir til þess að um væri að ræða flókinn vef illa fenginna útboðssamninga sem og mútugreiðslur og peningþvætti.

## Mandela enginn dýrtingur

Hvort sem tilvitnunin hér í upphafi í Mandela er uppspuni eða sannleikur þykir ljóst að Mandela var enginn dýrtingur þegar kemur að spillingarmálum. Sást það til dæmis þegar Mandela veitti Mohamed Suharto, þáverandi forseta Indónesíu, æðstu virðingarorðu Suður-Afríku árið 1997.

Suharto var flæktur í mikinn fjölda spillingarmála. Í ársskýrslu Transparency International, alþjóðlegra gagnsæissamtaka, var hann til að mynda valinn spiltasti þjóðarleiðtogi. Talinn hafa stolið tugum milljóna dala frá indónesíska ríkinu. Þetta ár veitti Mandela öðrum spiltum stjórnmalamanni sömu orðu. Muammar Gaddafi, þáverandi leiðtogi Líbíu, var í náðinni hjá Mandela.

Orðuveitingarnar tvær voru ekki vinsælar á meðal stjórnarandstæðingum. „Þessar orðuveitingar til Gaddafi og Suhartos marka sorgardag í sögu lýðræðis okkar og minnka trúverðugleika okkar í baráttunni fyrir virðingu fyrir mannréttindum.“ hafði suðurafrikski miðillinn Mail&Guardian eftir stjórnarandstæðingnum Tony Leon árið 1997.

Sá munur er hins vegar á Mandela og Zuma að sá fyrrnefndi flæktist ekki í spillingarmál sjálfur, þótt það hafi samflokksmenn og samferðamenn hans sannarlega gert. Það er að segja ekki fyrr en eftir dauða sinn árið 2013. Óháð félagsamtök greindu frá því í desember síðastliðnum að embættismenn hefðu dregið til sín fé, ætlað jarðarförinni og uppbyggingu í nafni Mandela.





Sheer  
Driving Pleasure

SÝNDU DIRFSKU.



ENHEMI / SIA / NAB0061

# NÝR BMW X2. FRUMSÝNING Í DAG.

Hægt er að velja á milli 2ja lítra bensín- eða dísilvélar sem nota einungis frá 4,6 lítrum á hverja 100 km. Einnig má velja 7 eða 8 þrepa sjálfskiptingu, framdrif eða fullkomið xDrive fjórhjóladrifskerfi. Bakkmyndavél, 6,5" litaskjár og LED dagljós eru hluti staðalbúnaðar. Auk þess er í boði úrval búnaðar sem gerir nýjan BMW X2 einstakan í sínum flokki.

BMW X2 20i. Bensín, 192 hestöfl, sDrive – verð frá 5.790.000 kr.

BMW X2 20d. Dísil, 190 hestöfl, xDrive – verð frá 6.590.000 kr.

Taktu eigin ákvarðanir og reynsluaktu BMW X2 í dag!

**B|L**

**BL ehf**  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16**





Logi gekk í gegnum djúpstæða endurforritun á öllu sínu innra lífi þegar hann eignaðist son í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Föðurlutverkið eins og endurforritun

**Logi Pedro Stefánsson** rekur ásamt öðrum plötufyrirtækið Les Frères Stefson sem dælir út smellunum. Logi varð faðir fyrir ekki margt löngu og ræðir hvernig þetta tvennt fer saman.

þá fá þau bara lykla og borga ekki neitt.“

## Útungunarrými poppsmella

*Smellirnir virðast bara koma á færibandi héðan, hvernig fer maður að þessu?* „Það sem við höfum verið góðir í að gera er að finna hráan talent – Flóni og Birnir eru góð dæmi. Og vera svona „incubator“ einhvers konar stöð, hjálpa þeim að finna sig og sitt sánd, en samt leyfa þeim að vera þeir sjálfir og ýta þeim ekki í neina átt. Öll nettustu plötufyrirtæki sem hafa verið að gefa út rapptónlist – síðan svona á 10. áratugnum, þegar öll þessi litlu fyrirtæki voru að verða til og þessir rappmógúlar: Puff Daddy, Dre og Suge Knight – þeir stofnuðu allir plötufyrirtæki og komu með ákveðna nálgun á þennan fastmótada bransa.

Ég held að okkur hafi tekist að gera þetta þannig; listræn stjórnun á þjóra monni bizzness, því það að reka plötufyrirtæki er þjóra monni bizzness. En svo er það hvernig maður nálgast þetta, og ég held að við höfum gert það vel. Fyrsta stóra verkefni Les Frères Stefson, fyrir utan Retro Stefson, var Sturla Atlas. Það var mjög „hype based“ markaðssetning – við vorum búnir að sannfæra fólk um að tónlistin væri góðveik áður en hún varð til: „Já, Sturla Atlas, þetta er alveg tryllt og þið eigið að dýrka þetta.“ – En ég held líka að fólk hafi bara skynjað að það væri eitthvað gott að gerast þarna. Við höfum alltaf haft trú á þessu verkefni – en vorum líka lengi að átta okkur á því hvernig músik við vildum gera og hvernig við vildum koma henni frá okkur.“

Nú hefur þú tekið þér stöðu sem svona, eins og þú segir, listrænn stjórnandi, frekar en sá sem beint

Stefán Þór Hjartarson  
stefanthor@frettabladid.is



**B**laðamaður hittir Loga í stúdíóinu hans, 101derland, en það má kalla höfuðstöðvar fyrirtækisins Les Frères Stefson sem Logi, Unnsteinn bróðir hans og Egill Astráðsson umbodsmáður stjórna. Í sameiginlegu rými áður en víðtalið hefst hittir blaðamaður Sigurbjart Sturlu Atlason – Sturlu Atlas, Jóhann Kristófer – Joey Christ, Flóna, Unnstein og fleiri aðila sem virðist allir vera að vinna að einhverju verkefni hver í sínu horni. Þarna inni virðist ríkja gríðarleg skapandi orka og kannski ekki skritið að nánast öll vinsæl tónlist síðasta árs kom út úr þessu rými.

## 101derland

„Við komum hérna inn sumarið 2016, þá voru þetta bara geymslur. Ég, Unnsteinn og Finni [Guðfinnur, eigandi Priksins] ákváðum að smíða frá grunni þetta stúdíó. Það var auðvitað algjör „game changer“ að gera

þetta með Finna, hann hjálpaði okkur við að koma þessu af stað og byggja þetta.“

Eftir 4-5 mánuði af byggingarvinnu var glænýja stúdíórýmið tilbúið. Fyrsta lagið sem var tekið upp var Time með Sturlu Atlas.

„Síðan þá er þetta bara búið að fara upp á við, fyrirtækið stækkað og tölurnar með.“

*Hvernig er skipulagið hérna, hverjir eru með sínar vinnuáðstöður hérna?* „Ég er hérna flestalla daga, Unnsteinn líka, svo líka Sturla Atlas, Joey Christ, Birnir og Flóni. Og svo eru það umbodsmenn þeirra, fólk í kringum þá. Við erum bæði með útgáfufyrirtæki og svo annað fyrirtæki sem er bókanarstofa fyrir listamennina, þannig að fólk er hérna allan daginn að vinna og gera músik. Þetta er algjört svona „startup hub“, nema að þetta er startup fyrir nýja listamenn. Svo stundum þegar enginn er hérna fá einhverjir krakkar að nota herbergin okkar ef þau vilja taka eitthvað upp. Ef það eru einhverjir ungir krakkar sem maður kannast við sem eru að leita sér að ekta stúdíórými í eina helgi

## Verkfæri í miklu úrvali

VI Air 12V loftdælur í miklu úrvali.

Jeppatjakkur 2.25t 52cm. 17.995

METABO Bútsög KS216 16.995

Verðmætaskápar frá 4.995

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogí, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



semur og framleiðir allt – og ert líka samfélagslegur rýnir og rödd á hliðarlínunni, kannski eins og Kanye West eða Pharrell. Fólki ætlast til að þú takir afstöðu í ákveðnum málum og annað. Er þetta viljandi hjá þér?

„Það er bara takmarkað hvað maður getur samið af músík og gefið út. Mér finnst líka mjög gaman að vera í svona hlutverki sem „commentator“ á hvað eigi að vera gott og líka að vera gagnrýninn þegar mér finnst eitthvað ekki vera gott. Auðvitað hef ég litið upp til margra, eins og einmitt Kanye og Pharrell, sem ég myndi aldrei segja að ég væri beint að apa eftir. Sem dæmi: Pharrell, hans nálgun á hvernig hann getur verið sólólistamaður, pródúser og samfélagsrýnir, er mjög heilbrigð, það er mjög heilbrigð að sjá að einhver geti gert þetta, haldið sinni „vision“ og ekki ofmettað mynd sína. Sömuleiðis Kanye. Þetta eru svona gaurar sem létu mig átta mig á því að ég gæti pródúserað músík, gert mína eigin músík og rantað á Twitter án þess að „compromisera“ mína mynd.“

Logi gaf nú í byrjun mánaðar út sitt fyrsta sólólag – Dúfan mín. Hann segist vera búinn að semja helling af sólóefni og meira sé á leiðinni.

„Dúfan mín var lag sem ég bjóst kannski ekki við að yrði jafn vinsælt og það er núna. Ég var mjög stressaður að gefa það út, ég upplifði smá duga-eða-drepast móment; „ef ég gef þetta lag út og það verður ekki vinsælt, er ég þá búinn að vera með „over valued stock“? Ég hélt að fólk myndi ekki endilega kveikja strax á þessu, en svo lak lagið og ég byrjaði að fá Snapchat frá krökkum að syngja með laginu og eitthvað, þá fattaði ég að þetta gæti orðið vinsælt.“

#### Öll börnin hans Loga

Logi segir mér frá öllum rappbörnunum sínum – hvernig Flóni byrjaði ferilinn sinn þarna í stúdíóinu eftir að hafa hjálpað til við framkvæmdirnar sumarið 2016. Líka það hvernig rapparinn Birnir var alltaf að tala við Loga á Prikinu um að hann væri rappari og rappaði fyrir hann á bjóðhátíð. En Logi er nú orðinn faðir „í alvöru“, hann eignaðist son í fyrra með Reykjavíkurdótturinni Þórdísi Björk Þorfinnsdóttur.

#### Hvernig er pabbalífð?

„Það er geggjað að verða faðir. Þetta er breyting sem á sér stað mjög djúpt innra með manni, eins og það sé verið að endurforrita mann.“

Þú hefur þurft að þroskast og breytast? „Já, auðvitað, en ég held að það gerist líka yfir meðgönguna, þetta er langur tími þar sem verða ýmsar lúmskar breytingar á lífsviðhorfi sem maður áttar sig ekki endilega á. Eins og ég segi – þetta er eins og endurforritun. Allt byggist á öðrum grunni núna.“

Hvernig áhrif hefur þetta á tónlistina og fyrirtækið? „Þegar hann fæddist tók ég mér einn mánuð í fæðingarorlof – það hafði alveg áhrif hérna í stúdíóinu. Plötu Flóna seinkaði um þennan mánuð því við vorum í miðju ferli að klára hana. Maður var ekki með hugann við það sem var að gerast hér – en sem betur fer stendur starfsemin hér ekki og fellur með því að ég sé á svæðinu. Maður reyndi bara að vera sem mest með barninu þennan mánuð.“

Ég er svo á leiðinni aftur í orlof í apríl og maí. Það verða allir meðvitadur um að maður gefur ekki kost á sér í þann tíma. Það er kannski ekki óeðlilegt að stökkva frá í klukkutíma og spila á einum tónleikum en strákurinn er auðvitað aðalfokusinn þegar maður er í fríi. Það leit á einum tíma út fyrir að ég þyrfti að seinka þessu orlofi, en ég er búinn að bíða eftir því mjög lengi og sama hvaða vinna er að fara í gang þá vill maður vera með honum á þessum tíma og setur allt til hliðar.“

#### Ísland er góður staður til að ala upp barn

Talið berst að íslensku samfélagi og hvernig það henti til þess að ala barn upp.



#### ÞAD ER GEGGJAD AÐ

#### VERÐA FAÐIR. ÞETTA ER

#### BREYTING SEM Á SÉR STAÐ

#### MJÖG DJÚPT INNRA MEÐ

#### MANNI, EINS OG ÞAD SÉ

#### VERIÐ AÐ ENDURFORRITA

#### MANN.

„Ég er mjög ánægður með það að sonur minn fái að alast upp á Íslandi. Ég er mjög meðvitadur um það sjálfur – ég fæddist náttúrulega í Portúgal og við endum í raun hér fyrir algjöra tilviljun. Ég er viss um það að hér hef ég fengið miklu fleiri og stærri tækifæri heldur en ég hefði fengið í Portúgal til þess að koma fram og gera það sem ég vil gera. Líka það að búa við fjárhagslegt og félagslegt öryggi.“

Ég er mjög þakklátur fyrir að sonur minn muni fá að alast upp hér en á sama tíma hefur maður líka áhyggjur af því að mitt uppeldi er náttúrulega inni á heimili með mismunandi menningarheima, sem mótar allt sem ég geri. Ég hugsa oft

um hvort sonur minn verði meðvitadur um sínar afrísku rætur.

Það sem ég sé fyrir mér er að það verði mjög sterkur þáttur í hans uppeldi að hann á ömmu sem er frá Afríku sem átti þetta lífshlaup sem er mótað af viðhorfum Evrópubúa til Afríku.

Þetta eru hlutir sem ég vil að hann sé meðvitadur um og taki með sér út í lífið, og einnig hversu heppinn hann er að fá þessa arfleið. En eins og ég segi er ég mjög ánægður með að hann alist upp hér á landi – það er mjög mikið umburðarlyndi og skilningur fyrir öðrum menningarheimum á Íslandi, í rauninni. Ég legg mig fram við að halda því þannig og leyfa öttanum ekki að stýra ferðinni.“

Nú eruð þið barnsmóðir þín ekki í sambúð – hvernig gengur það? „Það gengur bara vel, en þetta er auðvitað púsluspil. Hún er náttúrulega frábær kona – við höfum verið vinir í áratug og vorum í sambandi í þrjú ár. Ég er ótrúlega þakklátur fyrir förnirnar sem hún tekur á sig. Það mæðir ekkert á mér í samanburði við það sem mæðir á henni núna þegar hann er á brjósti. Þegar hann er erfiður á nóttunni er það ekki ég sem þarf að vakna – ég er mjög meðvitadur um að hún þarf að leggja á sig mikla vinnu til að þetta gangi allt upp. Amma hans, mamma Þórdísar, leggur líka mikið á sig til að þetta gangi upp – til þess að hann geti alist upp áhyggjulaus.“

BÓKA STÆÐI

## ERTU Á LEIÐ TIL ÚTLANDA?

Það er alltaf ódýrara að bóka bílastæði við Keflavíkurflugvöll fyrir fram á kefairport.is.

Einfaldaðu lífið, tryggðu þér stæðið og borgaðu minna í leiðinni.

WWW.KEFAIRPORT.IS



ISAVIA





„Vantar ekki einmitt konur? spurði ég.“ Segir Ísold um það þegar henni var synjað um styrk hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands fyrir verðlaunamynd sína *Andið* eðlilega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hafnað í fyrstu tilraun

Kvikmynd **Ísoldar Uggadóttur** Andið eðlilega hefur fengið lofsamlega dóma. Ísold hlaut leikstjórnarverðlaun Sundance-kvikmynda hátíðarinnar fyrir verk sitt. Það er því aldeilis ótrúlegt að í fyrstu tilraun hafi handritið ekki fengið styrk frá Kvikmyndamiðstöð. Það var hins vegar raunin. Styrkurinn kom þó að lokum, sem betur fer fyrir íslenska kvikmyndagerð. Ísold segir frá gerð myndarinnar, innblæstri að verkinu og áhuga sínum á heimi kvikmynda.

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Þegar Ísold Uggadóttir leikstjóri var ungl-ingur í Vesturbænum í Reykjavík eignaðist fjölskylda hennar for-láta myndbandsupp-tökuvél. Ísold notaði hana stans-laust. Myndaði allt sem hún sá og fylgdi litlu systur sinni eftir hvert fótímal. Áður en hún komst yfir myndbandsupp-tökuvélina góðu hafði eitthvað kviknað innra með henni á skemmtun í Melaskóla fáeinum árum áður.

„Ég var tólf ára og gekk í Mela-skóla. Strákarnir í bekknum gerðu myndband á bekkjarkvöldi. Ég var alveg heilluð og langaði til að hafa verið með. Stelpurnar gerðu

leikrit en ekki mynd. Ég varð mjög afbrýðisöm út í þennan hóp stráka sem gerði þessa mynd. Fann að það blundaði í mér einhver sögu-maður,“ segir Ísold og segist halda að mögulega þá hafi hún algjörlega ómeðvitað farið að stefna að því að búa til kvikmyndir.

„Móðir mín sagði mér núna um daginn að ég hefði stundum verið að leikstýra bróður mínum og vinum okkar. En að fólk hefði ekki endilega hlustað á mig þar sem áhugi þeirra hafi ekki verið hinn sami og minn. Ég var ekki endilega með samvinnuþýða leikara,“ segir Ísold og segir að meira að segja séu til sögur af henni á leikskóla í Þýskalandi þar sem hún hafi einn-ig reynt að leikstýra smáum skóla-félögum sínum. „Já, ég er líka svona framkvæmdakona og hef alltaf verið,“ segir hún.

Ísold tók meistaraþróu í leik-



**ÞAÐ VAR LÍTIÐ SOFIÐ. ÉG**

**VAR OFT Í TÖKUM FRAM**

**Á NÓTT, SVO AÐ KLIPPA Á**

**NÆTURNAR OG SÝNA TIL-**

**BÚNA SENU KLUKKAN NÍU**

**UM MORGUNINN. ÞETTA**

**VAR EINS OG AÐ VERA Í**

**ÞRIGGJA ÁRA STANSLAUS-**

**UM ÆFINGABÚÐUM.**

stjörn við Columbia-háskóla í New York. Hún hóf nám í skólanum haustið 2008 á sama tíma og íslenskur efnahagur hrundi. Loka-verkefni hennar í skólanum Útrás Reykjavík fjallaði um konu á besta aldri sem missir allt. Ísold tók á móti Adrienne Shelly verðlaun-unum fyrir besta kvenleikstjórn við útskrift úr skólanum. Áður átti hún að baki þrjár stuttmyndir.

Námið var krefjandi að hennar sögn. „Það var lítið sofið. Ég var oft í tókum fram á nótt, svo að klippa á næturnar og sýna tilbúna senu klukkan níu um morguninn. Þetta var eins og að vera í þrjú ára stanslausum æfingabúðum. Þetta var svo mikil keyrsla að þegar ég kláraði námið leið mér eins og iðjuleysingja ef ég var ekki á stanslausum hlaupum,“ segir Ísold og segir námið hafa undirbúið hana vel undir kvikmyndagerð. „Svo sannarlega, því kvikmyndagerð er oftast ekki þægileg innvinnna.“

**Átakanlegar sögur**

Umfjöllunarefni fyrstu kvikmynda-*Ísoldar* í fullri lengd, Andið eðlilega, eru hitamál samtímans, fátækt, flóttamannavandinn og veruleiki hinsegin fólks. Í myndinni er fléttu saman lífi tveggja kvenna. Íslenskrar, einstæðrar móður sem Kristín Þóra Haraldsdóttir leikur, og flóttakonu frá Gíneu-Bissá, sem er leikin af hinni belgísku Babetida Sadjo. Söguviðið er Reykjanes.

„Eftir að ég hafði lokið námi mínu hugsaði ég með mér: Nú skrifa ég handrit að kvikmynd í fullri lengd. Þá var ég mikið að leiða hugann að fátækt. Ég var með hugann við hrunið. Ég las um mæður í erfiðum aðstæðum sem enduðu jafnvel á því að búa í bíl. Um fjölskyldur sem misstu heimili sín. Ég var byrjuð að skrifa sögu af konu í þessari stöðu. Móður með barn sem átti kött. Þau neyðast til að búa í bíl.“

Á meðan ég er að þróa þennan efnivið verð ég vör við mikla umræðu um flóttafólk. Á þessum tíma var umræðan ný og hún var mjög eldfim. Það fóru að heyrast átakanlegar sögur fólks á flóttu sem gerði allt það sem það gat í þeirri aðstöðu sem það var komið í hér, á afskekktu eyju norður í hafi. Fólk lenti hér í eins konar fangelsisdvöl. Á stað sem það vildi kannski ekkert vera á. Eða, ef það vildi á annað borð vera hér, þá fékk það ekki tækifæri til að hefja eðlilegt líf. Það hafði engin réttindi til þess.

Eftir að hafa lesið um þetta í blöð-unum fór ég á stúfana og ræddi við fólk í þessari stöðu,“ segir Ísold og segist þá hafa komist að því að sumir hafi ekkert endilega verið á leiðinni til Íslands. Þeir hafi verið á leiðinni af meginlandi Evrópu en millilenti hér fyrir hálfgerða tilviljun. Sumir hafi til dæmis verið á leið til Kanada þar sem kerfið þótti betra en víðast annars staðar.

„Um svipað leyti ákvað ég að



# Þú ekur. Þú skilur.



ENNEM / SIA / NMB6228

**K O N A**  
BY HYUNDAI

Hyundai KONA er nýstárlegur sportjeppi sem er fánlegur annaðhvort fjórhjóladrifinn eða framhjóladrifinn með sjálfskiptingu eða beinskíptingu. KONA er einstaklega vel útbúinn og með tæknilegar nýjungar á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™ sem gera ökumanni kleift að spegla upplýsingar úr síma á litaskjá í mælaborði. Verið velkomin í kaffibolla og reynsluakstur.

Hyundai KONA Comfort. Verð frá 3.590.000 kr.



Opið í dag frá 12–16

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



gerast félagsvinur hjá Rauða krossinum og kynntist þannig konu sem var hælisleitandi frá Úganda. Við urðum vinkonur. Hún flúði heimaland sitt vegna kynhneigðar sinnar. Þetta var á þeim tíma þegar miklar fréttir bárust af fyrirhugaðri laga-setningu þar í landi sem gekk undir nafninu „Kill the gays“;“ segir Ísold en þeir sem voru grunaðir um samkynhneigð gátu átt von á dauðadómi fyrir.

„Þessi mál voru afar eldfim á þessum árum, 2012-2013. Þau eru það enn. En við erum samt orðin vanari þessari erfiðu umræðu. Aðeins ónæmari. Sem er leiðinlegt. En þarna var ég alls ekki orðin ónæm og skynjaði allt mjög sterkt. Þá vissi ég að þetta myndi verða eitthvað sem ég vildi skrifa um.“

#### Skrifaði í Þjóðarbókhöðunni

Ísold vildi finna leið til að skrifa um bæði viðfangsefni sín. Fátækt, málefni flóttamanna og samkynhneigðara.

„Ég sat á bókasafninu og hugsaði um hvernig ég gæti samtvinnað það sem ég var að skrifa því sem mig langaði raunverulega að skrifa um. Ég vissi líka að ég vildi vinna með íróníu og það að þurfa að velja á milli tveggja vondra kosta. Ég hugsaði líka, hvernig get ég sagt sögu sem er á einhvern hátt óvænt en að sama skapi trúverðug? Þetta var þúsl og hausverkur en einnig spennandi áskorun fyrir mig sem höfund.“ segir Ísold frá.

Henni finnst best að skrifa á bókasafni þegar mikið liggur við. „Ég skrifa víða og finnst gott að skrifa í Þjóðarbókhöðunni. Þar gengur maður inn og finnur hvað allir eru einbeittir. Maður gengur inn í það andrúmsloft. „Ef ég þarf virkilega að vinna og einbeita mér þá þarf ég að vera í kyrrð og enda oft uppi í sveit þegar skilafrestur nálgast.“

#### Að hætta að skammast sín

Hvernig var svo ferlið þegar handritið var klárt? „Handritið er náttúrulega aldrei klárt. Það er meira að segja enn þá í mótun þannig séð í klippiferlinu. Ég sendi það svo frá mér þegar ég var hætt að skammast mín fyrir það. Í langan tíma liður manni ekkert frábærlega með að senda frá sér handrit. En svo kemstu á þann stað að þú þarft ekki að skammast þín lengur. Ert bara búin að vinna það mikið í því og getur sent það frá þér með stolti.“

Í byrjun árs 2015 fengum við opinbert vilýrði frá Kvikmyndamiðstöð Íslands fyrir styrk. Það skipti sköpum fyrir framleiðslu myndarinnar. Ef heimalandið styður ekki verkið þá er maður fastur. Við vorum á þessum tíma komin í samband við meðframleiðendur í Svíþjóð og Belgíu. Um leið og vilýrðið var komið gátu þeir leitað eftir styrkjum og stuðningi. Svo þegar nær dró tókum bættust við meðframleiðendur, Inga Lind Karlsdóttir og Lilja Ósk Snorradóttir hjá Pegasus. Svo bættist Birna Anna Björnsdóttir við í eftirvinnslunni og svo RÚV.

#### Svartholið sem var

Styrkinn fékk Ísold í annarri tilraun. Henni var fyrst hafnað af Kvikmyndamiðstöð. Á þessum tíma var mikið rætt um slæmt hlutskipti kvenna í íslenskri kvikmyndagerð.

„Bransinn er að þroskast. Nú erum við áfangastaður alþjóðlegra kvikmyndafyrirtækja og verðum að vera á sama faglega plani. Þetta er miklu fjölmennari bransi en hann var til dæmis um síðustu aldamót. Það eru fleiri konur komnar í bransann. En staðan var slæm. Það kom ekki út mynd eftir konu í fáránlega mörg ár. Það var bara algjört svart-hol. Það er mjög undarlegt að því hafi verið leyft að gerast. Að það hafi gengið svona langt. Ég fékk synjun fyrst fyrir handritið að kvikmyndinni Andið eðlilega. Ég hefði þegið að fá ekki þá synjun. Ég var forviða, vantar ekki einmitt konur? spurði ég. Þegar ég sótti um, þá var nefnilega mjög augljóst að það



„Þessi verðlaun, ég get haft þau uppi í hillu og horft á þau. En svo mun ég samt þurfa að sitja ein með tómt blað fyrir framan mig.“ NORDICPHOTOS/GETTY



Kristín Þóra, Patrik, Ísold og Babetida á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúarmánuði. NORDICPHOTOS/GETTY



#### ÞAÐ KOM EKKI ÚT MYND

#### EFTIR KONU Í FÁRÁNLEGA

#### MÖRG ÁR. ÞAÐ VAR BARA

#### ALGJÖRT SVARTHOL.

vantaði sögur kenna. Hvernig hefði verið að ýta undir það? Við þurftum að sækja aftur um. Ég nýtti auðvitað tímann vel. En ég hefði líka viljað vera búin að koma af stað mynd númer tvö.

En þetta voru skrytnir tímar. Það var ekki verið að horfa á heildarmyndina. Ég held að gagnrýnisráðirnar hafi skilað sér. Ég held líka að þegar kerfið fór að bregðast við gagnrýni hafi margar konur verið tilbúnar,“ segir Ísold.

#### Leikaravalið mikilvægt

Eftir að fjármögnun myndarinnar var tryggð fór Ísold að leita að leikurum. Henni til aðstoðar var Tinna

Hrafnsdóttir leikstjóri. „Ég hafði hrifist af leik Kristínar Þóru Haraldsdóttir í verkinu Tengdó og velti því fyrir mér þá af hverju ég hefði ekki séð hana í stóru hlutverki í kvikmynd eða sjónvarpsþáttum. Hún kom í prufur, stóð sig frábærlega og var ráðin. Sömu sögu er að segja af Babetida sem er belgísk leikkona upphaflega frá Gíneu Bissá. Hún lék í yfirheyrslusenu og gerði það á flottan átakalegan hátt. Hún hreyfði við mér. Svipað og með Kristínu Þóru sem lék í dramatískri senu. Báðar hreyfðu svo mikið við mér að ég gleymdi því hreinlega að ég hefði sjálf skrifað senurnar sem um ræðir.“

Það tók lengri tíma að finna drenginn, son móðurinnar sem Kristín Þóra leikur. „Við hittum mörg mjög hæfileikarík börn. Ég hef áður leikstýrt börnunum í stuttmynd og vissi hvað úthaldið skiptir miklu máli. Þetta er vandasamt og það þarf að velja barn sem virkilega vill vera með. Þegar við fundum Patrik Nökkva höfðum við verið að leita í í níu mánuði. Tinna hafði áhyggjur af þessu. Að við gætum ekki farið í tókur vegna þessa. En svo kom hann inn og massaði þessa senu. Leitaði að imynduðum ketti og gat fundið svo mikla dramatík innra með sjálfum sér. Við vorum heilluð af þessum dreng og það var þess virði að biða eftir honum. Leikaravalið

er mikilvægt, ef ekki eitt það mikilvægasta, fyrir utan sjálft handritið.“

Ísold hafði sjálf verið að kanna tókustaði á Reykjanesi frá árinu 2013. Hafði eignast góðan ráðgjafa hjá lögreglunni í Leifsstöð og var orðin mjög kunnug vistarverum flóttamanna á þessum tíma. Sem var oft á Reykjanesi. „Margt hefur breyst síðan þá. En samt ekki. Nú er fólk í Arnarholti sem er ekkert endilega betri staður en til dæmis Fit Hostel sem var gagnrýnt mikið á sínum tíma. Það er einangradur staður og engar samgöngur. Vondur aðbúnaður. Eins mikið og var talað um að bæta aðbúnað fólks á flóttu, viðist lítið hafa breyst, því miður.“

Haustið 2016 fór myndin í tókur á Reykjanesi. „Þær tóku á. Það er auðvitað meira en að segja það að taka upp mynd í samstarfi við fólk frá mörgum löndum. Auðvitað þurfti ég að leikstýra á tveimur tungumálum. En veðrið tók þó mest á. Það var oft alveg brjáláð og við fengum allar tegundir af veðri. Stundum á eina og sama deginum, segir Ísold og rifjar upp einn veðurdag þar sem öll sýnishorn fengust.

„Við byrjuðum daginn á því að horfa út um gluggann og það var haglé. Svo kom sól í skamma stund, þá kom rigning og síðar snjócoma. Fyrir fólk sem sem er að taka upp kvikmynd er þetta að sjálfsgöðu erftí!

Þennan dag var þetta orðið eins og farsí. Þá var mjög vindasamt og við vorum oft úti. En þrátt yfir að þetta hafi tekið á, þá kemur þetta mjög vel út á filmu. Ég hitti einmitt konurnar sem voru með mér í þessari kvikmynd nýlega. Nú eru þetta bara myndir og fallegar minningar.“

#### Baráttan heldur áfram

Myndin var heimsfrumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni sem var haldin í lok janúar. Hún hlaut góðar viðtökur og Ísold var á hátíðinni valin besti alþjóðlegi leikstjóri. Eru þetta ekki þýðingarmikil verðlaun? „Það verður að koma í ljós hvaða þýðingu þau hafa. Ég fæ mikið af hamingjuóskum sem er skemmtilegt. Þú getur fengið þetta klapp á bakið en þegar allt kemur til alls þá þarf ég að skrifa annað handrit og gera aðra bíómynd. Það gerir það enginn fyrir mig.“

Þessi verðlaun, ég get haft þau uppi í hillu og horft á þau. En svo mun ég samt þurfa að sitja ein með tómt blað fyrir framan mig og þurfa að fylla það. Verðlaunin munu ekki endilega gera það fyrir mig. Maður er alltaf að berjast við sjálfan sig. En vissulega fylgir því mikil hamingja og einhvers konar léttir að uppskera svona,“ segir Ísold.

#### Ætlar að læsa internetinu

Og brátt hefst baráttan aftur á bókasafninu. Ísold fékk aðra hugmynd síðasta vor þar sem hún var stödd í litlum bæ hér á landi. „Ég var í ákveðnum bæ á Íslandi og fékk innblástur. Fann að þarna gætu áhugaverðar persónur búið. Skrifin eru upphafið. Það mikilvægasta og það erfiðasta. Þótt hugmyndin hafi komið til mín síðasta vor þá hefur hún enga athygli fengið, því miður.“

Það er stundum einmanalegt að skrifa handrit. Stundum stend ég mig að því að ófunda fólk sem á vinnufélaga og sem getur skipulagt sumarfrí. Sem er hluti af vikulegum rauðvinspotti í vinnunni. Ég er aldrei hluti af rauðvinspotti,“ segir Ísold og skellir upp úr.

„En ég læt nú eins og ég hafi setið í bókhöðunni í fimm ár. Það hef ég ekki gert. Ég er bara í grunninn mikil félagsvera og þarf svolitíð að breyta mér í ákveðinn tíma á meðan ég skrifa. En tókurnar, þegar vel gengur, þá er ég hins vegar alveg í essinu mínu. Ég þarf bráðum að fara á bókasafnið aftur. Nú eins og áður er ég vopnuð forriti sem læsir internetinu svo ég get ekki farið á netið í fjóra tíma í senn, eða fleiri,“ segir Ísold. Svo ég fer brátt á bókasafnið og læsi internetinu!“



# WÉIÞÓ

LAUGARDAGUR 17. FEBRÚAR 2018

## Helgin



Sigríður Eir Zophonías-dóttir útvarpskona heldur heimili ásamt konu sinni, Önnu Þórhildi Sæmundsdóttur, og tveimur dætrum. Þar er haldið upp á konudag, bóndadag, mæðradag og feðradag en dögnum er systurlega skipt á milli þeirra. ➔4



Matreiðslumeistarinn Ricardo Melo og Hlynur Bæringsson, fyrirliði íslenska körfubortalandsliðsins, á nýja veitingastaðnum Nú á Garðatorgi. MYND/ERNIR

# Gómsætur matur og góður fyrir sálina

Hlynur Bæringsson, fyrirliði íslenska landsliðsins í körfubolta, opnaði asískan fusion-veitingastað í vikunni. Aðalsmerki staðarins er ferskt hráefni og ljúffengir réttir sem ekki hafa áður sést á Íslandi en vekja himneska upplifun. ➔2



## NÝJAR VÖRUR

habitat

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |  
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS





Stemningin á Nü er létt og skemmtileg og staðurinn sjálfur algjört listaverk. Þar er notalegt að setjast niður yfir góðum mat, upplifa nýtt bragð og njóta gestrisni Hlyns og félaga.



Nafn staðarins er Nü. Nü er kínverska orðið yfir konu. Okkur þótti það vera fallegt tákni og hljóma vel, en það er borið fram eins og íslenska orðið nú, sem er aldeilis tilvalið," segir Hlynur sem rekur staðinn í félagi við Stefán Magnússon í Mathúsi Garðabæjar og portúgalska matreiðslumeistarann Ricardo Melo.

„Stefán er hugmyndasmiðurinn að Nü og hugmyndin höfðaði til mín, sem og reynslumikið starfsfólkið sem unnið hefur saman á rómuðum veitingahúsum og hefur gott orðspor," segir Hlynur sem stendur vaktina sem gestgjafi alla daga á Nü.

„Ég tek til hendinni þar sem mín er þarfnast, tek á móti gestum, þjóna þeim til borðs og hvaðeina sem til fellur. Það hefur komið mér á óvart hversu gaman mér þykir að hitta fólk og sýna því gestrisni.“

#### Framandi og freistandi

Maturinn á Nü er í grunninn asískur en áhrifin koma víða að. Matseðillinn er í senn nýstárlegur, spennandi og freistandi.

„Maturinn okkar er hollur og einstaklega bragðgóður. Hann er svolítið bragðmikill og býður upp á nýja bragðupplifun í forréttum, smáréttum, aðalréttum og eftirréttum. Margt er framandi, eins og grísaþé, soðbrauð, avokadó-ostakaka og asískt pestó á heilsukexi," segir Hlynur sem er heillaður af asískum blæbrigðum í mat.

„Ég vil að maturinn sé ferskur og heilsusamlegur en ekki síst góður fyrir sálina, eins og allur góður matur er. Þar stöndum við á Nü undir nafni. Þetta er matur sem fólki líður vel af.“

#### Valinn maður í hverju rúmi

Það er upplifun að koma inn á Nü. Stemningin er létt og skemmtileg og glæsileg hönnun staðarins skapar notalegt andrúmsloft.

„Við erum einkar stoltir yfir útlitinu á Nü því metnaður var lagður í að gera upplifunina sem þægilegasta fyrir viðskiptavinina. Þar leituðum við meðal annars til



Inga í Lumex og Hauks smíðs hjá Erka en handbragð þeirra gerir útkomuna glæsilega," segir Hlynur.

Viðtökur á Nü hafa verið frábærar og eru matargestir yfir sig hrifnir af gómsætu fæðinu.

„Hér er valinn maður í hverju rúmi því ég komst fljótt að því að orðsporið skiptir miklu í þessum bransa. Mér finnst góð regla að treysta á þá sem kunna hlutina upp á tíu og Ricardo er ákaflega hugmyndaríkur kokkur sem gerir allan mat að ævintýri. Hann er með puttana á púlsinum þegar kemur að hreinum, hollum og ljúffengum mat og uppskriftir hans eru úthugsaðar þegar kemur að réttri samsetningu næringarefna," útskýrir Hlynur.

#### Heldur vélinni gangandi

Um veröld víða hafa þekktir einstaklingar úr íþrótta- og skemmtanaíðnaðinum farið út í veitingarekstur.

„Kannski vegna þess að það

„Ég vil að maturinn sé ferskur og heilsusamlegur en ekki síst góður fyrir sálina, eins og allur góður matur er. Þar stöndum við undir nafni. Þetta er matur sem fólki líður vel af.“

hefur ferðast vítt og breitt um heiminn og kynnst spennandi matarmenningu sem það vill færa til síns heima," segir Hlynur. „Veitingarekstur er stórskemmtilegur en ég hefði aldrei getað farið út í hann einn míns liðs og staðið yfir pottunum sjálfur. Til þess hef ég fengið framúrskarandi lista-



menn í eldhúsið og fagfólk fram í fingurgóma til að þjóna gestunum.“

Fram undan eru tveir landsleikir við Finna og Tékka hjá Hlyni, en hann er líka fyrirliði og leikmaður Stjórnunnar.

„Ég verð 36 ára á árinu og orðið tímabært að færa sig hægt og

Maturinn á Nü er blandaður asískum áhrifum víða að. Á matseðlinum er margt nýrra rétta sem ekki hafa áður sést á Íslandi og bragðupplifunin er ljúffeng og spennandi.

rólega yfir í annað, þegar hægist á hjólanum. Ég á vonandi nokkur góð ár eftir en það verður leiðinlegt að hætta því körfuboltinn er hluti af því sem maður gerir alla daga, hefur skilgreint sig út frá og haft að markmiði alla tíð. Því verður söknuður þegar þar að kemur. Það gerist þó ekki strax. Það má bara ekki drepast á vélinni því þá er hún dauð. Ég reyni að halda henni gangandi," segir Hlynur og hlær.

Nü er við Garðatorg 6 í Garðabæ. Sjá [asianfusion.is](http://asianfusion.is) og á Facebook og Instagram undir nuasianfusion.



# Magaverkirnir hurfu og orkan kom til baka

Enzymedica er fjölbreytt vörulína af öflugum meltingarensímum sem bæta meltinguna og gefa okkur aukna orku ásamt því að losa fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu.

Færðu í magann, uppþembu og loft þegar þú borðar steik? Verki ef þú leyfir þér smá mjólkurvörur? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki eftir máltíð en vita ekki af hverju. Afar líklegt er að þetta tengist skorti á meltingarensímum, sem er algengt vandamál því þau sjá um niðurbrot fæðunnar.

## Ensim brjóta niður fæðuna

Meltingarensím eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensím sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Stundum gerist það þegar við borðum of mikið og/eda að samsetning matarins er slæm að líkaminn nær ekki að „lesa skilaboðin rétt“ eða getur ekki framleitt nægilega mikið af ensímum. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu, fæðuóþoli eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn á að skila okkur.

## Orkumeiri og nærast vel

Kristín Sif Björgvinsdóttir er 34 ára gömul íþróttakona sem hugsar vel bæði um hreyfingu og mataræði. Hún er sannkallaður orkubolti, tveggja barna móðir sem starfar sem útvarpskona á K100 og þjálfari í CrossFit Reykjavík auk þess sem hún æfir með keppnisiðni Mjöltnis í boxi og keppir bæði í CrossFit og ólympískum hnefaleikum. Magaónot kringum máltíðir hafa þó háð henni en eftir að hún fór að nota Digest Gold meltingarensím frá Enzymedica hafa lífsgæðin aukist til muna:

„Ég fann oft fyrir orkuleysi kringum hádegis og fékk oft illt í magann eftir máltíðir. Ég fór að taka Digest Gold meltingarensím og fann strax mikinn mun, magaverkirnir hurfu bókstaflega

og orkan kom til baka. Ég borða hollan og góðan mat og vanda mig mjög við að fá rétt hlutföll af næringarefnum yfir daginn. Með því að taka inn Digest Gold veit ég líka að líkaminn nær að nýta næringarefnin til fullnustu, ég er orkumeiri og get borðað áhyggjulaus því magaónotin eru horfin.“

## Hverja vantar meltingarensím?


Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið viðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almennt hreyfni og vellíðan.

## Nokkrar staðreyndir um ensím

Ensim í bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols og geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr. Með inntöku getur fólk skilað meira frá sér en áður og reglulegar og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur. Orkan eykst og geta ensím hreinlega hjálpað heilbrigðu fólk að verða enn heilbrigðara.



Með því að taka inn Digest Gold veit ég líka að líkaminn nær að nýta næringarefnin til fullnustu, ég er orkumeiri og get borðað áhyggjulaus því magaónotin eru horfin.

Kristín Sif Björgvinsdóttir, útvarpskona, CrossFit-þjálfari og tveggja barna móðir

Þú finnur muninn strax!  
Söluastaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana



## Enzymedica

Til eru fjórar tegundir meltingarensíma frá Enzymedica og fer það eftir einkennum hvað hentar best. Það sem er einstakt við þessar vörur er að ensímarnir eru unnin með aðferð sem kallast Therablend en þá er blandað mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH-gildum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensim sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælt á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím.

Meltingarensím eru ávallt tekin rétt fyrir eða með mat.

## Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna!

Hágæða góðgerlar, heilbrigð bakteríuflóra.



### Bio-Kult Candéa

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.



### Bio-Kult Original

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflórana og styrkir varnir líkamans.



### Bio-Kult Pro-Cyan

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandráðum.



### Bio-Kult Infantis

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflórana, án allra aukaefna og er bragðlaust.

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



# Hversdagsleg helgistund besta konudagsgjöfin

Sigríður Eir Zophoníasdóttir, útvarpskona og helmingurinn af Hljómsveitinni Evu, heldur heimili ásamt konu sinni, Önnu Þórhildi Sæmundsdóttur, og tveimur dætrum. Þar er haldið upp á konudag, bóndadag, mæðradag og feðradag en dögnum er systurlega skipt á milli.

Brynhildur Björnsdóttir  
brynhildur@frettabladid.is



Þegar ég byrjaði með konunni minni ræddum við konudaginn, og reyndar alla þessa daga því þetta er ekki bara konudagurinn, heldur bóndadagurinn líka, og svo mæðradagurinn og feðradagurinn,“ segir Sigríður Eir. „Við ákváðum að kasta upp á hver fengi hvaða dag og ég fékk konudaginn og feðradaginn og hún bóndadaginn og mæðradaginn. Þetta var aðallega gert í gríni af því að þegar tvær konur búa saman þá eru þær oft spurðar: hver er kallinn? og á þessum árstíma: hver á þá konudaginn? Hvorug okkar er kallinn og hvorug okkar þarf að eiga einhvern dag ein en okkur fannst myndi að skipta þessu á milli. Svo höfum við haldið áfram með gríni þessa daga en nýtum þá stundum líka til að gera eitthvað fallegt hvor fyrir aðra þegar við höfum orku til í dagsins önn.“

Sigríður hélt samvisskusamlega upp á bóndadaginn og bauð konunni sinn upp á dökkan bjór og blóðuga steik. „Af því ég heyrði auglýsingu í bílnum á leiðinni heim um að best væri að gleðja bóndann á þann hátt!“ segir Sigríður og hlær. Hún segist hafa ákveðnar væntingar til konudagsins. „Það væri mest í okkar anda að hún byðist til að taka morgunvaktina með börnunum okkar og leyfa mér að sofa aðeins lengur. Þetta finnst mér ekta rómantik í upp-



Sigríður vonast eftir því að fá að sofa út í tilefni konudagsins og finnst falleg hugsun besta konudagsgjöfin. MYND/STEFÁN

teknum nútíma og ég yrði mest glöð með það eða einhverja álíka fallega hugsun þó ég hafi alveg gaman af blómum og konfekt og handsnyrtingu og öllu hinu sem auglýsingarnar segja að hægt sé að kaupa á konudaginn.“

Hljómsveitin Eva og þær stóllur Sigríður og Jóhanna Vala sem skipa hljómsveitina hafa mikið velt fyrir

sér áreiti nútímans og kostum letinnar. „Þessir merktu dagar, bónda og konu og Valentínusar og allt það geta verið yndislegt krydd en líka uppspretta streitu og kvíða og það fer bara eftir því hvar þú ert stödd í lífinu. Ef álagið er mikið og svo bætist við einhver dagur þar sem þú verður að gera eitthvað, þó það eigi að vera fallegt

og gott, þá verður það að kvöð. Og þá er mikilvægt að kunna að sleppa. Ég er mikil hátíðakerling, elska allt sem gefur okkur tækifæri til að fagna. En þá þarf orkan að vera til staðar til að gera allt notalegt og hátíðlegt. Við Vala í Hljómsveitinni Evu höfum verið duglegar að hvetja til leti og vorum til dæmis með þáttaröð um síðustu

„Það væri mest í okkar anda að hún byðist til að taka morgunvaktina með börnunum okkar og leyfa mér að sofa aðeins lengur. Þetta finnst mér ekta rómantik í uppteknum nútíma.“

Sigríður Eir Zophoníasdóttir

þáska sem hét Helgistundur hversdagsins. Þar vorum við að tala um hvernig er hægt að gera hversdagslega hluti, eins og að fara í bað, að hátíðlegri helgistund með því að njóta þess að taka sér tíma og pláss til að gera vel við sig. Og það væri besta konudagsgjöfin, rými og hvatning til að taka sér hversdagslega helgistund, eins og að sofa út eða fara í bað.“

Ein slík hversdagsleg helgistund verður næsta sunnudag 25. febrúar klukkan átta í Jógasetrinu Skipholt. „Þá verðum við Hljómsveitin Eva með hugleiðslutónleika í samstarfi við Sigrúnu Höllu Jógakennara. Það væri kannski tilvalin konudagsgjöf að gefa konunni sinni miða á þessa stund?“ segir Sigríður Eir að lokum. Nánari upplýsingar má finna undir Hugleiðslutónleikar með Hljómsveitinni Evu og Sigrúnu Höllu á Facebook.

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum

FRÁBÆR KÍNVERSKUR VEITINGASTAÐUR Í MEIRA EN 30 ÁR



HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00  
Verð kr. 2.100



Opíð alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00



Kinahofid

Kínahofid veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogur

www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022



www.kinahofid.is

## Skemmta sér með fylgjendum á Snapchat

Það er spennandi dagur framundan hjá stelpunum í Rvkfit á morgun. Um hundrað manns ætla að æfa saman og eiga skemmtilegan dag í World Class, Kringlunni.

Rvkfit samanstendur af sex ungum konum sem eiga það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á heilbrigðum lífsstíl. Rvkfit deilir æfingum og heilbrigðum lífsstíl á Snapchat og eru fylgjendur hátt í tíu þúsund. Stelpurnar kynntust þegar þær störfuðu í World Class og fengu hugmyndina af Rvkfit. Nú láta þær gamlan draum rætast með stórum viðburði á morgun kl. 12.

Telma Rut Sigurðardóttir er ein þeirra sem standa á bak við Rvkfit. Hún segir að það hafi lengi staðið til að halda viðburð sem þennan. „Við höfum verið með sameiginlegt Snapchat í rúm ár þar sem við deilum æfingum, uppskriftum og öðru sem tengist heilbrigðum lífsstíl. Okkur langar mikið að hitta fylgjendur okkar og gera eitthvað skemmtilegt með þeim. Við getum tekið á móti eitt hundrað manns í salnum á morgun,“ segir hún.


Telma segir að þær hafi fengið nokkra í lið með sér til að gera viðburðinn sem glæsilegastan og má þar nefna Nike, World Class, Now, Origo og Joe & the juice. Þátttakendur fá veglegan gjafapoka auk þess sem boðið verður upp á veitingar. DJ Jay-O heldur uppi stemmingunni þannig að þær búast við miklu fjöri. Viðburðurinn er fyrir alla sem eru eldri en fimmtán ára.



Telma Rut Sigurðardóttir er ein stelpnanna sem eru með Rvkfit. MYND/ERNIR

„Fólk var oft að spyrja okkur um ýmis mál er varða heilsu og hreyfingu og Snapchat er góð leið til að svara ýmsum spurningum sem koma upp,“ segir Telma þegar hún er spurð um hvernig Rvkfit hafi komið til. „Þetta byrjaði smátt en óx síðan mikið enda greinilega mikill áhugi á heilbrigðum lífsstíl. Við gerðum okkur ekki grein fyrir því í fyrstu að þetta yrði svona vinsælt, bæði hjá stelpum og stráku,“ segir Telma sem veit ekki til þess að viðburður eins og þær setja upp hafi verið haldinn áður. „Vonandi eiga þeir eftir að verða fleiri,“ segir hún. Telma er líkamsræktarkennari í World Class og stundar auk þess samkvæmisdansa. Hún verður einn kennara í nýjum þætti Dancing with the Stars á Stöð 2 sem hefst 11. mars.





## Deildarstjóri umhverfismála

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Umsjón með eftirliti og þróun umhverfismála
- Umsjón með að hlíta skilyrðum starfsleyfis
- Stjórn á umbótaverkefnum umhverfismála
- Undirbúningur verkefna og verkefnastýring umhverfismála
- Kostnaðareftirlit og umsjón með gerð og eftirfylgni áætlana
- Greining, skýrslugerð og upplýsingagjöf innanhúss og til opinberra aðila

### Menntunarkröfur:

- Meistaragráða í verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur

## Sérfræðingar hjá Norðuráli

Vel menntaðir og áhugasamir fagmenn eru alltaf velkomnir til starfa hjá Norðuráli. Við leitum að einstaklingum með mikla öryggis- og umhverfisvitund, frumkvæði og skipulagshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Áreiðanleikafræðingur (Reliability Engineer)

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Gerð fyrirbyggjandi viðhaldsáætlana fyrir framleiðslubúnað og rýni á viðhaldskerfi til að greina tækifæri til umbóta
- Greining gagna, skýrslugerð og tölfraðileg úrvinnsla ásamt þróun lykilmælikvarða
- Þátttaka í þverfaglegum umbótaverkefnum
- Rótargreiningar á bilunum í framleiðslubúnaði
- Gæðaeftirlit og tæknilegur stuðningur við verkáætlanadeild og viðhaldsteymi
- Tæknilegur stuðningur við undirbúning og lokaúttektir á nýjum framleiðslubúnaði

### Menntunarkröfur:

- Meistaragráða í verkfræði eða tæknifræði
- Sveinspróf í raf- eða vélvirkjun kostur
- Góð tölfraðikunnátta og greining gagna

## Verkefnastjóri á verkfræðisviði

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Verkefnastjórnun margbreytilegra fjárfestingaverkefna
- Undirbúningur og greining verkefna
- Umsjón með gerð og eftirfylgni kostnaðar- og tímaáætlana
- Tímastjórnun, kostnaðar- og gæðaeftirlit
- Ýmis konar skýrslugerð og upplýsingagjöf
- Þátttaka í þverfaglegum umbótaverkefnum

### Menntunarkröfur:

- Verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af verkefnastjórnun, helst úr iðnaðarumhverfi, er kostur

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Helgadóttir, framkvæmdastjóri starfsmanna- og innkaupasviðs, í síma 430 1000.

**Sótt er um á nordural.is. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars.** Öllum umsóknum verður svarað og fyllsta trúnaðar gætt.

Norðurál á Grundartanga er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli karla og kvenna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar.



Reykjanesbær

## Verkefnastjóri fjölmeningarmála



REYKJANESBÆR  
Tími til að lifa og njóta

Verkefnastjóri fjölmeningarmála (e. integration strategist) í Reykjanessbæ vinnur að samþættingu og gagnkvæmri aðlögun innflytjenda í íslenskt samfélag. Hlutverk verkefnastjóra er jafnt að skapa tengsl og auka tækifæri til þátttöku og áhrifa, einkum meðal ungs fólks. Starfsmaðurinn heldur utan um fræðslu, kynningu og ráðstefnur um málaflokkinn auk þess sem að efla tengslanet innan svæðis sem utan.

Umsóknarfrestur

**4. mars**

Helstu verkefni

- Áætlanagerð um móttöku nýrra íbúa.
- Tengslamyndun og gerð kynningarefnis.
- Samskipti vegna rannsókna, styrkja og þróunarverkefna.
- Umsjón með stýrihópi um fjölmeningu.
- Tengiliður við fjölmeningarsetur.
- Eftirfylgni framkvæmdaáætlunar um um málefni innflytjenda og fjölmeningarstefnu sveitarfélagsins.
- Greining upplýsinga um stöðu innflytjenda í samfélaginu.
- Greining upplýsinga um stöðu innflytjenda í samfélaginu.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6401**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking á málefnum innflytjenda.
- Reynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af starfsemi sveitarfélaga.
- Ríkir hæfileikar til tengslamyndunar og samskipta.
- Skipulagshæfni og hæfni til að starfa sjálfstætt.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.

Reykjanesbær er fjölmenninngarlegur bær með um 20% íbúa af erlendum uppruna sem koma frá nær 60 þjóðlöndum. Í starfi Reykjanessbæjar er lögð áhersla á að allir íbúar sveitarfélagsins séu virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu. Einnig að þeir fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem þekking, vísúni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Reykjanesbær

## Verkefnastjóri viðskiptaþróunar



REYKJANESBÆR  
Tími til að lifa og njóta

Verkefnastjóri viðskiptaþróunar í Reykjanessbæ vinnur að uppbyggingu og sköpun tækifæra á sviði viðskipta, tengslamyndunar og þróunar viðskiptatækifæra í bæjarfélaginu. Hlutverk verkefnastjóra er jafnt að skapa tengsl og leita tækifæra sem og að veita upplýsingar og þjónustu þeim áhugasömu aðilum sem til hans leita. Verkefnastjóri er tengiliður innan og utan sveitarfélagsins og vinnur náið með stjórnendum Reykjanessbæjar.

Umsóknarfrestur

**4. mars**

Helstu verkefni

- Áætlanagerð um þróun viðskiptatækifæra í Reykjanessbæ.
- Tengslamyndun, myndun viðskiptasambanda og gerð kynningarefnis eins og þörf krefur.
- Samskipti við fjölmiðla varðandi málaflokkinn.
- Umsjón með uppbyggingu á þjónustu við ferðamenn og þátttaka í stefnumótandi ákvarðunum.
- Samstarf hagsmunaaðila.
- Nýta tækifæri í Reykjanessbæ til aukinna viðskipta- og tengslamyndunar í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir, þróunarfélög, fjárfesta, landeigendur og félagasamtök.
- Vinna að auknu innbyrðis samstarfi og klasamyndun fyrirtækja og stofnanna.
- Efla upplýsingagjöf, verslun og þjónustu við fjárfesta, atvinnulíf, íbúa, ferðamenn og aðra gesti Reykjanessbæjar.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6402**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Haldgóð þekking á samfélaginu og atvinnulífi Reykjanessbæjar.
- Reynsla sem nýtist í starfi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Ríkir hæfileikar til tengslamyndunar.
- Þjónustulund.
- Sköpunarkraftur og hugmyndaauðgi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Reykjanesbær er fimmta fjölmennasta sveitarfélag á Íslandi með um 16.000 íbúa. Sveitarfélagið var stofnað 11. júní 1994 við sameiningu þriggja sveitarfélaga. Fá sveitarfélög á Íslandi hafa vaxið með sama hraða og Reykjanessbær undanfarin ár.

Hjá Reykjanessbæ starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það að leiðarljósi að þjónusta við íbúa bæjarfélagsins sé eins og best verður á kosið hverju sinni.

Við ráðningar er ávallt höfð hliðsjón af jafnréttisáætlun Reykjanessbæjar.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið  
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is



# Sérfræðingur í kjaramálum

VR óskar eftir að ráða sérfræðing á kjaramálasvið félagsins. Lögð er áhersla á að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af kjarasamningum og vinnumarkaðsmálum, búi yfir frumkvæði og afar góðri hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur

**26. febrúar**

Helstu verkefni

- Að svara fyrirspurnum og sinna erindinum félagsmanna er varða launa- og réttindamál.
- Ráðgjöf og samskipti við félagsmenn og atvinnurekendur.
- Að reikna launakröfur.
- Að vinna að innheimtumálum með lögmönnum félagsins.
- Fræðslumál og kynningar.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6403**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Haldgóð reynsla af vinnumarkaði og kjarasamningum.
- Jákvætt viðmót og mjög góð samskiptahæfni.
- Góð færni í útreikningum og excel.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, kunnátta í öðrum erlendum tungumálum svo sem pólsku er kostur.
- Hæfni til að vinna undir álagi.
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun.



VR er stærsta stéttarfélag landsins með um 35.000 félagsmenn. Tilgangur félagsins er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Skrifstofur félagsins eru í Reykjavík, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, á Egilsstöðum og á Akranesi.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Kennarasamband Íslands

## Spennandi störf

Kennarasamband Íslands óskar eftir að ráða í tvö störf á skrifstofu félagsins.

### FULLTRÚI Á UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARSVIÐI

Hlutverk fulltrúans felst í skrifum og framsetningu efnis sem birtist á vef KÍ, í Skólavörðunni og í hinum ýmsum ritum auk samfélagsmiðla á vegum KÍ og aðildarféлага þess.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6399**

Starfssvið

- Greinaskrif og uppfærsla á efni í miðla KÍ.
- Umsjón með útgáfu einstakra blaða og rita í samráði við yfirmann.
- Samskipti við formenn og aðra varðandi efni og efnistöð.
- Myndatökur á viðburðum og fundum KÍ.
- Þátttaka í ímyndar- og stefnumótunavinnu.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af blaða- eða fréttamennsku er æskileg.
- Áhugi og þekking á skólamállum.
- Afburða íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af ljósmyndun og myndvinnslu er kostur.
- Reynsla af textaskrifum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Þekking og reynsla af birtingu upplýsinga á samfélagsmiðlum.

### FULLTRÚI FASTANEFNDA KÍ Á NEFNDA- OG FRÆÐSLUSVIÐI

Hlutverk fulltrúans felst í vinnu fyrir fastanefndir KÍ; vinnuumhverfis-, jafnréttis- og fræðslunefnd svo og siðaráð. Fulltrúinn er tengiliður nefndanna við stjórn/forystu KÍ.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6400**

Starfssvið

- Hefur yfirsýn yfir efni (lög, reglugerðir) er lýtur að málaflökkunum og útbýr fræðsluefni, umsagnir og upplýsingar frá nefndunum á heimasíðu KÍ.
- Aðstoðar formenn aðildarféлага við að svara fyrirspurnum félagsmanna.
- Undirbýr og situr fundi hjá nefndunum.
- Aðstoðar við ritun fundargerða og úrvinnslu og framkvæmd ákvarðana í samstarfi við formenn nefnda.
- Sér um fræðslu um málaflökkana á vegum KÍ/ aðildarfélaganna ef eftir því er leitað.
- Þátttaka í erlendu samstarfi.
- Aðstoð við undirbúning þinga, funda og ráðstefna.
- Þátttaka í nefndastarfi og öðrum starfshópum.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

Hæfniskröfur

ESA is recruiting a legal officer responsible for Energy to join its Internal Market Affairs Directorate (IMA). IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. The successful candidate will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law. Day to day tasks include the examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports.

For this particular vacancy, we are looking for candidates with in depth experience of dealing with EEA energy law and EU energy policy and legislation. As many of the cases in the energy field involve Norway, knowledge of the Norwegian language, legal system, economy and national administration would be an added benefit. Depending on workload and other requirements, the responsibilities may also cover other general or specific issues relating to EEA law. We are looking for a well-qualified candidate with ideally 5 years' or more relevant experience from the public and/or private sector.

For full details of this position and to apply please visit: <https://jobs.eftasurv.int>

JOB REFERENCE 05/2018

Deadline for applications: 11 March 2018

Start date: September 2018 or earlier if possible

## Vaktstjóri í Sundhöll Reykjavíkur

Laugarnar í Reykjavík

Íþrótt- og tómsundasvið óskar eftir vaktstjóra í Sundhöll Reykjavíkur. Sundlaugarnar eru tilvalinn starfsvettvangur fyrir fólk sem vill vinna í fjöru og skemmtilegu umhverfi og hefur ánægju af því að umgangast og þjónusta viðskiptavini.

umsóknar-  
frestur er til  
5. mars

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Stýrir verkaskiptingu milli starfsmanna. Sér um skipulagningu vakta og afleysingu vegna fjarvasta/veikinda.
- Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna.
- Hefur eftirlit með húsnæði, áhöldum, leiktækjum og vélbúnaði.
- Sér um að öryggis- og umgengnisreglum sundlauga sé framfylgt
- Sér um eftirlit með gæðum sundlaugavatns og þrifaáætlun
- Stýrir vaktfundum
- Stýrir neyðaræfingum starfsmanna

### Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði verk- og mannauðsstjórnar
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta skilyrði
- Kunnátta í ensku skilyrði og æskilegt að hafa kunnátta í einu norðurlandamáli
- Krafa um árlega endurmenntum í skyndihjálpi og sérhæft námskeið um björgun úr laug og standast árlegt hæfnispróf laugavarda.
- Hreint sakavottorð

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

- Starfshlutfall 95%
- Ráðningarform Ótímabundin ráðning
- Númer auglýsingar 4294
- Nafn sviðs Íþrótt- og tómsundasvið

Nánari upplýsingar um starfið veitir

Brá Guðmundsdóttir í síma 411-5110

og tölvupósti [bra.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:bra.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Sími: 411 5000 • [www.itr.is](http://www.itr.is)

## Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

STOFNLÖGN  
HEIMÆÐ KRANI  
MÆLAGRIND  
INNTAK PEX  
DREIFILÖGN STÁL  
SKERA TENGJA  
PRESSA RÖR  
MÆLIR BAKRÁS  
SNITTA MAK  
SPEGILSJÓÐA  
GEGNUMTAK  
ÁBORA UNION  
HNÉ NIPPILL  
HÁLFBEYGJA  
TÖNG SKERI  
MÚFFUSJÓÐA  
ÁHLEYPING  
SKRÚFVÉL TÆMA  
DÆLA BRUNNUR  
SÖG KALT VATN  
DREIFIKERFI  
HEITT VATN  
SNITTVÉL PÍPA  
PRESSTÖNG  
SVERÐSÖG  
SKRÚFSTYKKI  
SÉRSMÍÐI PRÓ  
LAGNATEIKNING  
NÝLÖGN  
BRUNAHANI  
TENGJA LOKI

## Ert þú pípari?

Þá erum við að leita að þér

Við bjóðum fjölbreytt og krefjandi verkefni og fjölskylduvænan vinnutíma milli 8.20 og 16.15

Nánari upplýsingar  
á [veitur.is](http://veitur.is)



Kynntu þér vinnustaðinn Veitur  
á [veitur.is](http://veitur.is) og á Facebook

VEITUR



## Kópavogsbær óskar eftir skipulagsfræðingi

Kópavogsbær auglýsir laust til umsóknar starf skipulagsfræðings á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðu starfsumhverfi hjá metnaðarfullu sveitarfélagi sem er í mikilli uppbyggingu.

### Helstu verkefni

- Vinnur að stefnumótun, þróun og gerð hverfisáætlana/hverfisskipulags.
- Annast upplýsingagjöf til íbúa og annarra hagsmunaaðila um áætlanir og skipulag.
- Undirbýr og annast hverfafundi.
- Annast samskipti við önnur sveitafélög er varðar hverfisáætlanir.
- Annast húsakönnun og skráningu gagna um eldri hús í hverfum bæjarins.
- Hefur umsjón með íbúakönnun og skráningu gagna í tengslum við hverfisáætlanir

### Frekari upplýsingar

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2018.

Upplýsingar veitir Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri, í síma 441-0000 eða í tölvupósti [birgir@kopavogur.is](mailto:birgir@kopavogur.is)

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið**

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í skipulagsfræði eða önnur sambærileg menntun sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Góð tölvufærni
- Reynsla í opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Eir, Skjól og Hamrar – hjúkrunarheimili Höfum við starfið fyrir þig?



Okkur vantar hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, félagliða og starfsfólk í umönnun. Starfshlutfall eftir samkomulagi.

**Nánari upplýsingar veita:** Kristín Högnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar 522 5700 og Guðný H. Guðmundsdóttir forstöðumaður hjúkrunar 522 5600.

Umsóknir sendist á netfangið [skrifstofa@eir.is](mailto:skrifstofa@eir.is)



Eir hjúkrunarheimili  
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík  
Sími 522 5700

**Hamrar**

Hamrar hjúkrunarheimili  
Langatanga 2a, 270 Mosfellsbæ  
Sími 560 2090



Skjól hjúkrunarheimili  
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík  
Sími 522 5600

**ráðum**  
ráðningarstofa

## Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



# Verkfræðingur eða tækni- fræðingur á tæknideild Vestursvæðis í Borgarnesi



FAGMENN  
SKA  
ÖRYGGI  
FRAMSÝNI

Vegagerðin auglýsir eftir byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi á tæknideild Vestursvæðis með starfsstöð í Borgarnesi. Um er að ræða fullt starf við verkefnastjórnun og umsjón framkvæmda.

Tæknideil Vestursvæðis hefur umsjón og eftirlit með nýframkvæmdaverkefnum, viðhaldi á slítlögum, efnisvinnslu, styrkingum og endurbótum á vegamannvirkjum. Umdæmi deildarinnar eru Vesturland og Vestfirðir.

Við erum að leita eftir verk- eða tækni-fræðingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni á sviði framkvæmdaverkefna á svæðinu.

## Starfssvið

- Vinna við verkefnastjórnun í framkvæmdaverkum.
- Umsjón og eftirlit með verkum.
- Verkefni tengd viðhaldi vega.
- Undirbúningur og áætlanagerð.
- Önnur tilfallandi verkefni innan deildarinnar.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræðingur, M.Sc. eða byggingartæknifræðingur B.Sc.
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða vegagerð er kostur.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.


Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið [starf@vegagerdin.is](mailto:starf@vegagerdin.is).

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pálmi Þór Sævarsson, deildarstjóri tæknideildar Vestursvæðis ([palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is](mailto:palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is)) í síma 522 1540.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## samskip



### > Farmskrárfultrúi

Óskum eftir að ráða öflugan starfsmann sem fyrst í tekjuskráningu útflutningsdeildar

#### Starfssvið

- Almenn skráning í flutningakerfi fyrirtækisins
- Tekjuskráning vegna flutnings og þjónustu
- Frágangur farmbréfa og annarra pappíra
- Samskipti við tollembætti, viðskiptavinum og samstarfsaðila

#### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Gott vald á ensku og íslensku í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta
- Heiðarleiki og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ferilsskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi.

Sótt er um starfið á vef Samskipa, [www.samskip.is](http://www.samskip.is).

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk.

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuástöðu.

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

[www.talentradning.is](http://www.talentradning.is)

[talent@talentrading.is](mailto:talent@talentrading.is)/[bryndis@talentrading.is](mailto:bryndis@talentrading.is) - Sími: 552-1600



Bryndis  
GSM: 773 7400

TALENT  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

## Verkfræðingur/ tæknifræðingur

Við leitum að einstaklingi í ástandsgreiningu fráveitu til þess að sjá um skipulag og framkvæmd ástandsgreininga og bilanaleitar í lagnakerfi fráveitunnar.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Skipulag og framkvæmd ástandsgreiningar
- Skipulag og framkvæmd bilanaleitar
- Umsjón með rennismælum og öðrum tækjabúnaði
- Úrvinnsla upplýsinga og ráðgjöf um aðgerðir

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- B.Sc gráða í tækni- eða verkfræði
- Þekking á veitukerfum er kostur

Nánari upplýsingar  
á [veitur.is](http://veitur.is)

Kynntu þér vinnustaðinn Veitur  
á [veitur.is](http://veitur.is) og á Facebook





## Óskum eftir að ráða Starfsmenn

### Starfssvið:

- Reglubundið eftirlit loftræsti- og kælikerfa
- Uppsetning á loftræsti- og kælikerfum
- Viðhald og þjónusta

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun eða reynsla af vinnu við vél og tæknibúnað æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar gefur Helgi Sverrisson  
sími: 552-2222 netfang: helgi@hitastyring.is

Hitastyring hf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu, uppsetningu og þjónustu á hita- og loftræstikerfum, kælikerfum fyrir gagnaver, tölvu og tæknirými, rakakerfum, hússtjórnarkerfum og ýmskonar iðnaðarsjálfvirkni.

## Húsvörður



Húsfélagið að Árskógum 6 og 8 í Reykjavík vill ráða húsvörð í fullt starf. Í húsinu eru 101 íbúð ásamt bílageymslu. Verkefni húsvörðar eru meðal annars: almenn þrif á sameign ásamt umsjón með sorpgeymslu, umhirða um lóð, bílastæðum og bílageymslu auk minniháttar viðhalds og endurbóta. Gert er ráð fyrir að kalla megi húsvörð til þegar nauðsyn krefur utan vinnutíma en hluti af kjörum húsvörðar eru afnot af þriggja herbergja húsvörðaríbúð á jarðhæð. Búseta í íbúðinni er skilyrði. Bent skal á að starfið gæti hentað einkar vel fyrir þar eða hjón.

### Hæfniskröfur:

Kostur er iðn- eða tæknimenntun, lágmarkskunnátta á tölvur, dugnaður og frumkvæði. Leitað er að snyrtilegum, laghentum og útsjónarsömum einstaklingi með frumkvæði til úrbóta. Lögð er áhersla á að umsækjandi sé jákvæður að eðlisfari og góður í samskiptum.

### Skriflegar umsóknir berist:

Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða netfang starfsumsokn@eignaumsjon.is.  
Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2018.



### Netbifreiðasalan óskar eftir að ráða til sín starfsmann við sölumennsku á notuðum ökutækjum.

Um er að ræða fullt starf frá kl. 10-18 mánudaga – fimmtudaga, kl. 10-17 föstudaga og annan hvern laugardag frá kl. 12-15.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

### Hæfniskröfur:

- Áhugi á bílum og sölumennsku – reynsla af bílasölu er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Fagleg framkoma og framúrskarandi þjónustulund.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Netbifreiðasalan leitast eftir að ráða starfsmann sem hefur metnað til að veita framúrskarandi þjónustu við sölu á notuðum ökutækjum.

### Umsóknarfrestur:

4. mars 2018

Tekið er við umsóknum á:  
agnar@nbs.is



# SÖLURÁÐGJAFI VOLVO

## BRIMBORG LEITAR AÐ ÖFLUGUM OG METNAÐARFULLUM SÖLURÁÐGJAFI Í VOLVO TEYMIÐ

Um er að ræða fjölbreytt, skemmtilegt og spennandi starf við sölu á lúxusbifreiðum í góðum samheldnum hópi í framúrskarandi vinnuumhverfi.

Við leitum að manneskju sem hefur gaman að því að umgangast fólk, hefur reynslu af sölumennsku og með framhaldsskóla- eða iðnmenntun. Umsækjendur þurfa að hafa gilt bílpróf, góða þekkingu á bílum, góða tölvuþekkingu og vera tilbúinn til að tileinka sér viðskiptatengslastjórnun (CRM) í sölu- og markaðsstarfi ásamt góðu valdi á íslensku og ensku.

Sæktu um og fáðu nánari upplýsingar á [brimborg.is](http://brimborg.is) fyrir 26. febrúar 2018.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppitaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

# Rafmagnaður leiðtogi óskast

ON er á spennandi tímamótum og það eru mörg framsækin og krefjandi verkefni í leiðslunum. Við leitum að leiðtoga sem býr yfir öryggisvitund, frumkvæði og umbótahugsun og getur stýrt hópi fagfólks sem sinnir viðhaldi og uppsetningu á götuljósum og hlöðum ON.

### Tæknistjóri götuljósa og hlaða

Tæknistjóri er lykilaðili í að innleiða nýja tækni í götuljósum og hraðhleðslum og þarf að hafa sterka framtíðarsýn ásamt því að eiga auðvelt með að veita stórum hópi forstöðu, straumlínulaga verkferla með það að leiðarljósi að hvert verk sé unnið á öruggan, faglegan og hagkvæman hátt.

Ef þú ert framúrskarandi rekstrarmanneskja og hefur reynslu af að veita hópi forstöðu, elskar tækninýjungar, býrd yfir frumkvæði og umbótahugsun þá viljum við heyra frá þér. Þú þarft að hafa próf í iðn-, tækni- eða verkfræði, hugsa í lausnum og vera með góða yfirsýn.

Umsóknum skal skilað á ráðningavef ON, [starf.on.is](http://starf.on.is). Öll eru hvött til að sækja um störfín, óháð kyni.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur - [starf@on.is](mailto:starf@on.is).

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2018. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.



JAFNLAUNAÚTTEKT  
PWC - 2017



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS  
FRAMTAK ÁRSINS - 2016



ISLENSKA  
ÁNÆGJUVOGIN - 2016

ORKA NÁTTÚRUNNAR  
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700  
[www.on.is](http://www.on.is) · [on@on.is](mailto:on@on.is)

**on**  
ORKA NÁTTÚRUNNAR



# Framúrskarandi söluráðgjafi

Við leitum að metnaðarfullum og ábyrgum söluráðgjafa til starfa hjá Lexus sem hefur áhuga á að starfa í glæsilegu umhverfi og sinna framúrskarandi sölu og þjónustu til viðskiptavina okkar.

Lexus er einn af fremstu lúxusbílaframleiðendum heims þar sem faguð hönnun og nærgætni við umhverfið spilar stórt hlutverk og sameinar einstaka upplifun til viðskiptavina.

## Starfssvið

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Leit að nýjum tækifærum í sölu og eftirfylgni
- Tilboðs- og samningagerð
- Frágangur á sölu

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Þjónustulund, sveigjanleiki og metnaður
- Drifkraftur, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar. Sækið um starfið á ráðningarvef [www.toyota.is/storf](http://www.toyota.is/storf)  
Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfanginu [metta@lexus.is](mailto:metta@lexus.is)



LEXUS

Lexus Ísland  
Kaupúni 6, sími 570 5400  
[lexus@lexus.is](mailto:lexus@lexus.is)

## SUMMER JOBS

### Need a job this summer?

We are looking for people to work at cleaning. Daytime work. Must speak english and/or icelandic.

If you are interested, please apply via email: [stm@ath-thrif.is](mailto:stm@ath-thrif.is)

PROFESSIONALISM  
GOOD SERVICE  
HONESTY



Norska sendiráðið

## LEDIG STILLING SOM RESEPSJONIST/SEKRETÆR

Den norske ambassaden i Reykjavik har ledig 50% stilling som resepsjonist/sekretær fra mandag 28. mai 2018 med arbeidstid fra 0900-1300, mandag-fredag.

Arbeidsoppgavene omfatter resepsjons-, sentralbord- og sekretærtjeneste. Vi søker en person med en positiv, fleksibel og service-orientert innstilling som trives med å møte publikum, og som arbeider nøyaktig og med god orden.

Søkere bør ha utdanning og/eller erfaring innen sekretærtjeneste/administrasjon, og helst også erfaring med telefon- og publikumstjenester. Vi krever gode kunnskaper i islandsk, skandinavisk (helst norsk) og engelsk, både muntlig og skriftlig. Vi ønsker dessuten kjennskap til islandsk administrasjon og helst også kunnskap om Norge og norske forhold.

Lønn etter avtale.

Nærmere opplysninger kan fås ved henvendelse til ambassaden på telefon 520 0700. Søknad med CV sendes til [emb.reykjavik@mfa.no](mailto:emb.reykjavik@mfa.no). **innen 5. mars 2018.**



## RANNSÓKNASTOFA Í LYFJA- OG EITUREFNAFRÆÐI

Á réttarefnafræðideild/eiturefnafræðideild Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er laust til umsóknar 100% starf.

Starfið felst í sérhæfðri vinnu og þróun aðferða við réttarefnafræðilegar rannsóknir og mælingar á lyfjum í efnis- og líkamssýnum. Starfsmaður ber ábyrgð á verkefnum og verkþáttum er krefjast faglegar hæfni og sérþekkingar.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lyfjafræði, líffræði eða efnafræði
- Reynsla af vinnu með LC-MS-MS, GC-MS og/eða HPLC er æskileg
- Menntun og reynsla af réttarefnafræðilegum rannsóknum er æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. **Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar 2018.**

Umsóknir og allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu HÍ: [http://www.hi.is/laus\\_storf](http://www.hi.is/laus_storf)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

## Rekstrarstjóri BESTSELLER

**BESTSELLER** leitar að öflugum aðila til að halda utan um sölu og daglegan rekstur verslana. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á ásjón og ímynd verslana ásamt því að vera yfirmaður verslunarstjóra og stýra samskiptum við erlenda samstarfsaðila.

### HÆFNISKRÖFUR:

- Þekking og góð reynsla af verslun, þjónustu og/eða rekstri sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Lausnamiðuð hugsun og skipulagshæfileikar

**BESTSELLER** á Íslandi rekur í dag 10 verslanir, staðsettar í Kringlunni og Smáralind ásamt netverslun en starfsmannafjöldi er um 130 manns.

Um er að ræða spennandi tækifæri til að verða hluti af öflugum hópi starfsmanna sem vinnur fyrir áhugaverð alþjóðleg vörumerki í beinu samstarfi við erlenda samstarfsaðila.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk. Hægt er að sækja um á [bestseller.is](http://bestseller.is)

Allar frekari upplýsingar veitir Sólrún Hjaltsted, mannauðsstjóri í síma 575 4000.

**BESTSELLER**

VERO MODA name it JACK & JONES VILA SELECTED





## CONSULAR CLERK/CASHIER

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu  
Consular Clerk/Cashier lausa til umsóknar.  
Umsóknarfrestur er til og með **23. febrúar 2018**.  
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:  
<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Consular Clerk/Cashier. The closing date for the position is **February 23, 2018**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>  
Please send your application and resumé to :  
[reykjavikvacancy@state.gov](mailto:reykjavikvacancy@state.gov)

EQUAL EMPLOYMENT OPPORTUNITY: The U.S. Mission provides equal opportunity and fair and equitable treatment in employment to all people without regard to race, color, religion, sex, national origin, age, disability, political affiliation, marital status, or sexual orientation

## Vélamenn á Reyðarfirði og á Höfn í Hornafirði



FAGMENNSKA  
ÖRYGGI  
FRAMSYNI

Tvö störf vélamanna á þjónustustöðvum Vegagerðarinnar á Reyðarfirði og á Höfn í Hornafirði eru laus til umsóknar. Um er að ræða 100% störf.

### Starfssvið

- Almenn dagleg þjónusta á vegakerfinu á starfssvæðum Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði og á Reyðarfirði.
- Viðhald á t.d. vegstikum, umferðarkerkjum og öðrum vegbúnaði.
- Ýmis vinna í starfsstöð.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Almenn menntun.
- Almenn ökuréttindi og meirapróf.
- Vinnuvélaréttindi.
- Reynsla af ámóta störfum æskileg.
- Reynsla af vegheflun er æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.
- Góð kunnátt á íslensku.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambands Íslands. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2018. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið [starf@vegagerdin.is](mailto:starf@vegagerdin.is). Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um störfin veitir Davíð Þór Sigfússon byggingafræðingur í síma 522 1945 og í gegnum netfangið [david.th.sigfusson@vegagerdin.is](mailto:david.th.sigfusson@vegagerdin.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Umboðsmaður Alþingis

### Upplýsingamiðlun Frumkvæðiseftirlit/OPCAT

Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða í tvö störf.

**Upplýsingavinnsla og -miðlun.** Leitað er að starfsmanni til að sinna reifunum, samantektum, fréttaskrifum og vinnslu á efni í gagnagrunn, á heimasíðu og í skýrslur úr úrlausnum og öðrum viðfangsefnum umboðsmanns. Viðkomandi þarf að hafa menntun og reynslu sem nýtist í starfinu. Þekking á opinberri stjórnsýslu og stjórnsýslurétti er kostur. Gerð er krafa um góða kunnáttu í íslensku og ensku og gott vald á ritun texta á íslensku.

**Frumkvæðis- og OPCAT-efirlit.** Leitað er að starfsmanni til að vinna við frumkvæðiseftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og sérstakt OPCAT-efirlit vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum o.fl., sem beinist að stofnunum og heimilum þar sem frelsissviptir einstaklingar dvelja. Sjá nánar frétt á heimasíðu: Umboðsmaður tekur við OPCAT-efirliti. Starfið felst m.a. í undirbúningi og framkvæmd athugana á vettvangi og skýrslugerð. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun og starfsreynslu sem nýtist í starfinu. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda. Gerð er krafa um góða kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli og gott vald á ritun texta á íslensku.

Í báðum tilvikum er leitað að einstaklingum sem hafa til að bera frumkvæði, ríka þjónustulund og lípurð í mannlegum samskiptum. Áhugasamir sem uppfylla ofangreindar hæfniskröfur eru hvattir til að senda inn umsókn. Um starfskjör fer eftir kjarasamningi og nánara samkomulagi.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og önnur atriði skal senda á netfangið [postur@umb.althingi.is](mailto:postur@umb.althingi.is) eða á skrifstofu umboðsmanns Alþingis, Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík, merkt: Starfsúmsókn. Þess er óskað að í umsóknum verði gerð grein fyrir um hvort starfið er sótt og þekkingu og reynslu umsækjanda í samræmi við það sem fram kemur um hvort starf og að staðfesting um slíkt nám fylgi. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk. Upplýsingar um störfin eru veittar hjá umboðsmanni Alþingis í síma 510 6700 og nánari upplýsingar um starf umboðsmanns Alþingis má sjá á vefsíðunni: [www.umbodsmadur.is](http://www.umbodsmadur.is).

Þórshamri, Templarasundi 5 - 101 Reykjavík  
Sími 510 6700 - Fax 510 6701 - [postur@umb.althingi.is](mailto:postur@umb.althingi.is)

## Gæðastjóri hjá Stjörnugrís hf.



Fyrirtækið er rótgróið og traust framleiðslufyrirtæki á Kjalarnesi.

**Starfið** felst í alhlíða umsjón með gæðaeftirliti og skráningu, sannprófunum og innri úttektum á gæðakerfi, þjálfun og skráningu starfsfólks, umsjón með dýravelferð og mánaðarlegum sannprófunum á HACCP kerfi auk úttektar á meindýravörnum. Gæðastjóri annast jafnframt samskipti um innkaup á rekstrarvöru m.a. fyrir rannsóknarstofu auk þess að annast samskipti við dýralækna og móttöku í reglubundnu eftirliti auk annarra tilfallandi daglegra starfa.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun sem hentar í starfið og haldbæra þekkingu og reynslu af sambærilegum störfum. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, skipulagshæfni, útsjónarsemi, reglusemi og metnað til árangurs í starfi. Styrkur í mannlegum samskiptum er nauðsynlegur, sem og reynsla af stjórnum.

Um er að ræða áhugavert atvinnutækifæri fyrir t.d. þá sem búa í Mosfellsbæ eða nágrenni.

**Umsóknarfrestur** er til og með 26. febrúar nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). Þeir sem eiga umsóknir fyrirleggjandi hringi eða sendið rafpóst og tilkynnið þátttöku. Vinsamlega athugið að upplýsingar eru eingöngu veittar hjá STRÁ ehf.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf., veitir frekari upplýsingar í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga.

STRÁ



Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkanu góða þjónustu.

## Aðstoðardeildarstjóri

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt.

- Starfshlutfall er 80-90%
- Umsóknarfrestur er til 1. mars 2018.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar: [sunnuhlid.is](http://sunnuhlid.is)  
Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864-4184







## RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

### VIÐHALDSSTJÓRI

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða leitar að öflugum aðila í starf viðhaldsstjóra en um er að ræða nýtt starf sem viðkomandi mun taka þátt í að móta. Í starfinu felast fjölbreytt verkefni sem snúa að umsjón með viðhaldi og viðgerðum á tækjafloata félagsins en hann samanstendur af 7 jarðborum, borbúnaði og tækjum til flutninga. Viðkomandi mun sjá um gerð viðhaldsáætla, eftirfylgni með aðkeyptri vinnu vegna viðhalds, umsjón með innkaupum og varahlutalager félagsins. Starfsstöð félagsins er á Selfossi.



#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hafa lokið námi í vélstjórn, vélvirkjun, bifvélavirkun eða skyldum greinum
- Reynsla af viðhaldi og viðgerðum stórra tækja og/eða vinnuvéla
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta

Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða [torfip@raekto.is](mailto:torfip@raekto.is).  
Sækja skal um starfið fyrir 28. febrúar næstkomandi.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða | Gagnheiði 35 | 800 Selfossi | Sími 480 8500 | [raekto.is](http://raekto.is)



## ÖRYGGISVERÐIR SECURITY GUARDS (PERMANENT AND TEMPORARY POSITIONS)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2018.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:  
<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard.

The closing date for this position is February 25, 2018.

Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

Please send your application and resumé to :  
[reykjavikvacancy@state.gov](mailto:reykjavikvacancy@state.gov)

EQUAL EMPLOYMENT OPPORTUNITY: The U.S. Mission provides equal opportunity and fair and equitable treatment in employment to all people without regard to race, color, religion, sex, national origin, age, disability, political affiliation, marital status, or sexual orientation

## Áhættustjóri

Stapi lífeyrissjóður leitar að metnaðarfullum sérfræðingi í starf áhættustjóra á skrifstofu sjóðsins á Akureyri. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra sjóðsins.

#### Helstu verkefni:

- Umsjón með skipulagi og framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits
- Umsjón með mótun áhættustefnu og áhættustýringarstefnu
- Eftirlit með markaðsáhættu, fjárfestingarákvörðunum og áreiðanleika gagna sjóðsins
- Framkvæmd greininga og eftirlits
- Heildaryfirsýn yfir verkferla, áhættumöt, skýrslur innri endurskoðanda, innri úttektir, o.fl.
- Samskipti, skýrslugerð og miðlun upplýsinga til eftirlitsaðila og stjórnenda

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði fjármála, verk- eða tölfræði, próf í verðbréfavíðskiptum er kostur.
- Reynsla af fjármálamarkaði, áhættustýringu eða greiningarvinnu sem nýtist í starfi
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í að greina tölulegar upplýsingar og að setja þær fram með skipulögðum hætti
- Frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

#### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Steinar Jóhannsson ([johann@stapi.is](mailto:johann@stapi.is)), framkvæmdastjóri Stapa. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars. Umsækjendur skulu skila inn ítarlegri starfsferilskrá og kynningarbréfi í ráðningarkerfið Alfred ([www.alfred.is](http://www.alfred.is) eða appið Alfred).



Stapi lífeyrissjóður varð til með sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands árið 2007. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrítafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Eignir Stapa nema ríflega 200 milljörðum króna. Virkir sjóðfélagar eru um 14 þúsund og lífeyrisþegar rúmlega 9 þúsund talsins. Starfsmenn Stapa eru 17 og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og í Neskaupstað.

Strandgötu 3, 600 Akureyri Sími 460 4500  
Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað [www.stapi.is](http://www.stapi.is)

## Sérfræðingur í lánadeild

Stapi lífeyrissjóður leitar að metnaðarfullum sérfræðingi í lánadeild á skrifstofu sjóðsins á Akureyri. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra sjóðsins. Um er að ræða tímabundið starf til eins árs með möguleika á framtíðarstarfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Helstu verkefni:

- Þjónusta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga
- Framkvæmd greiðslu- og lánshæfismats
- Skjalagerð vegna sjóðfélagalána
- Samskipti við fjármálastofnanir og fasteignasala vegna umsýslu sjóðfélagalána

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Reynsla af lánamálum og þekking á skuldabréfum er kostur
- Góð tölvuþekking t.d. í Excel
- Jákvætt viðhorf og færni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og öguð vinnubrögð

#### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Steinar Jóhannsson ([johann@stapi.is](mailto:johann@stapi.is)), framkvæmdastjóri Stapa. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars. Umsækjendur skulu skila inn ítarlegri starfsferilskrá og kynningarbréfi í ráðningarkerfið Alfred ([www.alfred.is](http://www.alfred.is) eða appið Alfred).



Stapi lífeyrissjóður varð til með sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands árið 2007. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrítafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Eignir Stapa nema ríflega 200 milljörðum króna. Virkir sjóðfélagar eru um 14 þúsund og lífeyrisþegar rúmlega 9 þúsund talsins. Starfsmenn Stapa eru 17 og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og í Neskaupstað.

Strandgötu 3, 600 Akureyri Sími 460 4500  
Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað [www.stapi.is](http://www.stapi.is)





MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Starfsmaður í mötuneyti í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti skólans. Um er að ræða hlutastarf og er vinnutími frá kl. 09:00-13:00. Starfið felur í sér afgreiðslu, undirbúning málsverða og frágang. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af vinnu í mötuneyti og/eða menntun á þessu sviði.

Áriðandi er að viðkomandi eigi gott með samskipti og sé þjónustulipur.

Laun eru skv. samningi SFR- stéttarfélags í almannajónustu og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða umsjónarmanni mötuneytis og umsóknir skulu sendar á [mk@mk.is](mailto:mk@mk.is).

Skólameistari

## Verkefnastjóri hjá Frjálsípróttasambandi Íslands



Frjálsípróttasamband Íslands leitar nú að sjálfstæðum og drifandi verkefnastjóra á skrifstofu FRÍ. Við leitum að góðri manneskju með menntun og/eða viðeigandi reynslu á sviði íþróttamála eða kennslustarfa, 20 ára og eldri.

### Hvað þarft þú að hafa til að bera?

- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Áhuga og getu til að bæta mynd FRÍ á samfélagsmiðlum
- Færni til að skrifa skemmtilegar fréttir og færslur um frjálsar
- Reynslu af stjórnun verkefna eða getu til að stýra verkefnum á eigin spýtur

### Hvað bjóðum við uppá?

- Áhugavert og lifandi starf í íþróttahreyfingunni
- Möguleikann á því að bæta frjálsípróttahreyfinguna og samfélagið um leið
- Gott tækifæri til að læra og bæta sig í fjölbreyttu og krefjandi starfi

Verkefnastjóri vinnur náð með framkvæmdastjóra og stjórn FRÍ auk þess að vera í sambandi við aðildarfélög sambandsins um land allt. Upphaf starfs er í apríl eða maí skv. nánara samkomulagi.

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið [fri@fri.is](mailto:fri@fri.is) í síðasta lagi miðvikudaginn 28. febrúar. Nánari upplýsingar veittar í gegnum sama netfang.



## Yfirlæknir á sviði eftirlits

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða lækni í hlutastarf til að vinna að eftirliti með lyfjanotkun landsmanna og ávísanavenjum lækna. Landlæknir starfrækir lyfjagagnagrunn um lyfjaávisanir og afgreiðslu lyfja í þeim tilgangi að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar og öryggi sjúklinga.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á almenna þekkingu í læknisfræði, samskiptahæfni og fagmennsku.

### Helstu verkefni

- Stuðla að skynsamlegri notkun landsmanna á lyfjum.
- Hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf, einkum ávana-, fíknilyf og sýklalyf.
- Miðla upplýsingum um lyfjaávisanir einstaklinga til lækna, m.a. til að auka öryggi í lyfjaávisunum.
- Nota upplýsingar úr grunninum við gerð áætlaða um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu.
- Samskipti við helstu aðila innanlands og utan um eftirlit með lyfjaávisunum.
- Önnur verkefni að beiðni landlæknis og sviðsstjóra.

### Kröfur um þekkingu og hæfni

- Sérfræðimenntun í læknisfræði.
- Viðtæk starfsreynsla sem sérfræðilæknir.
- Góð færni í að rita íslensku.
- Almenn tölvukunnátta.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Starfsreynsla á sviði stjórnsýslu er kostur.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri sviðs eftirlits og frávika en viðkomandi mun vinna í nánú samstarfi við teymi sérfræðinga sem hefur umsjón með lögbundnu lyfjaeftirliti landlæknis, auk sérfræðinga á sviði heilbrigðisupplýsinga og sóttvarnalækni.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til Embættis landlæknis, á netfangið [annabara@landlaeknir.is](mailto:annabara@landlaeknir.is).

Frekari upplýsingar um starfið veitir Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri eftirlits og frávika, netfang: [annabara@landlaeknir.is](mailto:annabara@landlaeknir.is).

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2018. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélags Íslands.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is) • [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

## Kópavogsbær leitar að verkefnastjóra á framkvæmdardeild Kópavogs

Kópavogsbær auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra á framkvæmdardeild Kópavogs. Framkvæmdardeild annast allan undirbúning og framkvæmdir við nýjar götur, endurgerð eldri gatna, veitur og húsbýggingar, svo sem skóla, leikskóla og íþróttamannvirki í eigu Kópavogsbæjar.

Helstu verkefni verkefnastjóra á framkvæmdardeild snúa að undirbúningi framkvæmda, þarfagreiningu, hönnun, útboðum og samskiptum við verktaka og eftirliti. Einnig skal hann veita ráðgjöf um efnisval og búnaðarkaup við framkvæmdir.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðu starfsumhverfi hjá framsæknu sveitarfélagi sem er í mikilli uppbyggingu. Starfið býður upp á mikla möguleika og fjölbreytni fyrir öflugum verk- eða tæknifræðingum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Reynsla og þekking af verkefnastjórnun
- Reynsla af hönnunarstjórnun bygginga, gatna og veitna æskileg
- IPMA vottun æskileg
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikrar nauðsynlegir
- Gott vald á íslensku rituðu og töluðu og hæfni til að tjá sig.
- Þekking á skjalavistunarkerfi æskileg

### Frekari upplýsingar

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags.

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2018.

Upplýsingar veitir Stefán Lofur Stefánsson, deildarstjóri framkvæmdardeilda, í síma 441-0000 eða í [tölvupóstistefan@kopavogur.is](mailto:tolvupostistefan@kopavogur.is)

### Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



Kópavogsbær



ÖXULL TIGSUÐA  
LOGSKERA SLÍPA  
RYÐFRÍTT STÁL  
HNOÐA BEYGJA  
LOKKA KLIPPA  
STANSA SKRÚFA  
HERÐA ÁTAK DÆLA  
FÓÐRING MÓTOR  
VINKILL DÆLUSTÖÐ  
TENNGJA HLEYPJA Á  
DRIF LOKASTÖÐ  
ÞRÝSTIPRÓFA BOLTI  
ÖRYGGISLOKI GÍR  
ÁL SPJALDLOKI  
STOFNLÖGN PRÓFÍLL  
BORA BRÝNA FRÆSA  
NÝSMÍÐI RAFSUÐA  
ENDURNÝJUN  
RENNNA LOGSUÐA

## Ertu málmíðnaðarmaður?

Við leitum að úrræðagóðum málmíðnaðarmönnum. Annars vegar leitum við að einstaklingi með yfirgripsmikla þekkingu á málmsmíði og viðgerðum til að starfa á verkstæði og hins vegar að aðila til að starfa úti í dreifikerfinu.

Við bjóðum fjölbreytt og krefjandi verkefni og fjölskylduvænan vinnutíma milli kl. 8.20 og 16.15

Nánari upplýsingar á [veitur.is](http://veitur.is)

Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á [veitur.is](http://veitur.is) og á Facebook



## Skólafólk óskast í símsölu

Líftryggingaumboð Íslands ehf. óskar eftir öflugum aðilum í símsölu á kvöldin. Tilvalið fyrir skólafólk og aðra sem vilja komast í vel launað hlutastarf. Hentar sem sumarvinna og eins meðfram námi.

Upplýsingar í síma 571-5011 eða gegnum tölvupóstfangið [magnus@kml.is](mailto:magnus@kml.is)

Askalind 2  
201 Kópavogur

**Simberg**  
Sími: 414-4414

[www.simberg.is](http://www.simberg.is)  
[simberg@simberg.is](mailto:simberg@simberg.is)

## RAFEINDAVIRKJAR

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir rafeindavirkjum til starfa við þjónustu og viðgerðir á siglinga- og fiskileitartækjum. Starfið er fjölbreytt og áhugaverður tími framundan.

Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, geta starfað sjálfstætt og hafa ríka þjónustulund.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á [simberg@simberg.is](mailto:simberg@simberg.is)

Simberg ehf. er sölu- og þjónustufyrirtæki með umboð fyrir Simrad og Kongsberg.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Flataskóli

- Bókasafns- og upplýsingafræðingur
- Tónmenntakennari og kórstjóri
- Umsjónakennari á miðstigi
- Skólaliði

### Urriðaholtsskóli

- Deildarstjórar leikskóladeildar

### Lundaból

- Leikskólakennari

### Móaflöt - skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni

- Starfsfólk

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



**GARÐABÆR**

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • [GARDABAER.IS](http://GARDABAER.IS)



## Sunnulækjarskóli

Við Sunnulaekjarskóla á Selfossi er laus staða umsjónarkennara á miðstigi.

Í skólanum eru um 670 nemendur og þar er lögd áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólasterfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. mars n.k.

Nánari upplýsingar má fá hjá skólalækjara í síma 480-5400 og á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsóknarfrestur er framlengdur til 24. febrúar 2018.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólalækjara, [birgir@sunnulaek.is](mailto:birgir@sunnulaek.is).

Skólalækjari





## Fagstjóri lækninga - sérfræðilæknir - sálfræðingur

### Þroska- og hegðunarstöð

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf fagstjóra lækninga, sérfræðilæknis og sálfræðings á Þroska- og hegðunarstöð.

Þroska- og hegðunarstöð er miðlæg, sérhæfð starfseining innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis. Stöðin er mönnum þverfaglegum starfshópi sem sinnir m.a. greiningu, ráðgjöf, meðferð, fræðslu, rannsóknunum, framþróun og starfsþjálfun í tengslum við börn sem hafa frávik í þroska, hegðun og/eða líðan. Markhópur starfseminnar eru börn að 18 ára aldri og foreldrar þeirra.

### Fagstjóri lækninga

Starf fagstjóra lækninga er ábyrgðarmikið og krefjandi og reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. apríl eða eftir nánara samkomulagi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs með forstöðumanni, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er forstöðumanni innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

#### Hæfniskröfur

- Sérfræðingur í barnalækningum eða barna- og unglíngageðlækningum
- Reynsla af starfi við þverfaglega greiningu, ráðgjöf og meðferð barna með frávik í þroska, hegðun og líðan
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskilegt
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

#### Nánari upplýsingar veita

- Gyða Haraldsdóttir - 513-5150  
[gyda.haraldsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:gyda.haraldsdottir@heilsugaeslan.is)
- Óskar Sesar Reykdalsson - 513-5000  
[oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is](mailto:oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is)

Umsóknarfrestur er 12. mars 2018

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélags Íslands. Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisevni. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsóknunum skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Auk þess skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu“ og setja það í viðhengi, eyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis ([www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)) undir útgefið efni. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf, og vísinda- og rannsóknarstörf. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

Nánari upplýsingar á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

### Sérfræðilæknir

Starf barna- og unglíngageðlæknis eða sérfræðings í barnalækningum. Starfið er 100% en lægra starfshlutfall kemur til greina. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

Starf barna- og unglíngageðlæknis/sérfræðings í barnalækningum felst einkum í greiningu, ráðgjöf og meðferð barna með þroska-, hegðunar- og geðheilbrigðisvandamálum í þverfaglegu samstarfi við aðra sérfræðinga stöðvarinnar. Boðið er upp á fjölbreytt starf í örvandi starfsumhverfi og góðum starfsanda.

#### Hæfniskröfur

- Sérfræðimenntun í barna- og unglíngageðlækningum eða barnalækningum
- Staðgöð þekking og reynsla af greiningu og meðferð barna með geðheilbrigðisvandamálum
- Faglegur metnaður, sjálfstæði í starfi, frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi og vilji til að starfa í þverfaglegu teymi
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

#### Upplýsingar veitir

- Gyða Haraldsdóttir - 513-5150  
[gyda.haraldsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:gyda.haraldsdottir@heilsugaeslan.is)
- Katrín Davíðsdóttir - 513-5150  
[katrin.davidsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:katrin.davidsdottir@heilsugaeslan.is)

Nánari upplýsingar á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

Umsóknarfrestur er 12. mars 2018

### Sálfræðingur

100% starf sálfræðings. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

Starf sálfræðings felst einkum í greiningu, ráðgjöf, fræðslu og hópmeðferð barna með frávik í þroska, hegðun og líðan í þverfaglegu samstarfi við aðra sérfræðinga stöðvarinnar. Boðið er upp á fjölbreytt starf í örvandi starfsumhverfi og góðum starfsanda.

#### Hæfniskröfur

- Löggilding í sálfræði
- Reynsla af þverfaglegri teymisvinnu við greiningu ADHD, hegðunarvanda, kvíða og skyldra raskana
- Reynsla af notkun helstu sálfræðiprófa fyrir börn og greiningarviðtala s.s. K-SADS og ADIS
- Reynsla af námskeiðahaldi og stýringu meðferðarhópa fyrir börn og foreldra
- Færni í mannlegum samskiptum og áhugi og vilji til að starfa í þverfaglegu teymi
- Sérfræðiviðurkenning á sviði þroska-, geð- og hegðunarvanda hjá börnum æskilegt

#### Upplýsingar veitir

- Gyða Haraldsdóttir - 513-5150  
[gyda.haraldsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:gyda.haraldsdottir@heilsugaeslan.is)

Nánari upplýsingar á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

Umsóknarfrestur er 5. mars 2018

## MÁLARAR!

Óska eftir vönum málorum vegna vinnu á höfuðborgarsvæðinu  
Upplýsingar í síma 899-3844 eða [eignamalun@mi.is](mailto:eignamalun@mi.is)



**EIGNAMÁLUN ehf.**  
Almenn málningsþjónusta



**Netbifreiðasalan**

**Netbifreiðasalan óskar eftir að ráða til sín starfsmann við sölumennsku á notuðum ökutækjum.**

Um er að ræða fullt starf frá kl. 10-18 mánudaga – fimmtudaga, kl. 10-17 föstudaga og annan hvern laugardag frá kl. 12-15.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

#### Hæfniskröfur:

- Áhugi á bílum og sölumennsku – reynsla af bílasölu er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Fagleg framkoma og framúrskarandi þjónustulund.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Netbifreiðasalan leitast eftir að ráða starfsmann sem hefur metnað til að veita framúrskarandi þjónustu við sölu á notuðum ökutækjum.

#### Umsóknarfrestur:

4. mars 2018

Tekið er við umsóknum á:  
[agnar@nbs.is](mailto:agnar@nbs.is)



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

## Skólastjóri við Fellaskóla, Fellabæ

Auglýst er eftir skólastjóra við Fellaaskóla frá og með næsta skólaári.



Í Fellaskóla eru að jafnaði um 100 nemendur í 1. – 10. bekk og 27 starfsmenn. Lítils háttar samkensla er í skólanum sem er vel mannaður réttindakennurum. Skólinn leggur ríka áherslu á að sinna jafnt „hvössum skilningi, hagri hönd og hjartanu sanna og góða“ í anda Stephans G. Stephanssonar.

Gott samstarf er með grunnskólunum þremur á Fljótsdalshéraði og nú stendur yfir undirbúningur að sameiginlegu verkefni um breytta kennsluhætti í skólunum.

#### Hæfniskröfur:

- Grunnskólakennaramenntun er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskilegt
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni

Allar frekari upplýsingar veitir Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri Fljótsdalshéraðs í síma 4700 700 eða á netfanginu [helga@egilsstadir.is](mailto:helga@egilsstadir.is). Umsóknum með ferilskrá skal skila á skrifstofu Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum í síðasta lagi 15. mars nk.



# Hjúkrunardeildarstjóri óskast

Laus er staða deildarstjóra á 3. hæð á Skjóli

## Helstu verkefni og ábyrgð:

Ábyrgð á stjórnun, áætlanagerð, rekstri, starfsmannamálum og mönnun deilda. Leiðandi í starfi, framþróun og skipulagningu á starfsemi deilda.

## Hæfniskröfur:


- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg
- Jákvæðni og góð samskiptahæfni

## Upplýsingar veitir:

Guðný H. Guðmundsdóttir  
**DOMUSNOVA**  
Fasteignasala

[www.domusnova.is](http://www.domusnova.is) - sími 527 1717



# VALHÖLL

FASTEIGNASALA

S Í ð a n 1 9 9 5

Allir þurfa þak yfir höfuðið



**Ingólfur Geir Gissurarson**  
Frákvæmdastjóri  
Lögg. fasteignasali og leigumíðlari  
896 5222



**Heiðar Friðjónsson**  
Sölustjóri  
Löggiltur fasteignasali B.Sc  
693 3356



**Margrét Sigurgeirsdóttir**  
Skrifstofustjóri  
margret@valholl.is  
588 4477



**Úlfar Freyr Jóhannsson**  
Lögfræðingur Hdl.  
Lögg. fasteignasali.  
Skjalavinnsla  
692 6906



**Herdís Valb. Hölludóttir**  
Lögfræðingur  
og lögg. fasteignasali  
694 6166



**Pétur Steinar Jóhannsson**  
Aðstoðarm.  
fasteignasala  
Snæfellsnesi  
893 4718



**Sturla Pétursson**  
Löggiltur  
fasteignasali  
899 9083



**Anna F. Gunnarsdóttir**  
Löggiltur  
fasteignasali  
892-8778



**Snorri Snorrason**  
Löggiltur  
fasteignasali  
Útbú Höfn Hornafirði  
895-2115

# 588 4477

Fagleg þjónusta -  
Vönduð vinnubrögð



Framúrskarandi  
fyrirtæki

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

## ÞVERBREKKA 8, SÖLUSÝNING UM HELGINA



OPÍÐ HÚS



**Sölusýning um helgina:**  
Laugardag og sunnudag frá kl. 13.30 til 14.30  
Sýnum nýjar og glæsilegar 2ja herb. íbúðir sem eru með eða án stæðis í bílastæðahúsi. Glæsilegur frágangur og sérinnangangur er í allar íbúðir. Innréttingar frá Axis. Íbúðirnar eru allar lausar við kaupsamning.

Heiðar Friðjónsson lögg. fast. s. 693-3356 og heidar@valholl.is, verður á staðnum um helgina og veitir nánari uppl. um eignirnar

39,9  
milljónir

Fjölbyli  
70 fm

2ja herb  
bilageymsla

37,9  
milljónir

2ja herb  
sérstæði



Nánari upplýsingar:  
Heiðar Friðjónsson  
Lögg. fasteignasali  
Sími: 693-3356  
heidar@valholl.is

### KÓPAVOGSBRAUT 78 – 5 herb. íbúð m. bílskúr.



OPÍÐ HÚS

5 herbergja íbúð með bílskúr á góðum stað í Kópavogi. Íbúðin er á tveimur hæðum, mið- og rishæð. Sér inngangur er í íbúðina. Opíð hús 21. feb frá 17.30 - 18.00.

49,9  
milljónir

Fjölbyli  
148,4 fm

5-7 herb.  
Bílskúr



Nánari upplýsingar:  
Anna F. Gunnarsd.  
Lögg. fasteignasali  
Sími: 892-8778  
anna@valholl.is

### LEIRUBAKKI - Rúmgóð björt 4 herbergja íbúð.



OPÍÐ HÚS

4 herbergja íbúð á góðum og grónum stað. Nýleg eldhúsinnrétting og gólfefni. Stutt í alla þjónustu eins og skóla, íþróttastarfi og verslanir. Opíð hús 22. feb kl. 18.00-18.30

37,5  
milljónir

Fjölbyli  
96,5 fm

4ra herb  
Sér bílastæði



Nánari upplýsingar:  
Anna F. Gunnarsd.  
Lögg. fasteignasali  
Sími: 892-8778  
anna@valholl.is

### HÁALEITISBRAUT STÓR 2JA MEÐ SÉRINNG.



OPÍÐ HÚS

Opíð hús að Háaleitisbraut 119, sunnudaginn 18. febrúar frá kl. 14.30 til 15.00. Sérinnangangur frá gaffli húsinns. Þar er til sýnis rúmgóð 2ja herb. íbúð sem er laus við kaups.

33,9  
milljónir

Fjölbyli  
89,5 fm

2ja herb  
Sérinnangangur



Nánari upplýsingar:  
Heiðar Friðjónsson  
Lögg. fasteignasali  
Sími: 693-3356  
heidar@valholl.is

### VEL SKIPUÖGÐ RAÐHÚS Í URRIÐAH. GARÐAB.



Í BYGGINGU

Í einkasölu 200 til 217 fm raðhús á tveimur hæðum við Brekkugötu 5-11 í Urriðaholti Garðabæjar. Húsin afhendast tilbúin til innréttingar og fullbúin að utan, hús og lóð

76,9  
milljónir

Raðhús  
200 fm

Sérbyli  
Bílskúr



Nánari upplýsingar:  
Heiðar Friðjónsson  
Lögg. fasteignasali  
Sími: 693-3356  
heidar@valholl.is

### HULDULAND 3 - Glæsileg 2ja í álklæddu húsi.



LAUS STRAX

Glæsileg 2ja herb, íbúð á jarðhæð í ný álklæddu fjölbyli. Íbúðin var alveg endurnýjuð nýlega (4-5 ár). Laus strax. Góðar innréttingar, þvottaadst. í íb. Fallgett útsýni.

33,5  
milljónir

Fjölbyli  
58,1 fm

2ja herb  
nær viðhaldsfritt



Nánari upplýsingar:  
Ingólfur Gissurar.  
Lögg. fasteignasali  
Sími: 896 5222  
ingolfur@valholl.is

### HRAUNBÆR VEL SKIPULÖGÐ 55 FM 2JA HERB



OPÍÐ HÚS

Opíð hús að Hraunbæ 90, íbúð 0203, sunnudaginn 18. febrúar frá kl. 15.00 til 15.30, þar er til sýnis vel skipulögð 2ja herb íbúð með nýrri eldhúsinnréttingu. Laus við kaups.

27,9  
milljónir

Fjölbyli  
55 fm

2ja herb  
Laus strax



Nánari upplýsingar:  
Heiðar Friðjónsson  
Lögg. fasteignasali  
Sími: 693-3356  
heidar@valholl.is



# Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki Fjór hjól Fjór hjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lípur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is

## STÓRA BÍLASALAN



### NÝR BÍLL

KIA Sportage EX+. Dísel, Sjálfskiptur. Ný vetrardekk fylgja. Verð 4.990.000. Rnr.136405.



### 100% LÁN

TOYOTA Yaris. Árgæð 2010, ekinn 93 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 980.000. Rnr.150370.



### 100% LÁN

FORD Escape XLT. Árgæð 2008, ekinn 186 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 790.000. Rnr.171043.



### 100% LÁN

VW Polo Trendline. Árgæð 2011, ekinn 142 þ.KM, bensín, 5 girar. TILBOÐ 690.000. Rnr.136728.

**Stóra bílasalan**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
<http://www.stora.is>



## ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

**Bílauppbod - Krókur**  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)



LAND ROVER Discovery sport hse. Árgæð 2016, ekinn 39 þ.KM, dísel, sjálfskiptur, leður og m.mfl. Verð 7.690.000. Rnr.116108.



VW Touareg. Árgæð 2004, ekinn 170 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 680.000. Mjög gott eintak Rnr.116192.



TOYOTA Yaris hybrid. Árgæð 2015, ekinn 56 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.990.000. Ásett verð 2.290.000 Rnr.116167.

**Nýja bílahöllin**  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
[www.nyja.is](http://www.nyja.is)

## Bílar til sölu



**FORD DÍSEL 2005**  
Ford Ranger doublecab, göð dekk, skoðaður 19" verð 690þ. Uppl. 820-5181



Cadillac Escalade 2002 Svartur, ekinn 130þ.milur, verð 1.250þ. Uppl.820-5181



Ford Fiesta Titanium 31.03.13. 5 dyra, silfurgrár. 1.4L. Sjálfskiptur. Ekinn 19-20 þús km. Er á Nokia vetrardekkjum, sumardekk fylgja. V 1.390.000. S: 8961931



### ÚRVALS HIACE 4X4, 2010

Ekinn 88 þús, einn eigandi. Dráttarbeiðli, dekkjagangur, bluetooth útvarp. Verðhugm. 2.250 þús + vsk, engin skipti. S. 897 3015.



### 2017 FORD FOCUS ELECTRIC TILBOÐSVERÐ 2.690.000.

100% rafmagnsbíll ek. 7000km raundrægni 180km! 33.5kwh rafhlaða, bakkmyndavél. Tilboðsverð 2.690.000. Uppl. 899-8412

## Hjólbarðar



### NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

### PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Komdu og prófaðu!

# bill.is

Malarhöfði 2

Sími 5773777

[www.bill.is](http://www.bill.is)



### VW California beach.

Árgæð 2017, ekinn 55 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar.

**Verð 7.190.000.**  
Rnr.271119.



### RENAULT Clio limited.

Árgæð 2017, ekinn 17 þ.KM, bensín, 5 girar.

**Verð 1.990.000.**  
Rnr.271108.



### SUBARU Forester.

Árgæð 2017, ekinn 33 þ.KM, bensín, sjálfskiptur.

**Verð 4.590.000.**  
Rnr.251066.



### NISSAN Pulsar tekna.

Árgæð 2016, ekinn 39 þ.KM, dísel, 6 girar.

**Verð 2.290.000.**  
Rnr.260006.



### HONDA Civic 5dr.

Árgæð 2015, ekinn 64 þ.KM, bensín, beinskíptur.

**Verð 1.690.000.**  
Rnr.271143.



### BMW X1 xdrive18d.

Árgæð 2017, ekinn 25 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar.

**Verð 4.650.000.**  
Rnr.271383.



### HYUNDAI ix35 premium.

Árgæð 2015, ekinn 62 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar.

**Verð 3.290.000.**  
Rnr.271382.



### Land ROVER discovery.

Árgæð 2015, ekinn 63 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar.

**Verð 8.200.000.**  
Rnr.251149.



# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !




Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtíma-

ferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.



**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: **Háræðaslitsmeðferðir** HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA



### Hljóðbylgjumeðferð

Fjarlægir háráðaslit í andliti, háráðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

### Hversu margar meðferðir þarf?

Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háráðaslit endanlega.



Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

**Snyrtistofan Hafblik**



# Tíu bestu Marvel-myndirnar

Í tilefni af frumsýningu Black Panther er full ástæða til að nota helgina til að sökkva sér í Marvel-myndirnar og rifja upp kynnin við þennan undraheim. En hvaða Marvel-myndir ætli séu bestar?

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is

**B**lack Panther, nýjasta viðbótin við Marvel-heiminn, var frumsýnd á Íslandi í gær. Myndin hefur vakið mikla athygli og fengið afar góða dóma, þá bestu af öllum Marvel-myndunum, ef miðað er við tölur vefsins Rotten Tomatoes, sem tekur saman gagnrýni frá mörgum ólíkum miðlum.

Myndin fjallar um T'Challa, einnig þekktan sem Svarti pardusinn, sem þarf að fara aftur til heimalands síns, Wakanda, eftir dauða föður síns til að taka við konungstigninni og verja landið.

Þetta er átjándi Marvel-myndin síðan árið 2008 og þær hafa sannarlega verið misgóðar, þó þær hafi allar notið vinsælda. Það gæti verið gaman að nota helgina í að sökkva sér í gláp á Marvel-myndum til að að eyða meiri tíma með ofurhetjunum, koma sér í girinn fyrir nýju myndina eða rifja upp söguna af uppruna Svarta pardussins, sem er sögd í myndinni Captain America: Civil War.

Þetta er átjándi Marvel-myndin síðan árið 2008 og þær hafa sannarlega verið misgóðar, þó þær hafi allar notið vinsælda.

En það er ágætt að byrja á að rifja upp hverjar eru þær bestu og þá er gott að styðjast við tölurnar á Rotten Tomatoes. Þar er að finna samantekt á gagnrýni fagmanna frá mörgu hundruð miðlum á einum stað. Rotten Tomatoes telur saman hve margir gefa jákvæða dóma og hve margir gefa neikvæða dóma og gefa myndinni einkunn út frá því hve stórt hlutfall af umfjöllunum var jákvætt.



Black Panther hefur slegið rækilega í gegn og fengið betri dóma en nokkur önnur Marvel mynd.

## Black Panther 2018 – 98%

Eins og áður sagði er Black Panther með bestu einkunnina. Í gær, föstudag, voru komnar 228 umfjallanir og af þeim voru bara 5 neikvæðar.

## Iron Man 2008 – 94%

Fyrsta Marvel-myndin er í öðru sæti. Bara 17 af 268 umfjöllunum um uppruna Järnmansins voru neikvæðar.



## Marvel's The Avengers 2012 – 92%

Fyrsta Avengers-myndin, þar sem ofurhetjurnar sameina krafta sína, er í þriðja sæti. Af 328 umfjöllunum voru bara 26 neikvæðar.

## Thor: Ragnarok 2017 – 92%

Nýjasta myndin um Þór, þar sem hann er fangelsaður á fjarlægri plánetu, sló í gegn á síðasta ári, fékk afar góða dóma og var talin sérlega myndin. Hún fékk 26 neikvæðar umfjallanir af 321.

## Spider-Man: Homecoming 2017 – 92%

Fyrsta myndin um hinn kornunga nýja Köngulóarmann var af mörgum talin Köngulóarmannsmyndin sem allir biðu eftir. Af 312 umfjöllunum voru bara 24 neikvæðar.



## Captain America: Civil War 2016 – 91%

Þriðja myndin um ævintýri Kaffeinsins fjallar um ósætti milli ofurhetjanna. Af 358 umfjöllunum voru bara 34 neikvæðar.



## Guardians of the Galaxy 2014 – 91%

Fyrsta myndin um útverði alheimsins sló annan tón en fyrri Marvel-myndir og bauð upp á fjörugetu geimævintýri. Myndin fékk bara 27 neikvæðar umfjallanir af 295.

## Doctor Strange 2016 – 90%

Fyrsta myndin um ævintýri dr. Strange var vel heppnuð galdrasaga og fékk 32 neikvæðar umfjallanir af 305.

## Captain America: The Winter Soldier 2014 – 89%

Í annarri myndinni um ævintýri Kaffeinsins reynir hann að aðlagast nútímanum og verjast nýrri (en um leið gamalli) ögn. Myndin fékk jákvæða umfjöllun í 242 af 273 tilfellum.

## Guardians of the Galaxy Vol. 2 2017 – 83%

Önnur myndin um útverðina víðförllu, þar sem þeir reyna að flygja geimflota í hefndarhug, náði ekki sömu hæðum og sú fyrsta en fékk þó ekki nema 57 neikvæðar umfjallanir af 334.

# Styrkja hlýtt og gott starf

Líf styrktarfélag fékk að gjöf eina og hálf milljón króna frá Pampers. Peningunum verður varið í stólakaup á fæðingavaktina. Mikilvægt er að bæta aðbúnað á Kvennadeild Landspítala.

**P**ampers vill láta gott af sér leiða og vera til staðar í lífi hvers barns. Í október og nóvember síðastliðnum fór af stað góðgerðaráttak þar sem 50 krónur af hverjum seldum Pampers bleiupakka, rann til Lífs styrktarfélags og að þessu sinni fékk Kvennadeild Landspítalans veglegan stuðning. Með þessu vill Pampers leggja sitt af mörkum til að bæta aðbúnað nýfæddra barna, mæðra og fjölskyldna þeirra. Á heimsvísu er Pampers styrktaraðili UNICEF og hefur í gegnum tíðana látið mikið fé renna til þeirra mikilvægu samtaka,“ segir Jónína Birna Björnsdóttir, vörumerkjastjóri ÍSAM.

## Mikilvæg uppbygging

Þórunn Hilda Jónasdóttir, framkvæmdastjóri Lífs styrktarfélags segir peningana koma sér afar vel. „Styrkurinn verður nýttur til þess að endurnýja stóla í fæðingavaktarherbergjunum. Líf styrktarfélag er styrktarfélag Kvennadeildar Landspítalans sem er

Það er ótrúlega mikilvægt fyrir okkur sem félag og fyrir kvennadeildina sjálfa að fyrirtæki hugsi til okkar og láti hluta af ágóða sínum renna til góðgerðarstarfs.“

fæðingardeild, sængurkvennadeild og kvenlækningadeild. Það er ótrúlega mikilvægt fyrir okkur sem félag og fyrir kvennadeildina sjálfa að fyrirtæki hugsi til okkar og láti hluta af ágóða sínum renna til góðgerðarstarfs,“ segir Þórunn Hilda.

„Meirihluti fæðinga fær hér fram og stór hluti landsmanna hefur því komið hérna við. Líf styrktarfélag hefur séð um öll tækjakaup á Kvennadeildina og gegnum tíðina tekið í gegn móttöku og heilu gangana í samvinnu við spítalann.“



Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri, Jónína Birna Björnsdóttir vörumerkjastjóri, Jón Viðar Stefánsson, framkvæmdastjóri frá ÍSAM, Þórunn Hilda framkvæmdastj. Lífs, Anna Sigríður Vernharðsdóttir, deildarstóri fæðingavaktar, Anna Haarde, læknaritari Kvennadeildar, og Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir fæðingavaktar. MYND/EYÞÓR

Félagið hefur til dæmis keypt sjónvörp fyrir alla sem liggja inni á deild, samræmt merkingar á göngum og ýmislegt fleira.

Við einbeitungu okkur að því að bæta bæði aðbúnað þeirra sem koma á deildina og bæta vinnu- aðstöðu starfsfólks. Það auðveldar öllum í því mikla álagsstarfi sem hér fer fram að fólk líði vel. Við leggjum mikið upp úr því að upplifun fólks af húsinu sé hlý og góð því hér fer fram mjög hlýtt og gott starf,“ segir Þórunn Hilda.

## Leiðandi vörumerki

Pampers bleiur hafa verið í sölu á Íslandi til fjölda ára og verið leiðandi vörumerki með nýjungum í bleium. Pampers er líka í stöðugri þróun til að bæta vörurnar sínar með það markmið að börnum sem nota vörurnar líði sem best. Pampers hvetur alla verðandi foreldra til að skrá sig á pampers.is og fá gefins Pampers gjafapoka sem inniheldur bleiupakka og ýmiss konar upplýsingarefni.



**Hreingerningar****VY-PRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

**Húsaviðhald**


**LOFTSTOKKAHREINSUNIN**

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná [www.k2.is](http://www.k2.is)

**TRÉSMÍÐUR**

Þarft þú að gera endurbætur á eigninni þinni, fáðu tilboð í það sem þú þarft að framkvæma.

Tek að mér alla almenna trésmíðavinnu jafnt innan sem utan dyra. Til dæmis uppsetning innréttinga, milliveggja, hurða, parketlagn, gler skipti, þakjárn, utanhúsklæðningu, sólpalla og margt fl.

Uppl. í s: 8931901

Svanur Tómasson Húsmíðar

**FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**  
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**Spádómar**

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**

Spáir í spil og bolla. Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Múrarar****MÚRARAR**

Getum bætt við okkur stórum og smáum verkefnum strax. Allt almennt múrverk.

Flotun, flíslagnir, steypuvinna og fl. Fagmenntaðir Íslenskir fagmenn

**PG-JG Verktakar Jón Gunnar**  
867-6698 Porvarður 892-6101

**Rafvirkjun**

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

**Keypt & Selt****Til sölu**

**Bingospil.is**  
Bingóleiga

**Nýtt einbýlishús fyrir 22,7 milljónir****SMART - einbýli**

Húsin eru 73m<sup>2</sup>, ásamt 28m<sup>2</sup> verönd með heitum potti. **Smart einbýlishús** eru íslensk, hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi. Verð við verksmiðjudyr fyrir utan flutning aðeins kr. **22.760.000** með vsk.

**HÚSEINING**  
[www.huseining.is](http://www.huseining.is)  
s: 770 5144, [kjartan@huseining.is](mailto:kjartan@huseining.is)

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar  
[jonogoskar.is](http://jonogoskar.is) s.552-4910



**plettac**  
distribution

**SJÁUMST Á VERK OG VIT**  
8. - 11. MARS 2018

**Plettac vinnupallar**  
- **Protekt fallvarnarbúnaður**  
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

**VINNUPALLAR EHF**  
s. 618 8418 • [vinnupallarehf@gmail.com](mailto:vinnupallarehf@gmail.com)

# HÚSBÍLAÆÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**  
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**  
**Verð nú 4.250.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**  
**Verð nú 3.650.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000,**  
**Verð nú 3.650.000.**



**Range Rover Vogue diesel 3.6 vél**  
ekinn 205 þ km sjálf-skiptur bíllinn er nánast með öllu. **Verð 3.990.000**  
**Tilboð 2.790.000**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**  
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**  
**Verð nú 4.750.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 110 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 til 3 tvöfalt rúm aftast sólarsetla **Verð 5.990.000**  
**Verð nú 4.000.000.**  
**Staðgreitt**



**Fiat Hobby húsbíll 2.3 diesel** árg 2017 ekinn ca 35 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 9.900.000.** Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður. Bíllinn er í Keflavík Uppl. síma 776 7600



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**  
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 7.490.000.**  
**Tilboð 6.490.000**  
Bíllinn er í Keflavík Uppl. síma 776 7600



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**  
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 7.990.000.**  
**Tilboð 6.990.000**  
Bíllinn er í Keflavík Uppl. síma 776 7600

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)





## Heilsa

## Nudd

## NUDD/MASSAGES

Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. Opíð kvöld og helgar. S. 894 4817

## Skólar &amp; Námskeið

## Námskeið



## ICELANDIC, ENGLISH &amp; NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA

Levels/Stig: I, II, III, IV, V: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fulloröna: Start/Byrja: 5/2, 5/3, 2/4, 30/4, 28/5, 25/6: 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/ Síðd/Kvölds. Aukatimar: STÆ/EDL: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Heimilið

## Barnavörur



## VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Fasteignir

Óska eftir samstarfi við lóðarhafa undir sumarhús/einbýlishús.

Vinsamlegast hafið samband við Kjartan Ragnarsson: kjartan@huseining.is



## Atvinnuhúsnæði

## SKRIFSTOFUR TIL LEIGU!

og líka stærri skrifstofurými fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Bæði í Borgartúni og Síðumúla í snyrtilegu húsnæði með aðgengi að sameiginlegu rými.

Hægt að leigja án eða með húsgögnum. Verð frá 80 þús.

Allar upplýsingar veitir Einar í síma 861 7200 eða á netfangi einar@efnividur.is

## Geymsluhúsnæði

## GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði



## NEMI Í HÚSASMÍÐI

Heimaás óskar eftir að ráða nema á samning í húsnæði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Tveir samhentir smiðir eða verkstjóri óskast í ál klæðningar. Uppl. í síma 6645900

## Atvinna óskast

## VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

## Tilkynningar

## Fundir

## ADALFUNDUR FÉLAGS SUMARHÚSÆIGENDA VIÐ HESTVÍK ÁRÍÐ 2018

verður haldinn þriðjudaginn 6. mars kl. 20 í Háskólanum í Reykjavík, stofu V101. Dagskrá fundarins verður samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin

Vissir þú að...  
Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hetti

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

## Vírushreinsun og stýrikerfis-hreinsun

Fjót og góð þjónusta



tölvuvinir.is  
tölvuverkstæði



Hafðu samband  
Sími: 445 0100  
Langholtsgvegur 126  
104 Rvk.



SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:  
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17  
Laugardaga frá 12-15

Langholtsgvegur 126  
104 Reykjavík  
www.sker.is

## Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort,  
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.  
SMS og MMS viðvörn í síma og netfang.  
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.  
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.  
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.  
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.  
Getur tengst blikkljósi og sirenu. Stýrist með appi.



Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

**viftur.is**  
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir  
**íshúsið**  
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is





**OPÍÐ HÚS** › 18. feb 16:30 – 17:00

**Ásakór 3**  
203 KÓPAVOGUR  
STÆRD: 102,3 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Glæsileg þriggja herbergja íbúð í þessu vel staðsetta lyftuhúsi. Granít í eldhúsi og fallegt útsýni. Skóli, leikskólar, verslanir, sundlaug og íþróttamiðstöðin Kórin í næsta nágrenni.

Heyrumst  
**Stefán** › 892 9966 **42.900.000**₰  
Sölufultrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPÍÐ HÚS** › 18. feb 15:00 – 15:30

**Kjarrhólmi 36**  
200 KÓPAVOGUR  
STÆRD: 87,6 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Mjög falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Kjarrhólma 36. Stutt í frábærar gönguleiðir við fossvogsdalinn.

Heyrumst  
**Gunnar** › 699 3702 **36.500.000**₰  
Löggiltur fasteignasali

**OPÍÐ HÚS** › 18. feb 17:15 – 17:45

**Sólarsalir 6**  
201 KÓPAVOGUR  
STÆRD: 134,5 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

LIND Fasteignasala kynnir: Fallega og bjarta fjögurra herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð í litlu fjölbýlishúsi með útsýni í þessu vinsæla hverfi. Eignin er laus fljótlega.

Heyrumst  
**Stefán** › 892 9966 **56.500.000**₰  
Sölufultrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPÍÐ HÚS** › 18. feb 14:00 – 14:30

**Sæbólsbraut 51**  
200 KÓPAVOGUR  
STÆRD: 184,6 fm RAÐHÚS HERB: 5-6

Mjög fallegt og vel skipulagt 5-6 herbergja raðhús á tveimur hæðum í neðstu götu við Sæbólsbraut í Kópavogi. Stutt í fallegar gönguleiðir við Nauthólsvoginn.

Heyrumst  
**Gunnar** › 699 3702 **74.900.000**₰  
Löggiltur fasteignasali



**Dyngjugata 5-11**  
210 GARÐABÆ

STÆRD: 226,8-235,4 fm RAÐHÚS HERB: 5-6

Lind fasteignasala kynnir falleg og vel skipulögð 226,8-235,4 m2 raðhús á tveimur hæðum í Urriðaholti, Garðabæ.

Húsin eru fimm til sex herbergja og öll með tveimur baðherbergjum. Innangengt er í 25,9-27,8 m2 bílskúr úr forstofu.

Eigninar skilast fohkheldar með grófjafnaðri lóð en möguleiki er að fá þær afhentar lengra komnar.

Dyngjugata liggur nálægt jaðri Urriðaholts svo stutt er í falleg útivistarsvæði með góðar göngu- og hjólaleiðir.

Allar nánari upplýsingar veitir Harpa Mjöll Grétarsdóttir í síma 772 5583 eða á [harpa@fastlind.is](mailto:harpa@fastlind.is)

**Frá 67.900.000**₰



Heyrumst  
**Harpa Mjöll Grétarsdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
› 772 5583  
› [harpa@fastlind.is](mailto:harpa@fastlind.is)



## Þekktu þingmanninn Andrés Ingi Jónsson



1. Andrés Ingi fór sem varamaður í EFTA-nefndinni til Longyearbyen á Svalbarða síðasta sumar. Hér er hann með ferðafélögum 2. Fjölskyldan á mótmælafundi á Austurvelli. 3. Á Skarfabakka rétt áður en stigið er um borð í Viðeyjarferjuna.

# Vildi gjarnan gægjast inn í framtíðina

Andrés Ingi Jónsson hefur setið á þingi frá 2016 fyrir VG. Bauð sig fram í Reykjavík þó hann sé landsbyggðarmaður í grunninn. Hann segir góða stemningu í matsal þingsins.

**Kjördæmi:** Reykjavíkorkjördæmi norður

**Flokkur:** Vinstrihreyfingin – grænt framboð

**Fæddur:** 1979

**Hvaðan:** Ólst upp í Ölfusi, býr í Reykjavík

**Maki:** Rúna Vigdís Guðmarsdóttir

**Börn:** Halldór og Ragna

**Menntun:** BA í heimspeki og MA í alþjóðastjórnárum

**Áhugamál:** Fjölskyldan og starfið

**Störf:** Blaðamaður, upplýsinga-fulltrúi, aðstoðarmaður ráðherra, nefndarritari í Stjórnlagaráði

menntamálanefnd þingsins, sem er með marga af þeim málaflokkum sem mér þykja mest spennandi. Þar hef ég til dæmis beitt mér fyrir úrbótum í málefnum útlendinga og hælisleitenda, barist fyrir réttlátara dómskerfi og auknu jafnrétti í samfélaginu.

**Hvað er helst spjallað um við kaffivélar Alþingis?** Maður gæti haldið að það væri endalaust verið að hvísla og plotta við kaffivélar á þingi. Það er svo sem gert inni á milli, en almennt er stemmingin við kaffikönnuna bara svipuð og á venjulegum vinnustað. Mötu-neytið er líka staður þar sem þingmenn eiga meiri samskipti þvert á flokkslínum en víða annars staðar í húsinu. Þessa dagana er reyndar aðalræðuefnið nýja vatnsvélin sem hefur verið komið upp nálægt kaffivélinni, en hún er gædd þeim tófrum að geta dælt sóðavatni í glös.

**Hvar ólstu upp og hvernig var æska þin?** Ég ólst upp í sveit, á bænum Hjarðarbóli í Ölfusi. Það er náttúrulega algjör draumur að alast upp í sveit. Fjölskyldan rak gistiheimili þar og skipulagði ferðir fyrir ferðamenn um Suðurlandið, þannig að yfir sumartímann þá unnum við öll saman við ferðabjónustuna. Fyrir vikið ferðaðist ég líka mjög mikið á sumrin – sérstaklega um Suðurlandsundirlendið.

**Hver er fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Mér þykir alltaf sérstaklega vænt um Gjána í Þjórsárdal. Það er alltaf mikil upplifun að ganga inn í hana og verða umlukinn miklu meiri gróðri og stórbrotnara landslagi en allt í kring.

**Hver eru helstu áhugamál þin?** Undanfarið ég fengið að vinna við það sem ég hef langmestan áhuga á – þannig að þingmennskan hefur eiginlega náð að gleypa þann frítíma sem ég nýti ekki með fjölskyldunni.

**Hefur þú orðið fyrir alvarlegri lífsreynslu, þá hverri?** Lífið hefur blessunarlega gengið nokkuð stór-



„Þingmennskan hefur eiginlega náð að gleypa þann frítíma sem ég nýti ekki með fjölskyldunni,“ segir Andrés Ingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR ÁRNASON

## Ræður Andrésar

19. desember 2017

„Í skugga valdsins: #metoo“

Nú heyrir það upp á okkur að breyta samfélaginu til hins betra. Það gerum við m.a. á þingi með því að setja hlutina í samhengi, hvort sem það heitir kynferðisofbeldi, áreitni, kynskiptur vinnumarkaður, launamunur kynjanna, verkaskipting á heimilunum, kynjahlutfall á þingi, hegðun í þingsal eða að aðeins sé ein þingkona í níu manna fjárlaganefnd.

afallalaust hjá mér. Ætli mætti ekki helst nefna að sautján ára missti ég pabba minn úr krabbameini. Það var sár lífsreynsla en líka eitthvað sem kenndi mér að kunna betur að meta ástvinu í núinu.

28. febrúar 2017

Verslun með áfengi og tóbak o.fl.

Ég tel að hið opinbera eigi að stýra neyslu á þessari vöru, alveg eins og ég tel að við eigum að fylgja ráðleggingum sérfræðinga í heilbrigðisvísindum og lýðheilsufræðum þegar þeir segja að við eigum að beita sykurskatti til að draga úr ofneyslu á sykrudum matvælum... Það er jú frelsi líka að vera frjals undan vansæld, sjúkdómum og þjáningum.

**Ef þú kæmist í tímavél, hvert vildir þú að hún flytti þig?** Úff, það er erfitt að gera upp á milli! Þó að það sé ýmislegt í fortíðinni sem væri gaman að skoða og upplifa, þá held ég að ég myndi frekar vilja svara for-

vitninni og gægjast inn í framtíðina – kannski eins og tvær til þrjár aldir til að sjá hvort við fáum nokkurn tímann þessa fljúgandi bíla sem minni kynslóð var lofað í Back to the Future.

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



**Dreymdi þig um að verða þingmaður þegar þú varst litill?** Ég hef aldrei getað ákveðið hvað mig langar að verða þegar ég verð stór, litli Andrés lét sér nægja að dreyma um að taka einhvern tímann meira-próf. Það var ekki fyrr en í hruninu veturinn 2008-2009 sem ég skræði mig í Vinstri græn og fór að taka þátt í stjórnmálum. Svo byrjaði ég á þingi 2016.

**Hvað úr reynslubankanum nýttist best í starfinu?** Þingmennskan er svo fjölbreyttleg starf að hún nýtir eiginlega allan reynslubankann. Það hjálpar til dæmis heilmikið að hafa talsverða reynslu af starfi í ráðuneytum, bæði sem aðstoðarmaður ráðherra og upplýsingafulltrúi, þannig að ég vissi nokkurn veginn hvernig gangverkið virkaði þegar ég byrjaði á þingi. En eins er dýrmætt að hafa reynslu af því að vinna með mjög ólíku fólki – því stærsti hluti starfsins felst í því að vera duglegur að hlusta á annað fólk og bera virðingu fyrir afstöðu þess.

**Hvaða mál brenna einkum á þér?** Þetta misserið hef ég mest beitt mér fyrir lækku kosningaaldurs í 16 ár, en ég lagði fram frumvarp um það fyrir jól og vonast til að við náum að ljúka því í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Svo er ég svo heppinn að sitja í allsherjar- og



# Komdu ástinni þinni á óvart

með ómótstæðilegu Nóa Konfekt



**Nóa Konfekt** er tilvalin gjöf fyrir ástina í lífi þínu,  
því leiðin að hjartanu liggur í gegnum bragðlaukana.

NÓA  
*Konfekt*

GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA





# Kynntist Bahá'í trúnni í starfi sínu sem sjúkraliði

Í Bahá'í samfélaginu á Íslandi eru eingöngu 363 einstaklingar. Davíð Ólafsson hefur verið Bahá'í frá 9. áratug síðustu aldar og lýsir trúnni sem fordómalausri trú þar sem litið er á mannkynið sem eina heild. Davíð kynntist hjónum sem voru Bahá'í trúar í starfi sínu.

Bryndís Silja  
Pálmadóttir

bryndissilja@frettabladid.is



Bahá'í trú er ekki gömul trúarbrögð, einungis 155 ára. Margir hafa heyrt á þau minnst en fæstir kunna skil á gildum þeirra eða hefðum. Samkvæmt hugmyndum Bahá'u'lla eru öll trúarbrögð komin frá einum og sama guðinum, sem sendir spámennt sína hingað til jarðar til þess að leiðbeina mannkyninu. Spámenntir eru meðal annars Móses, Jesús, Múhamed og svo sá nýjasti, Bahá'u'llah upphafsmaður bahá'í trúar. Bahá'u'llah boðaði meðal annars einingu mannkynsins og hvatti til hjónabands milli kynþátta og trúarhópa.

## Starfið leiddi að trúnni

Davíð Ólafsson er einn af 363 bahá'ím hér á landi, en hann tók upp trúna á 9. áratugnum. Davíð tekur á móti blaðamanni í snoturri íbúð í Reykjavík, þar býður hann upp á te með blóðbergi sem hann tíndi sjálfur í hlíðum Esjunnar. Rólegt andrúmsloft er í íbúðinni og ekki er að sjá að hér búi trúaður maður en ef glöggt er litið má sjá lítið veggspjald á veggnum með nafni spámannsins og á kaffiborði stofunnar er að finna bækur um trúarbrögðin. Davíð er menntaður sjúkraliði og hefur starfað á Landspítalanum í rúm þrjátíu ár. Árið 1982 starfaði hann hins vegar við heimabjónustu og á einu af þeim heimilum sem hann sinnti bjuggu hjón sem voru bahá'í trúar. „Ég vissi ekkert að þau væru bahá'í en þau voru ofboðslega yndisleg. Hann var að vinna en hún var oft heima að segja mér frá trúnni og mér fannst þetta heillandi.“

Davíð, sem bæði var skírður og fermdur innan þjóðkirkjunnar, kveðst ekki hafa verið neitt sérstaklega trúaður á sínum yngri árum. „Ég trúði alltaf á guð og eins og við Íslendingar segjum, hafði mína barnatrú,“ segir hann og hlær. Davíð fór svo að mæta með hjónunum á svokölluð opin hús sem bahá'í trúfélagið hélt. „Þar var fjallað um alls kyns málefni, jafnrétti, einingu trúar, bænir og fleira. Mér fannst ofboðslega gaman að koma enda var ég búinn að velta þessum spurningum fyrir mér.“

Á þessum viðburðum sem Davíð sótti fannst honum hann í fyrsta skipti fá almennileg svör við vangaveltum sínum um lífið og tilveruna og nokkrum árum síðar tók hann upp bahá'í trú.

## Hófsöm trúarbrögð

„Í raun eru öll þessi megintrúarbrögð heimsins runnin frá einum og sama guðinum, ekki mörgum ólíkum guðum,“ segir Davíð þegar hann gerir tilraun til að útskýra megingildi trúarbragðanna fyrir blaðamanni. „Þetta eru hófsöm trúarbrögð, engar ófgar. Það eru heldur engir prestar í bahá'í og enginn sem predikar yfir söfnuðinum.“

Bahá'íar bera því sjálfir ábyrgð á eigin trúaruppfræðslu og eru þar textar sem Bahá'u'llah ritaði í forgrúnni, en einnig er litið til annarra trúarrita á borð við Biblíuna og Kóraninn.

En hvaða áhrif hefur trúin á daglegt líf Davíðs? „Trúin, hún hefur alltaf hjálpað mér að eiga við minn innri þroska. Við höfum öll galla en ég reyni að vanda líf mitt eins og ég get. Bahá'u'llah talaði líka um það að ein tegund bænar sé að þú þarft að leggja þig sem allra best fram og gera þitt besta. Þá er það eins og bæn og ég reyni að gera það,“ segir Davíð sem kveðst ekki finna fyrir miklum fordómum gegn trú sinni hér á landi, en aftur á móti töluverðu þekkingarleysi. „Þetta er oft þannig að fólk áttar sig ekki á þessu, hugsar kannski: Já, bahá'í er svona blanda af öllum trúarbrögðum. Allt tekið saman og hrist saman og út kemur einhver kokteill.“

## Neyta ekki áfengis

Trúarbrögðum fylgja gjarnan boð og bönn. Í íslam er til dæmis lagt bann við neyslu svínakjöts og áfengis og í Gamla testamentinu er varað við neyslu mjólkur með kjötmeti. Að sögn Davíðs er ekki lagt bann við neyslu neins matarkyns innan bahá'í en hins vegar drekkir bahá'íar ekki áfengi. „Bahá'u'llah biður sína fylgjendur að vera ekki að neyta áfengis eða fíkniefna nema það sé samkvæmt læknisráði,“ segir Davíð og tekur sem dæmi krabbameins-sjúkling sem er langt leiddur og þarf sterk verkjalyf.

Davíð drakk sjálfur áfengi áður en hann gerðist bahá'í. „Þessi aldur í kringum tuttugu og tveggja var erfiður kafla í mínu lífi. Ég var oft kvíðinn og var töluvert leitandi. Á þessum árum var það skemmtilegasta sem ég vissi að fara á böll og skemmta mér. Það var á svipuðum tíma og ég var að kynna trúnni og þá áttaði ég mig smátt og smátt á að ég átti við áfengisvandamál að stríða.“

Davíð var þarna fastur í víta-hring þar sem hann datt reglulega í það og átti því erfitt með að hætta að neyta áfengis og var farinn að drekka í leyni. „Það var ekkert af því að bahá'í samfélagið væri eitthvað á móti því. Það er enginn sem dæmir

## FJÖLDI SAFNAÐARMEÐLIMA

Baháí-samfélagið

363  
MEÐLIMIR

Heimild: Hagstofan.\*

Þjóðkirkjan

236.481  
MEÐLIMUR

annan fyrir álika en fyrir mig persónulega var þetta óþægilegt,“ segir Davíð sem segir trú sína hafa verið mikla hjálp á þessum tíma. „Svo bara allt í einu áttaði ég mig á því að ég ætti við vandamál að stríða, svo ég fór bara í meðferð og síðan hef ég bara verið edrú í 26 ár, nó problem,“ segir hann og brosir kátur.

## Undirskrift foreldra þörf

Bahá'í samfélagið á Íslandi sér bæði um hjónavígsluathafnir og skilnaði, enda skiptir fjölskyldan miklu máli innan trúarinnar. Hjónabandið er eingöngu milli karls og konu sem og að vera eini videigandi farvegur til kynlífs. Davíð útskýrir þó fyrir blaðamanni að það sé ekki í anda bahá'í að fordæma eða gagnrýna aðra, né sé viðurkennt að þvinga sídagildum bahá'í upp á aðra. Ef bahá'í par vill festa ráð sitt þarf þó skriflegt samþykki foreldra til þess að giftast.

„Sumum finnst þetta voðalega hallærislegt en ekki mér, ef maður fer að spekulera í þessu þá er í raun verið að skapa meiri einingu innan fjölskyldunnar,“ segir Davíð. Hjón þurfa hins vegar ekki að fá samþykki frá foreldrum til þess að skilja, en skilnaðir eru viðurkenndir innan bahá'í samfélagsins.

## Enn að skapa hefðir

Í ritum bahá'ía er hvatt til hjónabands milli trúarbragða, sem og kynþátta. Inntrú eftir svörum um þetta segir Davíð þess konar hjónabönd vera mjög vel liðin innan bahá'í samfélagsins, en auðvitað ekki eina svarið. „Það er þetta sem einkennir bahá'í trúna. Bahá'u'llah sagði að jörðin væri eitt land og við værum öll eitt, sama af hvaða kynþætti við værum. Við erum öll guðsbörn.“

Alls eru 77 einstaklingar undir átján ára skráðir í bahá'í söfnuðinn samkvæmt Hagstofunni. Innan bahá'í eru ákveðin tímamót í lífi unglunga þegar þeir eru 15 ára þar sem þeir fá sent bréf heim frá bahá'í samfélaginu á Íslandi og þurfa að staðfesta trú sína. Engin sérstök athöfn er framkvæmd á



**BAHÁ'U'LLAH TALADI UM  
AÐ HIMNARIKI OG HELVÍTI  
VÆRI ÁSTAND, HIÐ ILLA  
Á SÉR ENGA SJÁLFSTÆÐA  
UPPSPRETTU. HELVÍTI  
ER ENGINN SÉRSTAKUR  
STAÐUR OG EKKI HIMNA-  
RÍKI HELDUR.**

meðal bahá'ía. Bahá'í samfélagið á Íslandi er opið samfélag þar sem allir eru velkomnir, þú þarft ekki einu sinni að vera bahá'í trúar til þess að mæta á viðburði eða svokallaða 19 daga hátíð, þótt vissulega séu einstaka atriði sem eingöngu eru fyrir bahá'ía. Engum er heldur útskýfað þó hann eða hún segi sig úr söfnuðinum.

## Helvíti er fjarri guði

Davíð segir bahá'ía trú á framhaldslíf og eina af ástæðunum fyrir því að hjónabönd séu svo miðlæg í trúnni vera til dæmis vegna þess að hjónaband getur fylgt þér inn í næsta líf. Ef það er gott. „Bahá'u'llah talaði um að himnariki og helvíti væri ástand, hið illa á sér enga sjálfstæða uppsprettu. Helvíti er enginn sérstakur staður og ekki himnariki heldur. Segjum sem svo að ég hafi verið að stela og svíkja í þessu lífi og fer svo inn í þennan andlega heim. Þá eru meiri líkur á því að ég sé fjarri guði,“ útskýrir Davíð.

Þannig að það er enginn dómsdagur í nánd hjá bahá'ím? „Nei, ég er allavega nokkuð viss með næstu hálfu milljón árin,“ segir Davíð og skellihlær.

borð við fermingu, enda eru engir prestar til að framkvæma slíka athafnir. „Í bahá'í eru engar sérstakar serimóníur, en líklegt er að eftir nokkur hundruð ára geti hlutirnir verið komnir í fastari skorður, í dag erum við að skapa hefðirnar,“ segir Davíð.

Hann lýsir þessu þó sem tímamótum í lífi barna og oft sé eitthvað gert til að fagna. Einu sinni var til að mynda farið með allan hópin til Haifa í Ísrael til þess að heimsækja Allsherjarhús réttvísinnar, ædstu stjórnstofnun bahá'ía. En það þurfa allir bahá'íar að heimsækja einu sinni á ævinni að sögn Davíðs.

## Hver ber ábyrgð á sinni leit

Bahá'í samfélagið á Íslandi er nokkuð ungt en fyrsti Íslendingurinn sem tók upp bahá'í trú hét Hólmafríður Árnadóttir og hún tók trúna árið 1924. Það var þó ekki fyrr en árið 1926 sem trúin var fyrst boðuð opinberlega á Íslandi en það var bahá'í samfélagið í Kanada sem fékk það verkefni að vera stoð og stytta íslenska bahá'í samfélagsins. Þá var stofnað svokallað andlegt trúarráð hér á landi sem enn situr. Í því eru níu einstaklingar og eru kynjahlutföllin jöfn að sögn Davíðs. Kosið er svo í svokallað allsherjarráð á fimm ára fresti sem er ædsta trúarráð bahá'ía en í því eru eingöngu karlmenn. Davíð kveðst ekki vita hvers vegna það er, enda sé jafnrétti milli karla og kvenna mjög mikilvægt



Davíð Ólafsson hefur verið bahá'í trúar síðan hann var á þritugsaldri. Hann segir bahá'í trú vera lausa við fordóma og er nokkuð viss um að dómsdagur sé ekki í nánd, í það minnsta ekki næstu hálfmilljón árin.


## Bahá'u'llah

Bahá'u'llah er stofnandi bahá'í trúarinnar. Hann var fæddur árið 1817 sem Mirzá Husayn Ali Núrí í Persíu þar sem nú er Íran. Hann var samkvæmt heimildum komin af efnaðri fjölskyldu. Hann hafnaði þó veraldlegum gæðum

og eyddi auði sínum í að aðstoða fátæka. Síðar meir var honum varpað í fangelsi fyrir trú sína þar sem hann fékk vitrun frá guði sem sagði honum að hann væri spámaður. Bahá'u'llah varði svo því sem eftir var ævi sinnar í að boða

bahá'í trú þar sem hann talaði fyrir einingu, jafnrétti og friði í heiminum. Bahá'u'llah lést svo árið 1892 norður af borginni Akka og líkamsleifar hans hvíla þar enn.





ARNASYNIR

# ÞEKKING ER ORKA




MENNTAVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
MENNTASPROTI ÁRSINS

Við hjá Landsneti tókum með stolti við Menntasprotanum 2018, menntaverðlaunum Samtaka atvinnulífsins sem veitt voru á árlegum menntadegi samtakanna í vikunni.

Viðurkenningin hvetur okkur áfram til frekari verka og til að gera enn betur í því að tryggja okkur öllum rafmagnaða framtíð.

LANDSNET





# Skipaskurðurinn og sprengjan

## Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um stórhuga áform.

**F**rjá miðri fjórtándu öld og fram á seinni hluta þeirrar átjándu var Ayuttaya-konungsveldið við lýði á mestöllu því svæði sem í dag tilheyrir Tailandi. Ríkið var mikilvæg miðstöð alþjóðlegrar verslunar og þótti höfuðborg þess einhver sú stærsta og veglegasta í Asíu. Gengu evrópskir diplómatar svo langt að líkja henni við París að stærð og glæsileika.

Hæst reis veldi Ayuttaya undir stjórn konungsins Narai, sem ríkti á árunum 1656 til 1688. Hann steig mikinn línudans í samskiptum við helstu flotaveldi þeirra tíma og sýndi talserða stjórnkænsku, meðal annars með því að koma á nánnum samskiptum við Frakka. Á sama tíma efldi hann konungdæm-

id heimafyrir með því að draga úr áhrifum héraðshöfðingja.

Árið 1677 fól Narai konungur frönskum verkfræðingi að kanna möguleikann á því að grafa skurð yfir Malakkaskagann þveran og tengja þannig saman Tailandshafa og Andamanhaf. Niðurstaða Frakkans var sú að verkið væri óframkvæmanlegt með þeirra tíma tækni. Draumurinn um skipaskurðinn hafði þó kviknað.

Ekkí þarf að rýna lengi í landakort til að skilja hvað fyrir konungi vakti. Malakkaskagi er ógnarlangur, en þó örmjór á löngum köflum. Miðhluti skagans tilheyrir Tailandi en suðurhlutinn heyrir undir Malasíu. Við syðsta oddann er svo smáeyjan og borgrikið Singapúr. Siglingaleiðin fyrir skagann liggur því um hið þrönga Malakkasund sem skilur hann frá eyjunni Súmötru. Sem aðalleiðin milli Kyrrahafs og Indlandshafs skiptu yfirráð sundsins afar miklu máli og var hernaðarlegt mikilvægi gríðarlegt.

Í byrjun níttjándu aldar fór áhugi á gerð risavaxinna skipaskurða vaxandi. Súez-skurðurinn var stærsta slíka verkefnið, en um svipað leyti tóku ríkisstjórnir og fjárfestar að ihuga gerð Panama-skurðarins. Innblásið af þessum áformum ihugaði hið umsvifamikla Austur-Índíafélag alvarlega að ráðast í slíkan skurðgröft, en féll þó frá því. Um miðja

öldina náðu Bretar yfirráðum í Búrma, grannríki Tailands, og hófu í kjölfarið rannsóknir á kostum þess að grafa skurð í gegnum Malakkaskaga á sínu yfirráðasvæði. Slíkur skurður hefði þó orðið mun lengri og umfangsmeiri en allar þær leiðir sem taldar hafa verið koma til greina í Tailandi.

### Sprengjuóði herfönginn

Árið 1882 óskaði franskur athafnamaðurinn Ferdinand de Lesseps, sem kunnur var fyrir þátt sinn í gerð Súez-skurðarins, eftir því við konunginn í Tailandi, sem þá nefndist Siam, að fá að rannsaka möguleikann á að grafa skurð. Því var hafnað, enda grunaði konunginn í Bangkok réttilega að Frakkar væru að reyna að seilast til valda á þessum slóðum. Fáeinum árum síðar braust út styrjöld milli Frakklands og Síam, sem lauk með því að Frakkar lögðu undir sig austurhéruð ríkisins og stofnuðu ríkið Laos.

Undir lok aldarinnar gerðu bresk stjórnvöld leynilegt samkomulag við ráðamenn í Siam um að hafna öllum hugmyndum um skipaskurði, til að grafa ekki undan mikilvægi Singapúr sem var á bresku valdsvæði. Hagsmunir Breta voru augljósir, en frá sjónarhorni Bangkok-stjórnar var samkomulagið að mörgu leyti rökrétt. Siam var eina Asíulandið sem tókst að halda sjálfstæði sínu gegn evrópsku nýlenduveldunum. Það kallaði oft á mikla pólitíska loftfíleika. Með tilkomu skipaskurðar um landið þvert hefði mikilvægi Síams aukist og þar með líkurnar á erlendri ásælni.

Þrátt fyrir samkomulagið við Breta hélst hugmyndin um skipaskurðinn, sem fengið hafði heitið Kru-skurðurinn, lifandi. Allar áætlanir sýndu þó fram á svimandi byggingarkostnað og ýmsa verkfræðilega erfiðleika. Á áttunda áratugnum komu þó fram afar frumlegar hugmyndir um hvernig finna mætti laus á þeim.

Ed Black, fyrrverandi herföngi í Bandaríkjaher, hafði snúið sér að kaupssýslu í Tailandi að herþjónustu lokinni. Eftir dvölina í hernum hafði hann tröllatrá á mætti sprengjunnar og lét sér til hugar koma að nota kjarnorkusprengjur við gröftinn og splundra hreinlega heilu fjöllunum á brott. Niðurstaða hans var sú að með því að flytja á brott rétt um 200 þúsund íbúa og tryggja að einungis yrði sprengt við hárréttar veðuráðstæður mætti halda geislum í lágmarki og heimila íbúum að snúa



... LÉT SÉR TIL HUGAR

KOMA AÐ NOTA KJARN-

ORKUSPRENGJUR VIÐ

GRÖFTINN.

aftur heim að hálfu ári liðnu. Var gert ráð fyrir að sprengjur þessar yrðu allt að 5 megatonn.

Þótt hugmyndir þessar hljómi brjálæðislega í dag, voru þær engan veginn einstakar. Bandaríkin, Sovétríkin og raunar nokkur fleiri lönd settu fram áætlanir um að nota kjarnorkusprengjur í friðsamlegum tilgangi og var þar einkum horft til gerðar skipaskurða eða til að breyta farvegi stórflyða. Bandaríkjamenn settu til að mynda fram áætlun um breikkun Panamaskurðarins með kjarnorkusprengingum um 1960. Lengst komust þó áætlanir um að sprengja út risavaxna höfn í Alaska með hjálp fjölda vetnissprengja. Frá því var þó horfið vegna mót-mæla frumbyggja árið 1962. Um svipað leyti voru settar fram ýmsar hugmyndir um hvernig nýta mætti kjarnorkusprengjur til námavinnslu og jafnvel vegagerðar í fjalllendi Kaliforníu.

Andóf kjarnorkuvopnaandstæðinga og vaxandi meðvitund um hættur geislavirkni urðu til þess að stórveldin féllu smátt og smátt frá áformum sínum um kjarnorkunýtingu við borgaralegar framkvæmdir. Hugmyndirnar um að sprengja sig í gegnum Malakkaskagann fóru sömu leið og við tók alllangt tímabil þar sem draumurinn um skipaskurðinn lét lítt á sér kræla.

### Kínverskir hagsmunir

Á síðustu árum hefur krafan um að ráðist verði í að grafa Kra-skurðinn orðið sífellt kröftugri. Malakkasund er orðið fjölfarnasta skipaleið veraldar, en á árinu 2017 sigldu nærri 90 þúsund vöru- og olíuflutningaskip um sundið. Spár sérfræðinga herma að innan áratugar verði talan nær 140 þúsundum, sem er raunar meiri skipaumferð en leiðin er talin geta borið. Þá er sundið ekki nema 25 metrar að dýpt þar sem grynnt er, sem þýðir að ekki er óhætt að fara þar um á djúpristustu skipum.

Það eru einkum Kínverjar sem hafa augastað á þessum framkvæmdum, enda hagsmunir þeirra

mestir og augljósastir. Með því að stytta siglingaleiðina um 1.200 kílómetra og 2-3 sólarhringa sparast óhemjumiklir fjármunir, tími og eldsneyti. Hernaðarleg sjónarmið koma einnig inn í málið, þar sem auðvelt yrði að loka Malakkasundi á stríðstímum og því talið æskilegt að eiga kost á öðrum leiðum.

Samkvæmt skoðanakönnunum virðist almenningur í Tailandi fremur hlynntur verkefninu, sem vonir standa til að geti eftt efnahagslíf landsins sem hefur verið í lægð um alllangt skeið. Tugþúsundir fengu vinnu við framkvæmdina sjálfa og enn fleiri störf myndu skapast við kaupskipahafnir á báðum endum skurðarins.

Gagnrýnendur benda þó á skaðleg umhverfisáhrif. Aðrir óttast aukin áhrif Kínverja í landinu sem eigendur mannvirkisins. Aðaláhbyggjufernið tengist þó því hvaða afleiðingar það hefði að skera landið í tvennt. Óhjákvæmilegt má telja að héruðin sunnan við skurðinn myndu einangrast frá meginhluta landsins. Hætt er við að slíkt kynni að efla aðskilnaðarhreyfingar á þeim slóðum, en múslimar eru fjölmennastir í landinu sunnanverðu.

Yfirvöld í Singapúr fylgjast grannt með þróun mála, enda engir sem hafa jafn miklu að tapa. Áætlað er að umferð um höfnina í Singapúr myndi minnka um að minnsta kosti þriðjung með tilheyrandi tekjumissi, göllum þess að færast úr alfaraleið og töpuðum sköttum og tollum. Aðrir halda því þó fram að fyrirsjáanlegur vöxtur skipasamgangna á næstu árum og áratugum sé slíkur að hafnarborgir í Malasíu og Singapúr ættu ekki að finna mikið fyrir slíkum skipaskurði.

Enn er óráðið hvaða leið yrði fyrir valinu ef ráðist verður í að grafa Kra-skurðinn. Þannig gæti lengd hans orðið allt frá fimmtíu upp í hundrad kílómetra. Helsti höfuðverkur verkfræðinganna tengist þó ekki lengdinni heldur hæðinni. Ljóst er að lyfta þarf umferðinni upp í allt að 75 metra hæð með skipastigum, sem er umtalsvert meira en í öðrum stórum skipaskurðum á borð við Panamaskurðinn. En ekki er sopið kálið þótt í ausuna sé komið. Mörgum hindrunum þarf að ryðja úr vegi áður hægt er að byrja að grafa og eftir að framkvæmdir hefjast er talið að vekjið muni taka áratug. Enn um sinn erum við því upp á hið þrönga Malakkasund komin, líkt og þegar Narai konungur hreyfði fyrst við málinu fyrir nærri 350 árum.

# KOMDU

# í

# KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 - 17





Vigdís Finnbogadóttir í opinberri heimsókn í Danmörku í febrúar 1981, þar sem drottningarhjónin tóku á móti henni. MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Íslandsvinur kveður

Hinrik prins heitinn og Margrét Þórhildur Danadrottning komu nokkrum sinnum til Íslands og heimsóttu ýmsa staði.

**H**inrik prins, eiginnmaður Margrétar Þórhildar Danadrottningar, lést í Fredensborgarhöll á þriðjudagskvöld. Hann verður jarðaður við látlausa athöfn í Kristjánborgarkirkju á þriðjudag. Hjónin komu nokkrum sinnum til Íslands eftir að Margrét Þórhildur varð drottning árið 1972.



Drottningarhjónin, Margrét Þórhildur og Hinrik prins, tóku á móti Guðna Th. Jóhannessyni og Elízu Reid í Amaliuborg í fyrstu opinberu heimsókn þeirra í janúar 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## » MARGRÉT ÞÓRHILDUR VARÐ DROTTNING DANA ÁRIÐ 1972.

Kristján Eldjárn og Halldóra eiginkona hans tóku á móti hjónunum í júní 1973 þegar þau komu hingað með Dannebrog, skipi drottningarinnar. Þau komu aftur í júlí árið 1986 og fóru þá austur á firði í fylgd Vigdísar Finnbogadóttur. Þau komu líka saman hingað til lands árið 1998 og fóru með forsetahjónunum, Ólafi Ragnari Grímssyni og Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur, vestur á firði. Við birtum hér nokkrar svipmyndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur af dönsku konungshjónunum með forsetum íslenska lýðveldisins.



Kristján Eldjárn forseti og Halldóra Eldjárn tóku á móti Margréti Þórhildi drottningu og Hinriki prins þegar þau komu til Íslands í júní 1973.



Hinrik prins kom ásamt Margréti Þórhildi drottningu hingað til lands í júní 1986 og heimsóttu þau Austfirði. Vigdís Finnbogadóttir greindi frá því í Fréttablaðinu að Hinrik hefði gert grín að íslenskrum veðráttu.



Margrét Þórhildur drottning og Hinrik komu í opinbera heimsókn til landsins árið 1998. Þau fóru með forsetahjónunum Ólafi Ragnari Grímssyni og Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur í heimsókn til Vestfjarða. Þau heimsóttu meðal annars Ósvör í Bolungarvík.



Helgarmáltíðin  
fæst hjá okkur



**-30%**

SVÍNALUNDIR  
DC. FROSNAR.

**1.259** KR  
KG



ÁÐUR: 1.798 KR/KG



NAUTAFILLE  
FERSKT

**3.814** KR  
KG

ÁÐUR: 4.768 KR/KG

**-20%**

NAUTAHAKK  
FROSIÐ. 1000 GR.

**999** KR  
KG



ÁÐUR: 1.665 KR/KG



**-40%**



**-30%**

1/2 KJÚKLINGUR  
450 GR. MARINERAÐUR.

**349** KR  
STK

ÁÐUR: 498 KR/STK



LAXASTEIKUR  
Í MARINERINU.

**1.974** KR  
KG

ÁÐUR: 2.598 KR/KG

**-24%**



JARÐARBER  
250 GR.

**245** KR  
ASKJAN

ÁÐUR: 489 KR/ASKJAN

**-50%**

WC PAPPÍR  
16 RÚLLUR

**749** KR  
PK

ÁÐUR: 998 KR/PK



**-25%**

ELDHÚSRÚLLA  
DAISY. JUMBÓ.

**374** KR  
STK

ÁÐUR: 499 KR/STK



**-25%**

nettó

Á NETTUNU

Tilboðin gilda 15. - 18. febrúar 2018 [www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

[www.netto.is](http://www.netto.is)





styrkir Pieta samtökin

# #SEGÐU ÞAÐ UPPHÁTT



## Þinn stuðningur skiptir máli

**Olisdeildin og forvarnasamtökin Pieta taka höndum saman í baráttunni gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.**

Eftir páska opna Pieta samtökin miðstöð á Baldursgötu í Reykjavík þar sem boðið er upp á ókeypis þjónustu og samtalsmeðferðir fyrir fólk í slíkum vanda og aðstandendum. Sá peningur sem safnast fer í rekstur húsnæðis, nauðsynjar og greiðslur til sálfræðinga og geðhjúkrunarfræðinga. Markmiðið er að opna slík skjól í öllum landshlutum.

Styrktu Pieta samtökin á [pieta.is](http://pieta.is) eða með símtali í eitt af eftirfarandi númerum:

905-5501  
1.000 kr.

905-5503  
3.000 kr.

905-5505  
5.000 kr.

905-5510  
10.000 kr.



PIETA  
SAMTÖKIN



# TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Guðrún Sigurðardóttir

Melási 12, Garðabæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ föstudaginn 9. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. febrúar klukkan 13.00.

### Sjöfn Lárusdóttir

Hólmfríður Magnúsdóttir

Porlákur Magnússon

Guðrún Þóra Magnúsdóttir

Þórhildur Pétursdóttir

Óskar Knudsen

ömmubörn og langömmubörn.

## Vinna sem leggst vel í mig

Ragnheiður Skúladóttir, sem var ráðin framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins, er ánægð með alla þætti starfsins, meira að segja samskiptin við Fjársýslu ríkisins.

Þetta er líflæg vinna sem leggst vel í mig. Ég hef alltaf viljað starfa þar sem verið er að skapa nýja hluti," segir Ragnheiður Skúladóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins. „Bæði nýtist rekstrarkunnátta mín og listræn innsýn í sviðslistum. Ég hef verið meira kringum leiklistina til þessa en það er ógrandi að fara inn á þetta svið.“

Ragnheiður bendir á að dansflokkurinn sé ríkisstofnun, það kalli á mikil samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fjársýslu ríkisins. „Það síðarnefnda er nýtt fyrir mér og það kemur mér á óvart hvað mér finnst það skemmtilegt," segir hún glæðlega en Ragnheiður hefur síðastliðna mánuði unnið í afleysingum sem framkvæmdastjóri ID.

Dansflokkurinn hefur aðstöðu í Borgarleikhúsinu. Ragnheiður er ein á skrifstofunni þegar samtalið fer fram því aðrir starfsmenn eru í Bilbao á Spáni þar sem verið er að sýna Black Marrow eftir Ernu Ómarsdóttur og Damien Jalet. Það verk var frumsýnt hér á landi 2015, nú er 2018 þannig að sýningarnar lifa. „Við setjum upp tvær til þrjár sýningar á ári hér og svo er mikið túrad. Líklega erum við með fleiri áhorfendur erlendis en á Íslandi. Uppsetning er alltaf mikil fjárfesting og með því að fara með hana út fyrir landsteinana tryggir maður enn betur að hún skili sér í innkomu.“

Ragnheiður segir mikilvægt að afla nýrra tengsla erlendis og viðhalda þeim sem fyrir eru. Frægð listdansstjórans Ernu Ómarsdóttur, sem danshöfundar og dansara, hjálpi þar verulega til. Erlendir danshöfundar hafa líka gert íslenska flokknum gott, að mati Ragnheiðar. „Okkar lögbundna hlutverk er að hlúa að innlendri danssmíði og dansmenningu en til að hún megi blómstra er gott að fá utanaðkomandi áhrif við og við," segir hún og upplýsir að vorsýning flokksins verði undir stjórn hins slóvenska Anton Lachky. „Hann er áhorfendum okkar ekki alls ókunnur, setti upp sýninguna Fullkominn dagur til drauma hér árið 2011.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



„Það er ógrandi að fara inn á þetta svið," segir Ragnheiður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Mægð, hlýja og virðing Við andlát ástvinar*

**Ísleifur Jónsson** Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

**ÚTFARARSTOFA**  
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is  
þjónusta allan sólarhringinn

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNSLA

Kristín Ingólfssdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utfarin.is](http://www.utfarin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242

## FALLEGIR LEGSTEINAR



**Afsláttur**

Í FEBRÚAR

af öllum legsteinum

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)

*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*

Sigrún Óskarsdóttir, guðfræðingur



## Útfararþjónusta & lögræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)



Yndislegi drengurinn okkar,  
**Henrik Bjarnason**

Álftamýri 69, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 14. febrúar.

Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 23. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Barnaspítala Hringins.

Elisabet Guðrún Björnsdóttir

Björn Elí Bjarnason

Vigdís Harðardóttir

Björn A. Harðarson

Lilja Árnadóttir

langafar og aðrir aðstandendur.

Bjarni Jónsson

Gestur Gíslason

Nanna Ólafsdóttir

Jón Bjarnason



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Pétur Sigurðsson**

efnafræðingur, Funafold 48,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ

fimmtudaginn 15. febrúar.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju

fimmtudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

Jóhanna Ólafsdóttir

Guðný Unnur Jökulsdóttir

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir

barnabörn.

Helgi Pétursson

Tryggvi Pétursson

Þorkell Pétursson



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Einarsdóttir**

Arnarkletti 12, Borgarnesi,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi,

þriðjudaginn 6. febrúar. Útför hennar

fer fram frá Borgarnes Kirkju,

miðvikudaginn 21. febrúar kl. 14.00.

Einar Kr. Hermannsson

Pröstur Harðarson

Kolbrún Jana Harðardóttir

Hildur A. Harðardóttir

Runólfur Harðarson

ömmu- og langömmubörn.

Jóhanna Erla Birgisdóttir

Kristín Pétursdóttir

Guðmundur W. Aasen

Einar Jón Másson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðmunda Anna Eyjólfssdóttir**

Vindakór 10, Kópavogi,

verður jarðsungen frá Lindakirkju

Kópavogi mánudaginn 19. febrúar kl. 13.

Jón Kristinn Ríkarðsson

Sigurður Nordal

Ragnar Kristinn Ingason

Íris Ósk Blöndal

Snæbjörg Jónsdóttir

Gróa H.R. Jónsdóttir

Erlingur Jónsson

Ævar Þór Jónsson


Ríkarður Jón, Dóra, Bjarki Steinn, Sæunn Elin, Anna, Guðjón Ólafur og Guðmundur



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu  
á aldursbilinu 18–49 ára lesa  
Fréttablaðið daglega.



\*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

Allt sem þú þarft ...







Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Guðrún Benedikta Helgadóttir

Pangbakka 8, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Breiðholti kirkju mánudaginn 19. febrúar kl. 15.00.

**Kolbrún Helga Hauksdóttir**  
**Eva Kristín Hreinsdóttir**  
**Örn Elvar Hreinsson**  
**Baldur Hreinsson**  
**Jónína Hreinsdóttir**  
**Pór Hreinsson**

**Jakob Jóhannsson**  
**Margrét Markúsdóttir**  
**Hildur Þorvaldsdóttir**  
**Albert Jón Sveinsson**  
**Fanný Björk Ástráðsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.



Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu, langalangömmu, systur og mágkonu,

### Þórunnar Ólafíu Kristbjargar Sigurðardóttur

(Þóru Sigurðardóttur)

Starfsfólki Vitatorgs á Hrafnistu í Reykjavík eru færðar sérstakar þakkir fyrir umhyggju og góða umönnun á undanförmum árum.

**Sigríður Pétursdóttir**  
**Þorgerður R. Pétursdóttir**  
**Gísli Pétursson**

**Jónas Már Ragnarsson**  
**Öyvind Glömmi**

**Rúna Pétursdóttir**  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn  
**Guðrún Sigurðardóttir**

**Bjarni Júlíus Einarsson**  
**Egill Lárusson**  
**Bragi Guðnason**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

### Kristínar Stefánsdóttur

hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Berjaríma 9.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki og Ólafi H. Samúelssyni lækni á Eir, 3. hæð norður, fyrir umhyggju og góða umönnun síðustu árin.

**Stefán Egilsson**  
**Kristín Ellý Egilsdóttir**  
**Hrafnhildur Egilsdóttir**  
**Elisabet Egilsdóttir**  
**Guðmunda Egilsdóttir**  
**Egill Kr. Egilsson**

**Grétar Baldursson**  
**Halldór Bergdal Baldursson**  
**Kristján V. Halldórsson**  
**Stefán Gísli Stefánsson**

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Svava Brynjólfssdóttir

áður til heimilis að Langagerði 28,

lést fimmtudaginn 15. febrúar sl. á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Boðarþingi. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

**Ómar Kristinsson**  
**Hörður Kristinsson**  
**Pálmi Kristinsson**  
**Svandís Kristinsdóttir**

**Kristinn Á. Guðjónsson**  
**Kristín Geirsdóttir**  
**Rut María Jóhannesdóttir**  
**Salóme Tynes**  
**Sveinn Bragason**  
**Reynir Holm**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

### Soffía Sigurjónsdóttir

Leirubakka 18, Reykjavík,

andaðist mánudaginn 12. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 27. febrúar kl. 13.00.

**Hafðís Bára Eiðsdóttir**  
**Ottó Eiður Eiðsson**  
**Björg Eiðsdóttir**  
**Sigurjón Eiðsson**  
**Bjarni Eiðsson**  
**Auður Eiðsdóttir**  
**Jón Helgi Eiðsson**  
**Kristinn Eiðsson**

**Jakob Friðþórsson**  
**Kolbrún Ólafsdóttir**  
**Birna Theódórsdóttir**  
**Sturla Birgisson**  
**Jóhanna Magnúsdóttir**  
**Ragnhildur Árnadóttir**

**Björg Guðmundsdóttir**  
**Þórunn Haraldsdóttir**  
ömmubörnin.

ÞETTA GERÐIST: 18. FEBRÚAR 2006

## Silvía Nótt sigraði í söngvakeppni

Lagið Til hamingju Ísland eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson sigraði með yfirburðum í hinni íslensku undankeppni fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva þennan dag árið 2006. Þar með var afraðið að það yrði fulltrúi Íslands í keppninni í Aþenu í Grikklandi. Hin uppstrílaða söngkona Silvía Nótt flutti lagið með tilþrifum en bak við gervi hennar leyndist leik- og söngkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir.

Til hamingju Ísland fékk yfir 70.000 atkvæði af þeim ríflega 100.000 sem greidd voru af íslensku þjóðinni. Þér við hlið, eftir Trausta Bjarnason, varð í 2. sæti og það verður eftir Hallgrím Óskarsson í 3. sæti.



Ágústa Eva Erlendsdóttir sem Silvía Nótt.



Þökkum auðsýnda samúð vegna andláts og jarðarfarar systur okkar,

### Stefaníu Ólafar Antoniusdóttur

Hjúkrunarheimilinu Hömrum.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki hjúkrunarheimilisins Hamra.

**Hanna S. Antoniusdóttir**  
**Anna Antoniusdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

### Rannveig Jónsdóttir

Sólheimum 23,

lést miðvikudaginn 14. febrúar á Landspítalanum Fossvogi. Útförin fer fram frá Langholtskirkju 27. febrúar kl. 13.00.

**Jón Gunnar Ottósson**  
**Gunnhildur Ottósdóttir**  
**Bryndís Ottósdóttir**  
**Guðbjörg Ottósdóttir**  
**Ari Viðar Jónsson**

**Margrét Frimannsdóttir**  
**Kristján Árni Baldvinsson**  
**Björg Guðrún Gísladóttir**

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

### Ólöf Sigríður Magnúsdóttir

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést fimmtudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju 22. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Dvalarheimilið Höfða.

**Ingibjörg J. Ingólfssdóttir**  
**Magnús F. Ingólfsson**  
**Kristrún Halla Ingólfssdóttir**  
og fjölskyldur.

**Hreinn Björnsson**  
**Hlíf Björnsdóttir**  
**Daníel R. Eliasson**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Guðjón Emilsson

Laxárhlið, Hrunamannahreppi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 12. febrúar. Útför fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 24. febrúar kl. 14.

**Sigríður Guðmundsdóttir**  
**Emil Guðjónsson**  
**Eyrún Guðjónsdóttir**  
**Guðmundur Guðjónsson**  
**Steinar Guðjónsson**

**Alma Guðmundsdóttir**  
**Berglind Bára Hansdóttir**  
**Hrónn Erlingsdóttir**

barnabörn og barnabarnabarn.



Okkar ástkæri vinur og frændi,

### Ingi Guðmundur Einarsson,

Framnesvegi 57,

lést 9. febrúar. Útför hans fer fram frá Bænhúsi Fossvogskirkju mánudaginn 19. febrúar kl. 15.

**F.h. aðstandenda,**  
**Pjetur Guðmundsson**



Þökkum sýndan hlýhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

### Sigurbjargar Jónsdóttur

Ljósheimum 18a.

**Sólveig Jóhannsdóttir**  
**Ásdís Jónsdóttir**

**Stefán Jónsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Jón Friðrik Zóphoniasson

frá Stokkseyri,

lést á dvalarheimilinu Sólvöllum Eyrarbakka þriðjudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju miðvikudaginn 21. febrúar kl. 14.00.

**Rannveig Hansína Jónsdóttir**  
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Marteinn Guðjónsson

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí, fimmtudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, föstudaginn 23. febrúar kl. 13.

**Guðjón Marteinnsson**  
**Hjörtur Marteinnsson**  
**Valur Þór Marteinnsson**

**Edda Guðgeirsdóttir**  
**Guðbjörg Lind Jónsdóttir**  
**Guðný Pálína Sæmundsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

### Katrín Jóhanna Gísladóttir

Skjólí v/Kleppsveg,

lést aðfaranótt 10. febrúar síðastliðins. Útförin fer fram frá Áskirkju 23. febrúar kl. 11.00.

**Þórunn Ísfeld**  
**Sigurfinnur**  
**Björk**

**Rúnar Bergs**  
tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Jón Gunnar Jóhannsson

vélfræðingur, Svalbarði 1, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 10. febrúar síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

**Unnur Jóhannsdóttir**

**Kristjana Júlía Jónsdóttir**  
**Berglind Jónsdóttir**  
**Hrafnhildur Martin**

**Kristján Þór Kristjánsson**  
**Patrick Martin**

barnabörn og barnabarnabörn.



# ÞAÐ ER ÓÞARFI AÐ BÍÐA Í MARGA MÁNUÐI



## HJÁ OKKUR FÆST ÓDÝRT 65\"/>SJÓNVARP TIL AFGREIÐSLU STRAX Í DAG

# UNITED

### United LED65X18

65" X18 sjónvarpið frá United er flott tæki fyrir þá sem vilja stóran skjá á viðráðanlegu verði. X18 er nýjasta kynslóð sjónvarps-tækja með 4K UHD 3840x2160 punkta upplausn og 3D Comb Filter ásamt 16W Virtual Surround hljóðkerfi. Með alla helstu tengimöguleika svo auðvelt er að tengja við heimabíó, leikjatölvur og fleira. Tryggðu þér eintak strax í dag.

United sjónvörp hafa verið seld í tugþúsundavís á Íslandi í yfir 20 ár. Aðalsmerki United er hagkvæm, einföld og endingargóð tæki á góðu verði.

**VERÐ**


**99.995**



**Heimplistæki** ht.is  
7 VERSLANIR UM LAND ALLT




# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

## FRÓÐLEIKSFÝSN



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast náttúruperla. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. febrúar næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „17.febrúar“.



### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Svo þú villist ekki í hverfinu hérna** eftir **Patrick Modiano** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hanna Dóra Pétursdóttir, Kópavogi**

Á Facebook-síðunni **Krossgatan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1 Rif tilskrifin og verðmætin með (11)
- 11 Tel andafækjurnar hamla blóðflæði (10)
- 12 Finn höfuð frjálsrar, ukrainskrar kvenréttindakonu (11)
- 13 Brenndum veldi manna á ýmsum yfirráðasvæðum (10)
- 14 Var með einni voða trekktri en kurteisri þó (11)
- 15 Skaust út sprutum og sprittaðir þá? (8)
- 16 Dreifbýlisspil fyrir fjóra í bændagistingu (11)
- 18 Ræð af orðum dráps-

- mannanna að þeir leiti hinna morðóðu námsmanna (11)
- 22 Brutum líkan og breyttum í gömul húsgögn (11)
- 24 Fór að gefa út bækur og halda upp á það (9)
- 26 Geymir moldin durg handa léttrugluðum lukkuhnoðrum? (10)
- 30 Nær þetta land yfir gjörvalla jörðina? (11)
- 31 Frystihúsið eða glerbangsinn? Þar liggur efinn (10)
- 32 Tekur friverslunarsamningur N-Ameríkukríkja á tauinu og mölkúlunum? (11)
- 36 Leita hjáveitu fyrir hland

- fótar (11)
- 38 Gras af silð eða loðnu (10)
- 39 Frir við gæslu og gát (11)
- 40 Held ég sjái ofsjónum yfir þínum síðasta stafrófhitt- ingi (6)
- 41 Aðeins þeir elska sýpriskj- arr (9)
- 42 Eru grímur góðar í fiskinet? (5)
- 43 Finn vorboða síður meðal fugla en röndóttra áttfætlna (8)

### LÓDRÉTT

- 1 Hef voða á stall og úr verður púðurtunna (11)
- 2 Vex úr grasi við volgrur (11)
- 3 Hefur búta á herðar sér, milli kraga og erma (11)
- 4 Gerðu áþján að veruleika (9)
- 5 Má vera verða sú sem gefur og hreyfir til? (7)
- 6 Byr mér næstum heimili til að njóta nándar (9)
- 7 Textabút var breytt í tvo, enda efnið upp og ofan (10)
- 8 Börn grísa út stíu grísa (8)
- 9 Grjótskel festist á full- þyngda netateina (8)

- 10 Kengrugluð fóru á Krókinn, þar fékk unginn öl (8)
- 17 Gleði guma er mikil á böllum þessara gleðigjafa (9)
- 19 Hef gefið henni heiti og ausið vatni vegna pappíra (13)
- 20 Skyldi sá dauðans bleiki komast heim? (7)
- 21 Skutla þú nú hjólsþikuðu holdanauti (7)
- 23 Viðsnúningur? Það væri róttæk breyting (7)
- 24 Innan við sjó er annar utar? (5)
- 25 Gapir vegna ringlaðra hús- dyra (5)
- 27 Svaka tryggingarþrep fyrir

- fellibylinn (10)
- 28 Heilmikill gauragangur og gort (9)
- 29 Svo nærri sanni að hann var næstum drepinn (10)
- 33 Þjóðsaga um pinulittinn erfðagrip (7)
- 34 Set fiskinn í breyttu töskuna (7)
- 35 Tekst vel að herma eftir öskugráum (7)
- 37 Jú, ránfuglar eru Íslend- ingar í Færeyjum (6)

### LÉTT

2	4			9				
9	6	7						5
		3		7				2
	7			8	2	5		
1			4			7		
3		4	7			8		
		1		6	3	2		7
			8		2	4	5	
						3	9	1

### MIDLUNGS

	9	2		1			6	5
7		4		5			1	
		6	8					2
			9	4				1
	6			5				4
				3	8		2	
8			3				5	
	2				7			
4	9							

### PUNG

4	5	1			9		8	
				8			7	9
3		7	4	9			1	
		2						9
				3		7		
			4		6	8		
				2	3		8	
7		9		5				1

### Skák Gunnar Björnsson



Capablanca átti leik gegn Bogoljubov í Nýju Jörvik árið 1924. Svartur á leik  
**1...Rxd4! 2. cxd4 H8xc5! 3. dxc5 Dxc5+ 4. Kf1 Hxc1 0-1.** Í dag hefst alþjóðlegt mót í Austurríki. Meðal keppenda er Jóhann Hjartarson. Það stýttist ódfuga í GAMMA Reykjavíkurskákamótið. Um 220 keppendur eru skráðir til leiks. [www.skak.is](http://www.skak.is): Nýjar skákfréttir

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3	4	8	1	5	7	2	6	9
7	6	9	4	2	8	5	1	3
1	2	5	6	3	9	4	7	8
2	3	6	5	4	1	8	9	7
8	5	7	2	9	3	6	4	1
9	1	4	7	8	6	3	2	5
4	9	2	3	1	5	7	8	6
6	8	3	9	7	2	1	5	4
5	7	1	8	6	4	9	3	2

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson Besta slemman

Reykjavíkurmótið í sveitakeppni fór fram um síðustu helgi. Kvóti Reykjavíkur í undankeppni Íslandsmóts er vanalega frekar mikill og í ár voru 14 sveitir með þátttökurétt. Þrettán sveitir tóku þátt í Reykjavíkurmótinu, þar af 2 gestasveitir sem kepptu ekki um réttinn. Því fengu allar sveitirnar, sem tóku þátt, réttinn til þess að spila í undankeppni Íslandsmóts. Það kom fáum á óvart að sveit Hótel Hamars hampaði Reykjavíkurmótið í árið 2017. Spilarar í sveitinni eru allir í

fremstu röð og hafa ansi oft endað í efsta sætinu í keppnum. Þó voru margar aðrar sterkar sveitir meðal keppenda. Sveit Hótel Hamars vann næsta örugglega með 191,79 stig. Spilarar í þeirri sveit voru Jón Baldursson-Sigurbjörn Haraldsson, Aðalsteinn Jörgensen-Matthias G. Þorvaldsson, Bjarni H. Einarsson-Sverrir Ármannsson. Sveit Vopna- bræðra endaði í öðru sætinu með 175,73 stig og sveit J.E. Skjanna í þriðja með 170,32 stig. Spil dagsins er úr næstsíðustu umferð mótsins.

**Norður**  
 ♠ K864  
 ♥ D64  
 ♦ ÁG5  
 ♣ 862

**Vestur**  
 ♠ D3  
 ♥ ÁKG93  
 ♦ K8  
 ♣ KD94

**Austur**  
 ♠ Á1075  
 ♥ 2  
 ♦ D973  
 ♣ ÁG53

**Suður**  
 ♠ G92  
 ♥ 10875  
 ♦ 10642  
 ♣ 107

Flestir AV-spilararnir enduðu í 3 gróndum sem var auðvelt að vinna. Tveir spilarar náðu ágætis samningi, 6 laufum. Ef hann er spilaður í vestur (bæði tilfelli), getur norður ekki hnekk samningnum með spaðaútpili með kónginn í litnum. Norður var gjafari og NS á hættu:

Trompin haga sér vel (3-2 lega) og hjartað einnig. Hægt er að trompa eitt hjarta og þá fríast liturinn því drottningin fellur. Eini slagur andstöðunnar verður á ásinn í tigli. Annað parið, sem fór í hálflemmu í laufi, stóð spilið, en hitt fór 1 niður. Þeir sem stóðu 6 lauf voru Guðmundur Baldursson og Steinberg Rikarðsson í sveit Logoflex sem hafnaði í 8. sæti í Reykjavíkurmótinu. Þeir fengu spaðaútspil sem var hleypt á drottninguna. Þegar það heppnaðist var spilið frekar auðvelt til vinnings. Þar sem lokasamningurinn var 6 grónd (1. borð) var árangurinn ekki vænlegur. 4 slagir til varnarinnar.





MJÚKÍS ÁRSINS 2018

# Mjúkís



— MED —  
SVÖRTU KREMKEXI

1L



Settu ljúffengan endapunkt við máltíðina með Mjúkís ársins 2018. Silkimjúkur ís og stökkar kexkökur með himneskri vanillukremfyllingu er blanda sem slær í gegn við öll tilefni.



## KRAKKAR


## Konráð <sup>289</sup> og félagar á ferð og flugi

„Þessi þraut er þannig að við eigum að reikna út táknið sem vantar,“ sagði Lísaloppa. „Reikna út?“ sagði Kata spyrjandi. „Það eru engir tölustafir til að reikna með, hvernig getum við þá reiknað þetta út?“

„Jú,“ sagði Lísaloppa. „Táknin í hverri línu lesið frá vinstri til hægri fylgja ákveðnu lögmáli. En það vantar eitt táknið og hvert af táknum A, B eða D passar í stað spurningamerkisins.“

Kata horfði tortryggin á dæmið nokkra stund. „Lögmáli! Mér litist nú betur á þrautina ef þetta væru bara tölustafir, en hver þremillinn, við hljótum að geta leyst þetta.“

Getur þú reiknað út hvaða táknið á að vera þar sem spurningamerkið er?



### Gátur

- Hvað er það sem er bæði úti og inni og ekkert hús getur án verið?
- Hver er það sem fer oft í vatnið án þess að verða blautur?
- Framan í hvern getur maður rekið tunguna án þess að vera ókurteis?
- Hvað er á milli fjalls og fjöru?
- Hver hleypur frá manni fótalaus?
- Ég þýt áfram og sá sem eltir mig getur aldrei náð mér. Hver er ég?



1. Dyr  
2. Skugginn  
3. Lækninn  
4. Ög  
5. Timinn  
6. Vindurinn

SVÖR:

Lausn á gátunni

### Lagið

Nú gaman, gaman er Svo bind ég skíði' á  
í góðu veðri' að leika sér fiman fót  
og fönnin hvít og hrein og flýg um mó og grjót.  
svo hvergi sér á stein. Húrra, húrra, húrra.  
Ó, já, húrra, tra la.

Jónas Jónasson



Briet er í Melaskóla og hefur gaman af myndmennt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ripp, Rapp og Rupp í uppáhaldi

Briet Magnea Snorradóttir segist líklega hafa lesið 900.000 Andrésblöð. Það bara hlýtur að vera því herbergið hennar er stúfyllt af myndasögnum góðu. Annars finnst henni mest varið í að leika við vinkonu sína og gæti hugsað sér að verða flugfreyja.

**Nafn:** Briet Magnea.

**Hljóðfæri eða eitthvað slíkt?** Ég æfi dans.

**Aldur:** 7 að verða 8.

**Í hvaða skóla ertu?** Melaskóla.

**Ég frétti að þú værir hrifin af Andrésar Andarblöðum, hefur þú lesið mörg?** Já, kannski 900.000

**Hver eru uppáhaldsfögin þín?** Myndmennt.

**Hver er uppáhaldssögupersónan þín í þeim sögum?** Ripp, Rapp og Rupp.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera heima hjá þér?** Leika við Elisabetu.

**Hvað gætir þú hugsað þér að starfa við þegar þú ert orðin stór?** Flugfreyja

**Hvaða áhugamál áttu?** Lesa Andrés Önd.

**Hvað varstu á öskudaginn?** Ekkert.

**Æfir þú íþróttir eða spilar þú á**



Eins og sjá má á Briet Magnea gott safn af myndasögunni um Andrés Önd og félagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**MILLJÓNIR GERA KONUDAGINN  
ENN RÓMANTÍSKARI**

**50**

**MILLJÓNIR**

**POTTURINN STEFNIR Í 50 MILLJÓNIR Í DAG**



**LEIKURINN OKKAR**



ÍSLENSK GETSPÁ  
Engjavegi 6, 104 Reykjavík  
Sími 580 2500 | [www.lotto.is](http://www.lotto.is)




Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Hæglætisveður á landinu í dag. Dálitil él með ströndum, en bjartara inn til landsins. Vægt frost.

## Heimurinn



## Reykjavík



## Ísafjörður



## Akureyri



## Egilsstaðir



## Kirkjubæjarklaustur



**30 ÁRA** 2018

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

**Flisabúðin**  
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

**ÖREIND** – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

**sart** SAMTÖK RÁFVERKTAKA

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Við höfum opnað glæsilegan fréttavef þar sem birtar verða nýjustu fréttir ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Fréttablaðið.is - stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ



# Áhugavert að sýna þessi verk í þessu samhengi

Það er sitthvað í höfundarverki Jóhannesar Kjarvals sem kemur skemmtilega á óvart og þar á meðal eru tengsl við kenningar franska heimspekingsins Bergson. Þessi tengsl eru á meðal þess sem Aldís Arnardóttir skoðar í sýningunni Líðandinn – la durée.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Aldís Arnardóttir á sýningunni Líðandinn – la durée á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sé samfella minninga fortíðarinnar sem framlengist inn í nútíðina og þetta er á meðal þeirra kenninga sem framúrstefnumenn sóttu í á þessum tíma.

Aldís segir að eitthvað hafi Kjarval sótt í þetta á þessum tíma. „Á þessum tíma var hann að kynna sér framúrstefnu og fútúristar og kúbistar sóttu í þessar hugmyndir Bergson, en tóku bara upp það sem þeim hentaði af hans kenningum. Kjarval kynnir sér þeirra verk og verður fyrir áhrifum frá þeim strax í upphafi ferilsins þegar hann fer til London í lok árs 1911. Þá er hann að lesa um þessar farandsýningar fútúrista og skrifaði niður sínar hugleiðingar um þetta. Auk þess þá þekkti hann doktor Guðmund Finnbogason sem lærði hjá Bergson einn vetur og hélt seinna fyrirlestra hér heima um heimspekileg málefni. Kjarval náði sér meira að segja í bækur Bergson í danskri þýðingu og þær eru til í safnkosti Listasafns Reykjavíkur.“

Aldís segir að það sé mjög forvitnilegt að skoða verk Kjarvals frá þessum tíma í þessu ljósi. „Það leynir sér ekkert að hann var að skoða þetta en hann nálgast þetta líka alltaf með sínum gleraugum. Hann tekur aldrei hlutina beint upp heldur tekur upp ákveðin áhrif sem hann svo blandar við sínar hugmyndir. Þannig að það verður alltaf úr þessu eitthvað sem við getum kallað mjög kjarvalskt. Og þó hann hafi verið að kynna sér þetta þá var hann á sama tíma jafnvel að skoða aðra hluti og maður sér

í þessum myndum að hann þreifir á mörgu á sama tíma. En þessi þáttur í list Kjarvals hefur ekkert mikið verið dreginn fram þannig að mér fannst áhugavert að fá að sýna þessi verk og gera það í þessu samhengi.“

listfræðingur og sýningarstjóri

essi sýning er ekki síst óvenjuleg fyrir það að þarna er mikið af verkum Kjarvals sem hafa ekki verið sýnd áður,“ segir Aldís Arnardóttir, listfræðingur og sýningarstjóri sýningarinnar Líðandinn – la durée á Kjarvalsstöðum. Aldís segir að á sýningunni sé mikið af verkum frá fyrri hluta ferils Jóhannesar Kjarvals og mörg hver séu frá því fyrir 1930 en þó líka eitthvað um nýrri verk. „Reyndar valdi ég inn á þessa sýningu nokkuð af verkum sem Kjarval er minna þekktur fyrir. Það eru þarna túsverk og skissur af hvítasunnudegi og fleiri verk frá þessum tíma sem hafa ekki sést áður saman.“

Líðandinn – la durée, vísar í kenningar franska heimspekingsins Henri Bergson (1851-1941) sem var mjög þekktur í upphafi tuttugustu aldar. Kenningar Bergson um líðandina (la durée) og lífsþróttinn (élan vital) mynduðu grunninn að því sem kallast bergsonísk fagurfræði en eitt af því sem hann velti mikið fyrir sér var tímaskynjun mannsins. Bergson setti fram hugmyndir um tímann sem útreiknanlegan og mælanlegan en einnig sálfræðilegan, innri tíma; líðandi. Það er sá tími sem maðurinn skynjar sem samfelld flæði. Bergson útskýrir líðandina þannig að lífið



Kjarval, Mynd, 1929.

þetta finlega mynstur yfir náttúruna. Þar sér maður að það eimir af þessum áhrifum og það gerir það allan ferilinn þó svo að hann takist á við það með öðrum hætti en hann gerði í upphafi ferilsins. Seinna á ferlinum



Kjarval, Úsýnisgeil, 1927-28.

varð hann svo mjög þekktur fyrir myndaraðir þar sem hann endurtekur sama stæðið í sífellu, hann átti sín uppáhalds málarastræði sem hann sótti í, og ef maður hugsar um það í samhengi við Bergson þá erum við einmitt aldrei að gera sömu myndina. Það verður alltaf einhver breyting á milli og þá kemur inn þess tímahugsun, þessi líðandi, frá Bergson og það má tengja það við þessi verk þar sem Kjarval endurtók sama stæðið. Þetta er svona dæmigert fyrir það hvernig hann tók ákveðnar hugmyndir og vann svo með þær á sínum eigin forsendum.“

22.–24. febrúar

## Kynnntu þér listnámið — Sjálfstæðu listaskólana

Klassíski listdansskólinn

Kvikmyndaskóli Íslands

Ljósmyndaskólinn

Menntaskóli í tónlist

Myndlistaskólinn á Akureyri

Myndlistaskólinn í Reykjavík

Söngskólinn í Reykjavík

Söngskóli Sigurðar Demetz

Nánari upplýsingar má finna inná [www.listaskolar.is](http://www.listaskolar.is)

Vertu velkomin á kynningardaga skólanna



# Kaka ársins 2018



Verð  
3200 kr. -



[www.bjornsbakari.is](http://www.bjornsbakari.is)

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

.....  
Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
Fálkagata 18



# Það hlýtur bara að vera eitthvað í vatninu hérna

**List í ljósi er listahátíð á Seyðisfirði þar sem ljósið er í öndvegi. Sesselja Hlín Jónasardóttir er önnur af skipuleggjendum hátíðarinnar og hún segir stuðning bæjarbúa ómetanlegan.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Verk eftir Ómar Bogason á List í ljósi á síðasta ári.

List í ljósi er listahátíð sem er haldin á Seyðisfirði og stendur nú sem hæst. Hátíðin er haldin nánast alfarið utandyra og dreifist víðsvegar um miðbæ Seyðisfjarðar. Sesselja Hlín Jónasardóttir, önnur af forsvarskonum hátíðarinnar ásamt Celiu Harrison, segir að mikið sé lagt í það af hálfu bæjarbúa að vel takist til við hátíðina. „Við slökkvum öll ljós og íbúarnir slökkva heima hjá sér þannig að bærinn er fyrst í algjöru myrkri en svo lýsum við hann upp með listaverkum. Þannig að þetta er alveg sérstaklega falleg hátíð sem er haldin til þess að fagna

komu sólarinnar eftir fjóra mánuði án hennar.“

Þetta er þriðja árið sem hátíðin er haldin og Sesselja segir að það hafi allt frá upphafi gengið mjög vel og að listamennirnir komi víða að. „Við erum með listamenn frá Nýja-Sjálandi, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Þýskalandi og þannig mætti áfram telja ásamt þeim íslensku listamönnum sem koma til þess að taka þátt. Fyrir árið fengum við um 200 umsóknir og við erum alveg ótrúlega glöð yfir þessum mikla áhuga listamanna á því að taka þátt í hátíðinni en það þarf kannski ekki að koma á óvart að það sé eftirsóknarvert að koma



Celia Harrison og Sesselja Hlín Jónasardóttir, skipuleggjendur Listar í ljósi.

til Seyðisfjarðar enda óvída viðlíka fallegt og gott að vera. Þessi hátíð á þessum stað er sannarlega falin perla fyrir listamenn því þegar það er búið að slökkva ljósin í bænum þá fá verkin að njóta sín í svo algjöru myrkri án allrar ljósmengunar sem væri einfaldlega ekki hægt að losna við í stærri bæ. Þannig að fyrir bæði listamenn og gesti hátíðarinnar er þetta frábær upplifun.

Alveg frá upphafi hefur ljós og hreyfing legið til grundvallar í öllum verkum og það skapar mikla sérstöðu fyrir hátíðina og gerir hana mjög svo eftirsóknarverða,“ segir Sesselja. Hún bætir við að það sé þeim mikilvægt hvað bæjarbúar hafa allt frá upphafi verið duglegir við að bæði njóta hátíðarinnar og taka virkan þátt. „Það væri einfaldlega ekki hægt að halda þessari hátíð úti án þessa samfélags, án þessa dásamlega fólks sem er að koma með kökur til okkar til þess að setja smá sykur í kroppinn og halda okkur gangandi. Það er líka talað um þessa hátíð allt árið og við finnum vel hvað fólk hlakkar mikið til. Við finnum að bæjarbúum finnst að þeir eigi þessa hátíð og það er alveg dásamlegt, nákvæmlega það sem stefnt var að. Þessi stuðningur bæjarins og íbúanna er okkur ómetanlegur.“

En hvað veldur þessum mikla krafti í lista- og menningarlífinu á Seyðisfirði? „Ég veit það ekki, það hlýtur bara að vera eitthvað í vatninu hérna. Hér er allt iðandi í menningu og það er hvergi skemmtilegra að búa en á Seyðisfirði.“

## HÖRKUTÓL SEM ENDIST



2018



LARAMIE SPORT

TIL AFGREIÐSLU STRAX  
RAM 3500 LIMITED, LARAMIE  
OG SLT ÁRGERÐ 2018

VERÐ FRÁ KR.  
**5.960.000 ÁN VSK.**  
KR. 7.390.400 MEÐ VSK.

BJÓÐUM UPP Á 35" TIL 40"  
BREYTINGARPAKKA.



40" BREYTTUR LIMITED



## Blása dönsku lífi í norrænu goðin með Einari Kára

Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Silfurbergi, Hörpu, í dag kl. 16. Flutt verður verkið Ferðin til Valhalla eftir danska tónskáldið, stjórnandann og básúnuleikarann Steen Hansen. Sigurður Flosason, forsvarsaður Stórsveitarinnar, segir að það sé mikill fengur í komu Steens. „Þetta er áhugaverður höfundur og einn af fremstu básúnuleikurum Dana um áráradir. Maður sem starfaði lengi vel í hinni virtu Stórsveit danska ríkisútvarpsins í Kaupmannahöfn,

Danmarks Radio Big Band, og stjórnaði hljómsveitinni oft.“

Verkið sem sveitin ætlar að flytja undir stjórn Steens Hansen er í níu þáttum þar sem segir í kynngimögnuðum tónum frá helstu persónum hinnar norrænu goðafræði; Óðni, Þór, Loka, Freyju og fleirum. „Þetta stendur okkur Íslendingum nærri og Steen er svona að leitast við að draga fram persónuleika guðanna í hverjum kafla fyrir sig. Punkturinn yfir i-ið er svo að kynni og sögu- maður á tónleikunum verður Einar

Kárason og hann ætlar að segja frá þessum góðu guðum. Þegar Einar talar um guðina þá verðum við öll áheyrndur og við hlökkum til að heyra það sem hann hefur að segja.“

Sigurður segir að það sé heillandi hversu fjölbreytt þessi tónlist er. „Þessi tónlist fer mjög víða. Er bæði aðgengileg og notaleg en svo er hún líka framsækni og hress. Þetta er málað í fjölbreytilegum litum.“ Þess má geta að tónleikarnir fara fram á afmælisdegi Stórsveitarinnar en hún fagnar 27 ára afmæli í dag. – mg



Stórsveit Reykjavíkur klár í afmælistónleikana.



„Við hlæjum mikið öll þrjú því það er gaman hjá okkur,“ segir Sigrún sem stendur milli þeirra Codispoti og Bryndísar Höllu.


### Algert draumatrío

Við erum að spila ofsalega fallegt Brahms-trío, ópus 87 í C-dúr. Ég hef ekki spilað það áður en það er algert draumatrío,“ segir Sigrún Eðvaldsdóttir fiðuleikari um tónleika Kammermúsíklúbsins í Norðurljósasal Hörpu á sunnudaginn klukkan 17. Heldur svo áfram að dásama Brahms, segir hann draumatónskáld hljóðfæraleikara og kammermúsíkanta. „Við köllum hann Djúsi! Hann er svo safaríkur og yndislegur. Þetta trío minnir dálítið á sínfónurnar hans, það er risastórt og kaflarnir svo voldugir.“

### ÞETTA VERKEFNI VEKUR OKKUR DÁLÍTIÐ TIL LÍFSINS.

Sjostakovítsj er á dagskrá eftir hlé. Sigrún lýsir verki hans svo: „Þetta er fræga tríóið hans, ópus 67. „Það er skrifað til minningar bæði um vin hans, sem lést 41 árs gamall og líka fórnarlömb stríðsins og þá sérstaklega gyðinga. Hann tileinkar verkið þessum atburðum og maður finnur það og heyrir. Það tekur á að spila það en þetta er meiriháttar tónlist.“

Með Sigrúnu spila þau Domenico Codispoti á píanó og Bryndís Halla Gylfadóttir á selló. „Það er ofsalega gaman að spila með Bryndísi Höllu og Domenico. Við höfum spilað saman áður og erum alltaf að leita að nafni á okkur en finnum það ekki ennþá. Domenico býr á Spáni en kom oft og hélt einleikstónleika áður fyrr og hann náði okkur og við honum. Svo hefur hann spilað með Símfó. Hann á fimm mánaða gamlan strák, hrikalega sætan og líkan pabba sínum. Við Bryndís Halla þekkjumst svo vel að við þurfum lítið að tala saman um tónlistina. Við hlæjum hins vegar mikið öll þrjú því það er gaman hjá okkur og þetta verkefni vekur okkur dálítið til lífsins. Við ætlum að halda áfram að spila saman og reyna að finna okkur nafn!“



# Vilt þú hafa áhrif á samfélagið?

Í komandi sveitarstjórnarkosningum velja kjósendur fólk til að stýra nærumhverfi okkar um land allt. Vilt þú vera í þeim hópi sem tekur ákvarðanir um skólana, leikskólana, málefni aldraðra, gangstéttarnar, snjómoksturinn, þjónustu við fatlaða, sundlaugar, íþróttastarfið og alla hina þjónustuna sem sveitarfélögin veita?

Viðreisn er frjálslyndur, alþjóðasinnaður og jafnréttissinnaður flokkur. Við viljum frjálst og opið samfélag þar sem hagsmunir almennings eru í fyrirrúmi.

Viðreisn leitar að kraftmiklum, jákvæðum, traustum og heiðarlegum einstaklingum sem vilja slást í hópinn og taka þátt í framboðum flokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Áhersla er lögð á að á framboðslistum Viðreisnar verði fólk með fjölbreytta reynslu og þekkingu. Konum og körlum er skipað jafnt til sætis á framboðslistum Viðreisnar. Í einhverjum tilvikum munu fulltrúar Viðreisnar taka þátt í sameiginlegum framboðslistum með öðrum stjórn málaöflum.

Sérstaklega er leitað að fólki í eftirfarandi sveitarfélögum:

Reykjavík  
Kópavogi  
Hafnarfirði  
Akureyri  
Reykjanesbæ  
Garðabæ  
Mosfellsbæ  
Árborg  
Akranesi  
Seltjarnarnesi  
Ísafjarðabæ

Við tökum fólki víðar um landið að sjálfsögðu fagnandi. Ef þú átt samleið með okkur og ert tilbúin/-n að leggja krafta þína og metnað í starfið, hafðu þá endilega samband með því að senda tölvupóst á [egvilveramed@vidreisn.is](mailto:egvilveramed@vidreisn.is).

Við leitum líka að fólki sem vill hjálpa til við að byggja upp öflugan flokk og taka þátt í komandi kosningabaráttu. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu Viðreisnar að Ármúla 42 í Reykjavík í síma 415 3700 eða með því að senda tölvupóst á [vidreisn@vidreisn.is](mailto:vidreisn@vidreisn.is).



**LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus -

**COCA COLA** **5%** **mid.is** Miðsala og nánni upplýsingar

**BLACK PANTHER** Sýnd kl. 5, 7.50, 10.35

**FIFTY SHADES FREED** Sýnd kl. 8, 10.15

**MOLLY'S GAME** Sýnd kl. 7.50

**MAZE RUNNER** Sýnd kl. 10.30

**PADDINGTON 2** Sýnd kl. 1.40, 2.30, 3.50, 5.35

**THE SHAPE OF WATER** Sýnd kl. 2, 3.50, 6

**ÓDYRT Í BÍÓ**  
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS UM HELGINA.  
ATH! TILBOÐSSÝNINGAR ERU MERKTAR MEÐ RAUÐU.

**SAMBÍÓINN SAMBIO.IS** KAPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**BLACK PANTHER** 98% **THE SHAPE OF WATER** 92%

**BLING** Sýnd með íslensku tali. **DARKEST HOUR** 6 ÓSKARS-TILNEFNINGAR

**ALFABAKKA** **EGILSHÖLL** **KRINGLUNNI** **KEFLAVÍK** **AKUREYRI**

BLACK PANTHER 2D	KL. 2-5-8-10:50	BLACK PANTHER 3D	KL. 1-6-9	BLACK PANTHER 3D	KL. 1:40-4:40-7:30-10:20
BLACK PANTHER 2D VIP	KL. 2-5-8-10:50	BLACK PANTHER 2D	KL. 2-3-5-8-10:45	BLING ÍSL TAL	KL. 1:30-3:30
BLING ÍSL TAL	KL. 1-1:30-3:40-6	BLING ÍSL TAL	KL. 1-4-5:50	DARKEST HOUR	KL. 2:20-5-7:40-10:20
THE SHAPE OF WATER	KL. 5:20-8-10:30	THE 15:17 TO PARIS	KL. 5:50-8-10:10	THE POST	KL. 5:30-8-10:30
THE 15:17 TO PARIS	KL. 8:30-10:50	WINCHESTER	KL. 10:35	BLACK PANTHER 3D	KL. 4:40-7:30-10:20
FIFTY SHADES FREED	KL. 5:40-8-10:20	DARKEST HOUR	KL. 8	BLING ÍSL TAL	KL. 1:30-3:30
DEN OF THIEVES	KL. 8-10:50	ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL	KL. (1-3:30) (SUN)	THE SHAPE OF WATER	KL. 7:30
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL	KL. 1-4	STAR WARS 2D	KL. 5:20	FIFTY SHADES FREED	KL. 10
STAR WARS 2D	KL. 5:20	BLACK PANTHER 3D	KL. 1:50-4:40-7:30-10:20	LÓI	KL. 2-5:30
COCO ÍSL TAL	KL. 1:30-3	BLING ÍSL TAL	KL. 2-4-6		
COCO PÓLSKT TAL	KL. 3	THE 15:17 TO PARIS	KL. 8		
		WINCHESTER	KL. 10:20		

**SPARBÍÓ** MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSÍNUGULU KR. 1250 Á GRÆNU OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULTU

**Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur**

hvar@frettabladid.is

**17. FEBRÚAR 2018**

**Tónlist**

**Hvað?** Askja Cello Ensemble  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu  
Askja Ensemble kemur fram í fyrsta sinn í Mengi. Á efnisskrá eru íslensk þjóðlög í útsetningu Páls Einarssonar fyrir selló. Lög eins og Sveitin mín, Smávinir fagrir, Litill fugl og Heyr himna smiður.

**Hvað?** Stórsveit Reykjavíkur – Ferðin til Valhallar  
**Hvenær?** 16.00  
**Hvar?** Silfurbergi, Hörpu  
Flutt verður verkið „Ferðin til Valhallar“ eftir danska tónskáldið, stjórnandann og básúnuleikarann Steen Hansen. Um er að ræða svítu í níu þáttum þar sem segir í kynngimögnuðum tönnum frá helstu persónum hinnar norrænu goðafræði; Óðni, Þór, Loka, Freyju og fleirum. Kynnir og sögumaður verður Einar Kárasen en Steen Hansen stjórnar.

**Viðburðir**

**Hvað?** Fjölskyldustundin Barbara ferðalangur – teiknismiðja fyrir alla fjölskylduna  
**Hvenær?** 13.00  
**Hvar?** Gerðarsafni  
Barnabókateiknarinn Barbara Árnason er uppspretta vanga-veltna um ferðalanginn en sjálf fluttist Barbara til Íslands frá



Það verður draugasmiðja fyrir börnin í Listasafni Íslands.

Bretlandi árið 1937. Þátttakendur vinna út frá eigin sögum og teikningum um ferðalög og fjarlæg lönd. Smiðjan verður óháð tungumáli og er ætluð allri fjölskyldunni. Leiðbeinendur tala pólsku, íslensku, arabísku, frönsku, ensku og þýsku og er markmiðið að byggja upp samskipti þvert á tungumál og menningarheima. Verkefnið er styrkt af nefnd um fullveldisafmæli Íslendinga.

**Hvað?** Draugasmiðja

**Hvenær?** 13.00  
**Hvar?** Listasafni Íslands  
Í tengslum við sýninguna, Korri-ró og dillidó – Þjóðsagnamyndir Ásgrims Jónssonar. Draugasmiðjan er hugsuð fyrir forvitin og fróðleiksfús börn á aldrinum 5 til 8 ára. Í draugasmiðjunni fá börn tækifæri til að semja og myndskreyta eigin draugasögur. Sagðar verða spennandi draugasögur og börnin munu fræðast almennt um drauga og eðli þeirra. Síðast en ekki síst munu þau læra að bregðast við ef draugur reynir að tala við þau.

**Hvað?** Konudagsball  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Danshöllinni, Drafnarfelli  
Konudagsball í kvöld, veitingar í hléi. Við tveir frá Selfossi spila og gott að æfa sporin hjá þeim. Allir velkomnir.

**Hvað?** Rúri – kynning á nokkrum verkum  
**Hvenær?** 14.00  
**Hvar?** Listasafni Árnesinga, Hveragerði  
Rúri sýnir myndir og vídeó af verkum sem snerta samtímann og ræðir við gesti um þau, en Rúri dvelur um þessar mundir í listamannahúsinu Varmahlíð í Hveragerði.

**Sýningar**

**Hvað?** Sýningarlok – Erlingur Páll Ingvarsson: Birting  
**Hvenær?** 09.00  
**Hvar?** Hallgrímskirkju  
Sýningu Erlings Páls Ingvarssonar „Birting“ í Hallgrímskirkju lýkur á sunnudaginn.

**Sunnudagur**

**Viðburðir**

**Hvað?** Tangó praktika Tangóævintýrafélagsins  
**Hvenær?** 17.30  
**Hvar?** Hressó, Austurstræti  
Svana Vals er Dj kvöldsins auk þess að sjá um leiðsögn í argentínskum tangó. Allir velkomnir, jafnt þeir sem vilja bara kynna sér argentínskan tangó sem og byrjendur og lengra komnir. Aðgangseyrir kr. 700.

**Hvað?** Dansnámskeið í gömlu dönsunum  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Danshöllinni, Drafnarfelli

**SAMBÍÓINN SAMBIO.IS**

**BLING** **ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM** **COCO**

**SPARBÍÓ** MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1250 Á GRÆNU OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULTU

**BIO PARADIS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Óþekkti hermaðurinn.....17:30, 20:00  
